



Smáðögur.

Safnад og íslenzkad hefur
P. Pjetursson, Dr.

Utgessandi:
Gíðar Þórdarson í Reykjavík.

1859.

Íslenskum

útgáfusins eru komnar
á meðfærilegum sér

Prentadar í Reykjavík 1859. E. Þórdarson.

Eptir tilmælum útgefandans, herra G. Þórdarsonar, forstöðumanns prentsmidju Íslands, hef jeg safnad og snúid á íslenzku smásögum þeim, sem hjer koma fyrir almennings-sjónir. Þid þetta verk hef jeg einkum látid mjer annt um, ad velja helzt hær sögur, sem bædi væru skemmtilegar og þannig lagadar, ad hær jafnframt gætu vakað góðar tilfinningar og hugsanir hjá lesendum, og sjer í lagi hjá unglingum,

Jeg leyfi mjer ad geta þess, ad blærinn á frá-søgunni um Fríðrik mikla í Schlesiu, er ef til vill, nokkud frábrugdinn hinu sögulega orðsæri, sem menn hjer almennt eru vanastir vid, en ad hann er algengur erlendis, og á ad mida til, ad gjøra útskýringu heirra vidburda, sem verid er ad segja frá, fjorugri og skilmerfilegri, med því ad leida lesendum allt sem bezt fyrir sjónir. Þad hefði naumast farid vel á því, ad stytta meir þessa frá-søgu, sem ad efninu til þykir merfileg.

Jeg óska, ad frásögur þessar geti ordid lesendum til dœgrastyttingar, og studlad til, ad glæða áhuga á því, sem er gott og sagurt og eptirbreytnisvert, og í stuttu máli, ad bæklingurinn verdi svo heppinn, ad ná hylli góðra manna.

P. Þjetursson.

1. Hjónaást.

Gleónóra Kristín, dóttir Kristjáns konungs 4., var ekki nema 7 vетра, þegar hún eptir undirlagi födur sínsl losadist Korsíz Úlfeld, sem var danskur herramáður, og, þegar þetta gjördist, hirdsveinn konungs. Þegar hún var 12 ára, beiddi hennar fursti nokkur í Sáxen. Var þetta álitlegra gjaford, og er þád hald manna, ad konungi hafi snúizt hugur, og ad hann hafi viljad fá hana til ad taka því. Sagðan segir líka, ad margir hafi eggjad hana á þád. En þó hún væri svo ung, þegar hún losadist Úlfeld, ad þád megi med sanni segja, ad adrir gjördu þetta fremur syrir hennar hond, en hún sjálf, vildi hún þó med engu móti rjúfa þessi heit sín, heldur hjelt þau vel og dyggilega til daudadags. Þegar hún var 15 vетра, giptist hún Úlfeld og unni honum hugástum, og virti hann mjøg. Medan Kristján konungur, sadir hennar, lisdi, gekk henni allt ad óskum, því Úlfeld var þá i mestu metum, og ófundarmönnum hans gafst ekki færi á, ad áreita hann, enda bar þá ekki á brádlyndi og ofstopa hans. En eptir fráfall þessa konungs vart hann ofsamadur mikill, og notudu óvinir hans sjer þád, til ad skada hann og steypa honum. Hann

vildi hesna sín; en í stad þess, ad hesna sín á einstökum mónum, var hann svo óforþjáll, ad verda landrádamadur. Upp frá því ratadi hann í margar raunir, var hvergi óhultur um líf sitt, heldur ýmist rekinn í útlegð eda settur í fangelsi, og dó síðast í aumlegu ástandi. Gleónóra Kristín var, eins og nærri má geta um konungsdóttur, uppalin í hogli, og hesdi getad átt náduga daga, hesdi hún verid fyrr eptir í Danmörku, þegar Úlfeld flúdi þadan. En hún matti þad mest af öllu, ad bera blítt og strítt med manni sínum, og láta eitt yfir þau bædi ganga. Hún fylgdi honum hvertvætna, bædi i útlegð og fangelsi, og vildi heldur leggja allt i sölurnar, en yfirgefa hann. Svo bar vid einu sinni, ad hann á flóttu sínum komst í mikla hættu, og vard ad fara huldu høfdi, svo hann þekktist ekki; þá tók hún á sig karlmannaþuning, til þess ad geta verid hjá honum og þjónad honum.

Í ódru finni var hann grunadur um, ad hann skrifadist leynilega á vid óvini Sviakonungs, og setti konungur nefud manna til ad rannsaka málid, en hann þóttist ekki geta mætt sjálfur sökum veikinda; þá mætti hún í hans stad, og sluttí mál hans med þvílikri einurd og hollustu, ad dómendurnir dœmdu hann sýknan saka, og stadfesti konungur hann dóm.

Þessi stöduga tryggð hennar vid manni sinn

vard henni fullkeypt, jafnvel eptir dauda hans, því ad hún vard ad sitja 23 ár í hórdu fangelsi. En þó idradi hana þess aldrei, hversu mikil mótlæti sem hún vard ad þola, heldur var þad þvert á móti huggun hennar í raunum sínum, ad hún jafnan hafdi rælt skyldur sínar vid mann sinn.

Þad vard aldrei sannad, ad hún hefði nokkurn tíma verid í vitordi med manni sínum um þau landráð, sem hann var sakadur um. Efti finnaðst heldur nokkrar líkur til þess, ad samlyndi heirra hafi sprottid af þess konar samkomulagi. Þvert á móti má þad af öllu ráda, ad hún liet sjer eingöngu stjórna af trýggd og hollustu vid mann sinn. Æd minnsta kosti verdur efti annad sjed af hinu stutta ágripi af æfisøgu hennar, er hún tók saman síðustu árin, sem hún lífði, því ad hún talar þar um mann sinn med hinni mestu virdingu, og um hollustu sína vid hann eins og sjálssagda skyldu. Þar kemst hún medal annars þannig ad orði: „Manninum mínum sáluga þóknadist, ad fara med mig og börn okkar til Hollands, og þad var tilefni til ógæfu okkar. Gud veit, ad mjer var þetta móti skapi; en af því jeg ætid ihugadi skyldu mína, fór jeg med honum af hlyðni“. Á örðrum stað talar hún um, þegar hún í síðasta sinni sá mann sinn, og fer þar um svofelldum ordum: „Pegar madurinn minn síðast kvæddi mig í Amsterdam, sagdi hann: „Þú hefur verid mjer ástrík kona alla okkar samverutíð;

borid med mjer mótlætid med þolinmædi, rádid mjer heilt i vandamálum, og elskad mig eins i eynd og volædi. Nú skiljum vid"". Jeg svaradi honum grátandi, og svarid kom frá hjarta mínu, sem var fullt af elsku til hans".

Eleónóra Kristín var ad ódru leytti gædd ágætum eiginlegleikum. Af náttúrunni hafdi hún þegid afbragðs-greind og vitsmuni, og lagdi sig sjálf eptir visindum. Í afnvel eptir ad hún var gipt, lærði hún latinu, spánversku og ítolfsku. Bædi í þessum málum og ódrum visindagreinum fjekk hún tilsgogn hjá manni sinum, því ad hann var líka mjög skarpur madur og vel ad sjer; og hafa þessar frábæru gáfur og bólsýsi beggja án efa hjálpað til, ad binda enn fastar ástarinnar og vináttunnar bond milli þessara hjóna.

Pad var Kristjáni konungi 5. ad þakka, ad merkisþona þessi losadist úr hinu harða fangelsi, sem hún hafdi svo lengi setid í. Hann fjekk henni slotid Maribó til ibúðar, og gaf henni 1500 dali á hverju ári, medan hún lífði.

2. Þarnaást.

Í keisaradæminu Kína, sem er eitthvert hidvidlendasta ríki í öllum heimi, eru þad lög, ad embættismadur sá skuli missa bádar hendur, sem viljandi fargar allsherjarsje. Einu finni gjordi einn af hinum lægri embættismönnum sig sekan í þess

konar afbroti, og átti því ad sæta þessari grimmilegu hegningu. En dóttir hans herti upp hugann, og fór á fund keisarans, til ad bidja fóður sínum vægdar. Med djúpri lotningu fastadi hún sjer flatri nidur syrir fætur keisarans og mælti: „Teg ber ekki á móti því, mildasti herra! ad vesalings-sadir minn hefur unnið til hegningar; og ad hann eptir fyrirmælum laganna á ad missa hendurnar. Þær eru hjerna“! og um leid, og hún sagdi þetta, tók hún af sjer vetlingana, rjetti fram hendurnar og mælti: „Já, mikli og voldugi keisari! vesalings-sadir minn á bádar þessar hendur; þær eru ómytar til ad vinna syrir heimili hans; takid þær því; en leyfid einungis, ad hanu megi halda sínum hondum, því ad med heim færir hann fram afa minn, brædur mína, systur minar og mig“.

Keisarinn komst vid af þessari barnaást, og gaf fóður stúlkunnar upp hegninguna.

3. Praskóvia.

Í Rússlandi var einu sinni göfugur madur, sem hjet Lopouloff. Hann gjørði eitthvad á hluta Rússakeisara, en ekki er þess getid, hvad þad var, svo ad keisarinn rak hann í útlegd til Siberiu, ásamt konu hans og litilli dóttur.

Siberia er kalt eyðiland nordan til i austurálfunni, og eru þangad morg hundrud mílur vegar frá Pjetursborg, sem er höfuðstadur Rússlands.

Lopoullof og kona hans undu þar mjög illa hag sinum, því ad þau höfdu ordid ad yfirgefa alla vini og vandamenn, og lífdu einmana og ókunnug í þessu hrjóstuga landi. Dóttir heirra, sem hjet Braskóvia, ólst upp í eydimörk þessari, þangad til hún var finnítán vetrar gomul; hún var foreldrum sinum þeck og hlyðin, og unni heim hugástum; þess vegna var henni mestra raun ad því, ad sjá þá jafnan óglada og sorgbitna. Einhvern dag sá hún, ad fadir hennar var venju fremur stúrinn, og ad módir hennar hafdi grátid; þá sagdi hún vid þau: „Elsku-foreldrar minir! af hverju liggar svona illa á ykkur; segid níjer, hvad ad ykkur gengur; mig langar til ad vita, hvort jeg get ekki hjálpad til ad bæta úr því“. Módirin kysssti Braskóviu og sagdi: „Jeg skal gjarnan segja þer frá, hvernig á ógæfu ofkar stendur, barnið mitt gott! þó þú getir ekki bætt úr henni. Ædur áttum vid heima í Þjóðurborg, og þar leid ofkur vel, því ad vid höfdu nóg esni og áttum marga vini og vandamenn; en keisariun reiddist ofkur, og sendi ofkur til þessara fjarlægu óbyggda. Hjer erum vid fátæk, aum og einmana, og þess vegna erum vid svo sorgbitin“. „Módir minn góð!“ svaradi Braskóvia, „láttu mig fara til keisarans; jeg ætla ad segja honum, ad fadir minn sje saklaus, og ad þú eigr svo bágt og sjert svo stúrin, og bidja hann, ad losa ofkur öllum ad snúa aptur til Þjóðurborgar. Þú hefur sagt níjer, ad keisarinn

væri mildur og góður, og því mun hann ekki sýnja um þessá bón, sem er svo sanngjarnleg". Foreldrar Braskóviú af stungu þad fyrst med óllu, ad hún færi þessá ferd á fund keisarans; en hún bad um þad svo opt og innilega, ad þau lofs gáfu leyfi sitt til þess, en voru þó kvíðafull og angur-vær af, ad hugsa til þess, hvílikar hættur og þrautir hún yrði ad hola á leidinni. Þin unga stúlka bjó sig nú til ferdar; hún átti langa leid sýrir hondum og vard ad fara fótgangandi; engan hafdi hún sjer til fylgdar, og engan farareyri, og því var þad ekki furda, þótt hún væri med þungum hug, þegar hún hugsadi til ferdarinnar; en hún bad gud innilega um vernd og adstod, og vid böenina vard hún öruggari og Hughraustari. Síðan kvaddi hún foreldra sína, og hóf gøngu sína til keisarans. Þad er ekki hægt, ad segja frá óllu, sem dreif á daga Braskóviú á þessari löngu ferd; hjer skal ad eins til greina fátt eitt. Einu dag, þegar hún var á ferd í skógi nokkrum, hljóp á osvidri med stórrigning. Stormurinn fleygdi um koll eik inni, er stóð rjett hjá veginum; af því vard Braskóvia svo óttaslegin, ad hún hljóp inn í skógin, þar sem hann var þylkastur. Nöttin datt á; og hún gat ekki fundid aptur veginn; hún ráf-adi lengi í myrkru, og var bædi þreytt og svöng, gagndrepa og skjálfandi af kulda; en þó vard hún ad láta sýrirberast í skóginum um nöttina. Morgn-

inum eptir ók madur nokkur litilli ferru um skög-
inn, og flutti hann hana til þorps eins, sem þar
var í nánd. Þegar hún steig út úr ferrunni, datt
hún í bleytu og óhreinkadi sig alla; en þegar hún
komst á fætur aptur, gekk hún ad húsi einu í bœn-
um, sann þar menn ad mál, sagdist vera svöng
og yfirkomin af kulda, og bad ad losa sjer ad standa
þar vid litla stund. En henni var hardlega visad
burt med heim ummælum, ad hún mundi vera kom-
in þangad til ad stela. Sorgbitin gekk hún þad-
an ad kirkjunni, en hún var læst. Hún settist nid-
ur á Stein fyrir utan kirkjudýrnar, en strákar þustu
utan um hana, athyrtu hana og fólludu hana þjós.
Braskóvia fór þá ad gráta, og beiddi gud ad hjálpa
sjer. Þegar hún hafdi setið þar litla stund, kom
þangad kona ein vingjarnleg, sem staут yfir hana
skjölshúsi, og gaf henni fot og födi. Braskóvia
dvaldi hjá henni marga daga, síðan skildist hún
vid hana med þakklæti, og hjelt ferd sinni á fram.
Ódru sinni, þegar hún gekk gegnum dálitið þorp,
rjedust á hana grimmir hundar; einn heirra gleps-
adi í fjól hennar og reif hann sundur; annar stóft
upp, og ætladi ad bita hana í framan. Í þess-
ari hættu gjørdi hún bœn sína til drottins, sem
ætid heyrir audmijúkar bœnir barna finna, og þad
brá svo vid, ad þar bar ad mann einn, sem rak
hundana burt og frelsadi hana.

Hún var skammt komin áleidis, þegar veturn-

inn gekk i gard; en i Rússlandi er vetrarriki mikid; gjordi þá opt fóföld, og fuldinn var mjög bitur, svo Praskóvia, sem var fálködd, skalf af fulda, þegar hún gekk i sjónum.

Hún var svo heppin, at hitta noktra menn, sem óku i sleda, og einn þeirra baud henni ad afa med þeim. En hún tók svo mikid út af fulda, at hún mundi naumast hafa halldid lífi, hefði þessi madur efti ljed henni skinnfeld sinn, sem hún sveipadi sig i, og gat þannig halldid á sjer hita. Þó veiktið hún, svo hún gat efti halldid á fram ferdinni, heldur vard ad setjast um kyrrt, og dvaldi hún lengi hjá hjónum nokkrum, sem kenndu i brjósti um hana, og losudu henni ad vera, og sýndu henni alla þá adhlyningu, sem þau gátu. Smásaman hresstist hún aptur, og þegar hún var ordin ferðaðær, lagdi hún enn af stað.

Eptir langa mædu komst hún loksins til Pjetursborgar, og var þá búin ad vera meir en heilt ár á leidinni. Hún gekk til hallar keisarans, og bad um leyfi til ad tala vid drottningu hans. Þetta var henni veitt, og tók drottningin vel á móti henni, og leiddi hana sjálf til keisarans. Praskóvia sagdi honum allt frá ferdum sínum, og hlýddi hann á sögu hennar med athygli, og fannst mikid um, og losadi hann, ad fadir hennar skyldi ná fullu frelsi. Síðan gaf hann henni skotsilsfur, og gladdist hún mjög af þessum góðu viðtökum,

eins og nærri má geta. Keisarinn sendi sem fljótað mann til Siberiu, og ljæt segja fædur Braskóviu, að honum væri heimilt að snuá aptur úr útlegðinni. Lopouloff og kona hans urdu þessum tíðindum fegin, bjuggu sig sem fljótað til burtferdar, og komust heil að hófi til Þjetursborgar. Þar fundu þau aptur dóttur sína; og var þad mikill fagnadarsundur. Þessi frásaga sýnir, að „gód börn eru foreldra bezta eign“.

4. Ziethen hershöfdingi.

Hinn nafnfrægi hershöfdingi Ziethen var í ungdæmi sínu hirdsveinn hjá Frídríki 2. Prússakonungi. Módir hans var ekfja, og átti ördugt uppdráttar; þess vegna vildi hann gjarnan hjálpa henni, en hafdi þá litid feri að aðla sjer fjár, og mætti ekert missa af launum sínum. En sigrarséll er góður vilji. Hverja nött átti einhver hirdsveinn að halda vord í stofu vid hlídina á svefnherbergi konungs, svo hann væri til taks, ef konungur vildi eitthvad vera láta; og vóltu hirdsveinarnir þar til skiptis. En margir áttu hágt med, að leggja þetta að sig, og seugu hví adra til, að vaka fyrir sig. Þessi fátoeki sveinn tökt að hendur, að vaka hjá konungi fyrir nokkra fjalaga sína; þetta gjörði hann fyrir borgun, en þad, sem hann hjekk fyrir þad, sendi hann módur sinni.

Eina nött gat konungur ekki sosið; hann

hringdi þá á smásvein hann, sem hjelt vord, og ætladi ad segja honum ad sækja sjer bók, til ad lesa í. Hann hringdi hvad eptir annad, en enginn gegndi. Loksins fór hann sjálfur á fætur, og gekk inn í vardstofuna til ad sjá, hvort þar væri enginn. Þar sá hann þennan ágæta unglung, sem lagði á sig vökur af ást á módur sinni. Hann sat vid bordid, og syrir framan hann lá brjes, sem hann var farinn ad skrifa módur sinni, en hann hafdi sofnad út frá því. Konungur læddist ad bordinu, tók brjefid og las upphafid á því, sem hljódadi þannig: „Hjartkæra módir! þetta er nú þridja nöttin, sem jeg held vord. Þeg get nú naumast þolad þad lengur. Þó þykir níjer vænt um, ad jeg ad nýju hef getad nurlad saman tju dali handa þjer, bezta módir! og sendi jeg þjer þá med þessu brjefti“. Konungur losadi sveininum ad sofa, gekk inn í herbergi sitt, sótti þangad two gullpeningastranga, og ljet þá sinn i hvorn fjólvasa hans. Síðan lagdist hann aptur í rekkju sína. Þegar sveinninn vaknadi og fann peningana í vossum sínnum, viðsi hann þegar, hvadan heir mundu vera. Ad vísu þótti honum vænt um þá vegna módur sinnar, en vard þó jafnframt óttasleginn af því, ad konungur hefði fundid sig sofandi. Hann gekk því inn til konungs morgnínum eptir, fjell honum til fóta, og bad hann syrirgesningar á því, ad hann hefði sofid, en þakkadi honum um leid audmjuð-

lega sýrir gjófina. Konungur losadi mjög rækt hans vid móður sína; gjördi hann skómmu síðar ad flokksforingja, og veitti honum eina tign eptir adra, sökum þess ad hann var góður drengur og eins mikil hetja, eins og hann var góður sonur.

5. Hestakaupin.

Kvekarar kallaust menn af trúarbragdaslofki nokkrum, sem er fjölmennur á Englandi og í Vesturheimi. Helzta villa þeirra er innifalinn í því, ad þeir hafna sakramentunum, en ad ódru leytti eru þeir yfir hósfud ad tala fidslatir og fridsamir menn. Þad eru sumir hlutir, sem þeir eptir sinni trú ekki mega gjöra, þótt þeir sjéu ekki bannadir í qudsordi. Peir mega t. a. m. hvorki skjóta nje sverja, og ekki heldur taka ofan sýrir neinum. En þeir mega riða, þegar þeir annars hafa nokkurn hest. Eitt kveld var kvekari nokkur á heimleid, og reid fallegum gædingi, sem hann atti; lá þá stigamadur einn í sýrisátri sýrir honum, og hafdi hann svert sig í framan, svo hann skyldi ekki þekkjast. Hann var líka ríðandi, en á gömlum jálti, sem var svo grindhoradur, ad þad mátti telja í honum hvert bein. Rœninginn ávarpadi kvekarann og mælti: „Gudsbarnid gott! þad er vel allinn hestur, sem þú rídur; jeg vildi gjarnan útvega vesalings-hestinum mínum, sem er farinn ad eldað, eins gott eldi. Ef okkur lízt hid sama bádum, þá

höfum hestaskipti, því ad þú hesur ekki hladnar smábyssur á þjer eins og jeg". Kvekarinn hugs- adi med sjálfum sjer: „Hvad er nú til ráda? Þó jeg missi hestinn, þá á jeg annan hest heima, en jeg á ekki nema eitt líf". Þeir höfdu þá hesta- skipti, og ræninginn reid heim til sín á kvekarans hest, en kvekarinn gekk, og teyndi á eptir sjer ræn- ingjans horudu bikfju. En þegar hann kom til bœjar- ins, lagdi hann tauminn lausán á makkla hestisins og sagdi: „Fárdu á undan, funningi! þú átt hægra med ad finna hesthúsid hans húsbóna þíns en jeg". Síðan ljet hann hestinn labba á undan sjer og gekk á eptir honum, og er þeir höfdu geng- id upp og ofan um stræti bœjarins, nam hesturinn loksins stadar syrit utan einar hesthúsdyr, og vildi ekki fara lengra. Kvekarinn gekk þá ad íbúdar- húsinu og inn í stofu, sem þar var, og sá hann, ad ræninginu stod þar og var ad núa sortann framan úr sjer med ullarsókk. „Gekk ydur ferdin vel heim"? sagdi kvekarinn; „ef okkur lízt hid sama bádum, þá höfum aptur hestaskipti; því ad kaup okkar eru enn ekki fullgjörd; sáid mjer hestinn minn; húdarklárinn ydar stendur vid hesthúsdýrn- ar". Bófinn sá sjer nú naudugan einn kostinn, ad skila hestinum aptur, úr því hann gat ekki lengur dulizt. „Gjöríð svo vel", sagdi kvekarinn, „ad borga mjer two dali í leigu eptir hestinn minn; ydar hest ljet jeg ganga lausán, og kom honum

ekki á bak". Ræninginn mátti nú líka til med ad greida honum two dali í hestleigu, og gjørði hann þad þó naudugur, eins og næri má geta. Þegar kvekarinn var kominn á bak á sínum hesti, hleypti hann honum á sprett og mælti: „Þykir ydur ekki klárinna fara fallega?“

6. Gamla konan og Hollendingurinn.

Í Öranienbaum, sem er litill bær í Rússlandi vid finniska flóann, skammt frá Pjetursborg, lífdi fyrir allmørgum árum gómul kona, sem var född í Holtsetalandi. Alleiga hennar var lítid hús, og hún lífdi á því, ad veita heim sjómsnum beina, sem urdu ad býda þar byrjar. Einu sinni bar svo vid, ad nokkrir hollenzkir skipherrar bordudu kveldverð hjá henni, en morgnininum eptir, þegar hún var ad söpa stofuna, fann hún undir bordinu inníglada peningabuddu. Hún ímyndadi sjer, ad einhver af hinum útlendu mönnum hefði gleynt buddunni, og sendi því undir eins bod til heirra, en nádi ekki í þá, því ad heir hófdu undid upp segl og farid burt um nóttina. Hún læsti nú peningabudduna nidur í lístu sína, gætti hennar vandlega, og einsettji sjer, ad láta hana liggja þar, þangad til eiginandinn gæti sig fram. Í sjó ár samsfleytt lá peningabuddan þar óáhrærd, án þess nokkur lýsti eptir henni. Í bágindum sínum lá henni vid tvíssvar eda svo ad gripa til buddunnar, en sjókum rádvendni

sínnar stóð hún af sjer þessa freistingu. Þegar síða ár voru lídin, veitti hún einu sinni fjórum skipherrum beina, og voru þrír þeirra Englendingar, en sá fjöldi var Hollendingur. Skipherrar þessir tóluðu margt saman, og medal annars spurdi einn af hinum ensku mönnum Hollendinginn, hvort hann hefði nokkurn tíma ádur komið til Óranienbaum. „Já, því midur!“ mælti hann. „Jeg hefki dável þetta tóugreni; jeg hef misst hjer 800 ríksdali“. „Hvernig atvifadist þad?“ spurdi hinn. „Jeg var einu sinni drukinn“, svaradi Hollendingurinn, „og gleymdi hjer í veitingahúsi buddu med þessum peningum í“. Þessi ord vókstu eptirtekt gømlu konunnar; en hún hugsadi þó med sjer, ad hún skyldi fara varlega, og spurdi því, hvernig buddan hefði verid útlits? „Þad var svört skinnbudda“, svaradi sjómadurinn, „og hún var innsglud; jeg hef enn þá innsglid, sem lakkad var fyrir hana med“. „Buddan getur, ef til vill, fundið aptur“, mælti konan. „Jeg veit ekki, hvad mikil hún finnst“, svaradi sjómadurinn. „Jeg er ordinn of gamall til ad gjøra mjer slike vonir. Nei, verðin er nú ekki lengur svo fróm og rádvönd. Þad eru nú líka síða ár síðan. Jeg vildi, ad þessir peningar væru komnir, jeg veit ekki hvert. Þad hefur opt gjørt mig gráan í lund, ad hugsa til þeirra. Látid okkur fá eina stál af þunsi enn þá, kona góð!“ En medan skipherrann reyndi til ad

gleyma þessum óþægilega missi med því, ad nehta hins áfenga drykkjar, læddist veitingakonan burt, og sótti peningabudduna, lagdi hana á bordid og mælti: „Þjer getid nú sjed, ad rádvenduin er ekki eins fágæt og þjer hugsid“.

7. Adolf Hornberg.

Í horpi noktru sunnarlega á Þýskalandi bjó rádvandur og gudrækinn idnadarmadur, sem hjet Adolf Hornberg. Han átti væna og dyggduga konu, og undi vel hag sinum, þó hann ekki væri ríkur, heldur hefði, eins og menn segja, einungis til hniss og skeidar. Það var einn sunnudag eptir miðjan dag, ad Adolf gekk einsamall út í skóg; þar settist hann nidur hjá tærri uppsprettu í gudræki-legumi hugleidingum. Þá heyrði hann eitthvert brust, sem vakti eptirtekt hans, og sá andspænis sjér hjá stórum steini veidihund, sem var ad klóra í jördina. Hann gekk nær, en þá hljóp hundurinn burt. Í holu heirri, sem hundurinn hafði rifid, sá hann glóra í eitthvad. Han reif nú moldina frá, og stækkadi holuna, og fann þar stóra silfur-kønnu; honum tólfst ad losa hana og ná henni upp; en hún var mjög þung; síðan lypti hann upp lokinu, og sá, ad hún var full af gullpeningum. Adolf vard gladur vid, og þakkadi gudi fyrir þetta happ. „En hvernig á jeg ad koma kønnunni heim, svo enginn sjái mig“, hugsadi hann med sjálfsuni

fjer. Hann rjed því af, að fela kónnuna í holu trje, og sækja hana, þegar dimmt væri ordid. Hann flýtti fjer nú heim, en stóð allt í einu vid, að því honum flaug þessi spurning í hug: „En á jeg há þessa peninga? ætli sá, sem hesur grafsíð þetta fje í jörd, eigi engin börn eda erfingja? En hvar eiga menn ad leita þeirra?“ sagdi hann vid sjálfsan sig. „Þad skiptir þig ekki“, svaradi samvizka hans; „lættu yfirvöldin hafa fyrir því. Þú átt ekki þessa peninga“. Þegar hann kom heim, sagdi hann kónu finni frá, hvad hann hesdi fundid, og þótti henni mjög vænt um. En þegar hann sagdi henni frá efasemdum sínum um eignarrjettinn, vard hún hljód og hnuggin, en játadi þó, að hann hesdi rjett ad meðla. Samt sem ádur valnadi sú hugsun hjá heim aptur og aptur, að þau kynnu þó ad vera vel ad þessu fje komin. Þegar þau hannig umi stund hófdu velt þesey málí fyrir fjer og skodad þad í krök og kring, sögdu þau þó bædi seinast óldungis hiklaust: „Nei! vid eignum ekki þessa peninga; vid skulum eptirleidis, eins og hingad til, leita atvinnu okkar med rádvendni og idjusemi, og þad mun verda heilladrjúgara fyrir okkur en þetta fje“.

„Jeg ætla nú i drottins nafni að sækja kónnuna“, sagdi madurinn, „og fara síðan til prestsins, og íþryja hann, hvat hann ætli bezt til fallid að selja fjársjód hennan af hendi“. Þetta gjordi hann líka. Presturinn vard hissa, þegar hann heyrði

søguna, og mælti: „Frómi og rádvandi madur! þjer breytid rjett í þessu, og munud ekki fara á mis vid guds blessum. Verid getur, at einhver eigi löglega heimting á sjenu; annars fellur þad undir lands-höfdingjann; en svo þjer getid fundid hann sjálsur, skal jeg skrifa hirdprestinum til, og fá ydur brjesid“.

Morgnинum eptir fór Adolf med fjársjóðinn til höfudstadarins, sem lá rúma þingmannaleið þadan. Þegar hann fann furstann, sagdi hann honum alla søguna hreint og heint, kom síðan med kónnuna, og setti hana á bordid. Hirdsólkid safnadist þangad og skodadi peningana, sem voru 8000 gyllini frá þrjátíuárastrídinu. Allir lofudu mjög rádvendni Adolfs, en furstinn gaf honum 20 gullpeninga, og hjet því, at gleyma honum aldrei; síðan sneri hann heim aptur gladur og ánægdur, sýndi konu sinni þá 20 gullpeninga, og mælti: „Líttu á! þessa peninga eignum vid med rjettu; heir munu verda drjúgari í búi ofkar, en hinir, sem vid ekki áttum“.

Furstinn ljet hreinsa kónnuna og fægja, og fannst þá enn á botninum bókfellsblad, sem þetta var ritad á: „Ár 1628, 28. dag júním. um nóttina, gróf Hans von Hornberg á Rösendorn sje þetta hjer, medan á strídinu stöd. Sá, sem finnur þad, skili því mjær eda erfingjum mínum. Sá, sem ekki gjörir þad, mun enga blessum af því hafa“. Furstinn, sem þá hafdi hinir miklu Hornbergs riddaraeignir undir hóndum, skipadi, at rannsaka

stjólin í brjesasafninu. Langasafadir furstans hafdi sem sje dregid þessar eignir undir krónuna, af því menn hjeldu, ad òett Hornbergs væri lidin undir lok. Af brjefakíppu, sem var ordin tóluvert skemmd af sagga og elli, sást þad, ad sá Hans von Hornberg, sem sýr er getid, hafdi fallid í þrjátíuárastrídinu, ad menn keisarans høfdu rifid høll hans, ad ekki hans og børn høfdu farid til Danmerkur, og ad elzti sonur heirra hjet Hans Didrik. Enn fremur fannst þar kvittunarbrjef, sem sýndi, ad amtmadurinn, sem þar var, hafdi i morg ár sent ekkjunni og børnum hennar 200 gyllini árlega. Sømuleidis var i þessum stranga brjef til amtmannsins frá ekki Hornbergs, og i því kvartadi hún yfir bágindum sínum, og ad sonur hennar Hans Didrik hefdi átt bónastúlkum. Frekari skýrteini fundust ekki. Þegar furstinn hafdi skodad öll þessi stjól, baud hann ad skrifa til Danmerkur, til ad komast eptir, hvort enginn af þessari òett væri enn á lífi. Padan kom aptur þad svar, ad Hans Didrik hefdi verid óbreyttur bóndamadur og dáið 1692; ad sonur hans Fridrik Hornberg hefdi fengið jörd med konu sinni og dáið 1740; ad elzti sonur hans hefdi búið þar eptir södur sinn, en ad hann og kona hans høfdu vegna heilsuleysis komið í stórfuldir, og dáið midaldra; ad einkasonur heirra hefdi slutzt í furstadæmid Baireuth á Þýskalandi, og væri þar bóndi.

Furstinn vard hissa á þessu; hví furstadæmid Baireuth var einmitt hans eigid land. Hann ljæt þá auglyðsa vid allar kirkjur, ad allir, sem hjetu Hornberg, og væru ættadir úr Danmørku, skoldu á tilteknunum tíma møta í rádhúsi bœjarins. Adolf var vid kirkju, eins og hann var vanur, þegar þessi skipun var birt, og vard hann forvida, hví ad hann hjet Hornberg, og var ættadur úr Danmørku. „Hvad ætli búi undir þessu?“ hugsadi hann med sjálsum sjer, og fór nú aptur til høfudstadarins. Þegar hann kom þangad, gekk hann inn í rádhúsid, nefndi sig á nafn og ætt sína, og spurdi, hvers vegna hann væri þangad bodadur. Kanseliforsetinn horsdi lengi á hann begjandi, og mælti síðan: „Erud þjer ekki sá hinn sami, sem fann fjársjódinn?“ Adolf kvad þad vera. „Þad er undarlegt“, sagdi forsetinn; „en komid med mjer til hallar furstans á hádegi“. Þegar furstinn sá Adolf, sagdi hann vingjarnlega: „Þjer erud sá, sem fundud peningana; hvad viljid þjer, vinur minn“? Adolf svaradi: „Jeg heyrði sagt seinast, þegar jeg var vid kirkju, ad hver sá, sem hjeti Hornberg og væri ættadur úr Danmørk, ætti ad segja til þess hjer i borginni. Þar ed þessu er nú þannig varid fyrir mjer, þá er jeg hingad kominn, og kanseliforsetinn baud mjer, ad møta í hóll yðar“. Þad var audsjed á furstanum, ad hann víknadi, og hann spurdi Adolf enn fremur, hvort hann

hefkti ekki eitt sína. Adolf svaradi: „Teg hef heyrt, ad vid fadir minn værum komnír af tiginni eitt í Danmørku, og ad að að langasa míns hafi heitid Hans von Hornberg, og ad hann var sá síðasti kynsmanna finna, sem hafdi herraleg rjettindi“. Síðan taldi hann forsedur sína allt upp til hans. Fyrstinn spurdi, hvort hann hefdi skírnarsedil sinn. Adolf fjekk honum hann. Þegar fyrstinn hafði lesid hann, tók hann í hond þessá rádvanda idnadarmanns, og mælti: „Guds vegir eru dásamlegir. Þjárrjódur sá, sem þjer fundud og skiludud miðer svo rádvandlega, er yðar eign med öllum rjetti; og sömuleidis eigid þjer herraeignirnar Rösendorn, sem jeg hef haft undir hondum. Afgjald þeirra var í fyrstunni ekki nema 600 gyllini árlega; en nú er þad 1500 gyllini. Teg skulda ydur ad minnsta kosti 60000 gyllini fyrir þær tekjur, sem jeg og forsedur mírir hófum haft af þessum eignum; þad má ekki minna vera, en ad jeg borgi ydur þessa skuld“.

Þetta fjekk svo mikid á Adolf, ad hann gat ekki tára bundizt; en hann vildi vid engu taka. Þá sagdi fyrstinn. „Gud fordi miðer frá því, ad halda aðsi yðar“. Síðan skipadi hann ad skila honum aptur silfurkonnunni, aðstóð eignirnar vid hann, og fjekk herraþign hans endurnýjada af keisaranum. Adolf tók vid þessu óllu med hrærdum hjarta og innilegu þakflæti vid gud; en borgun þeirra

60,000 gyllina vildi hann ekki heyrta nefuda. Þegar furstinn ekki fækkti hann til ad taka vid heim, sagdist hann þiggja þau, eins og adra gjøf. Adolf hafdi nú náð allri þeirri hamingju, sem hinir fyrri frændur hans høfdu misst, en gætti þó jafnan heirrar rádvendni og hógværdar, sem hann ádur hafdi til ad bera. Hann og kona hans gjørðu fátækum mikid gott, og hjálpuðu öllum naudstøddum, sem þeirra leitudu. Ýfir høfud ad tala sýndu þau í öllu framferdi sínu, ad þau þøkkudu gudi þessa gæsu sína.

8. Eveir skólapiltar.

Sjerhvert góðverk, sem vjer gjörum, fáum vjer launad fyr eda síðar, jafnvel i þessu lífi. Frásaga sú, sem hjer fylgir, er merkilegt dæmi upp á þennan fannleika.

Parlimentid í Englandi var komið í stríð vid Karl konung 1. Hvorirtveggja høfdu gripid til vopna, og børðust med mikilli heipt og brædi. En Karl konungur hafdi bedid ósigur hvad eptir annad, og þeir af mænum hans, sem náduðst vopnadir, voru leiddir fyrir dómendur, sem Krómwell hafdi sett, og dæmdir sem landrādamenn. Ginn af dómendum þessum var Patrick frá Nýjakastala (Newcastle). Hann var síðavandur og ráðsettur hjóðstjórnarmáður, og í mestu metum hjá Krómwell. Þar ed haun sœkum heilsulasleika ekki hafdi treyst fjer til ad ganga

i herþjónustu, ásetti hann sjer, að vinna þjóðstjórninni gagn med vitsmunum sínum, og þótti hann einhver hinn bezti og rjettvisasti vandlætismadur laganna. Einu finni bar svo vid, að hann hafdi nokkra vini sína í kveldbodi; komu þá dátar nokkrir inn í stofuna, medan verid var að borda, og hófdu med sjer einn af konungsmönnum, sem heit hófdu komið ad óvorum og handtekið. Það var flokksföringi, sem, eftir að líð Karls konungs var flúid víðs vegar, hafdi reynt til að komast til sjóar og fá þadan slutning til Frakklands. Patrick baud að leysa hendur hans; síðan ljet hann setja annað bord nálægt arinum og mælti: „Það er afmælisdagur minn i dag, og jeg ætla að lúka kveldverdi mínum með gledi og gamini; komið med nokkud, til að hressa sig á, handa þessum herra, og heim, sem hafa flutt hann hingad; þessa stundina ætla jeg að veita honum sem húsbóndi, en að stundarkorni lídnu verd jeg aptur dómari hans“. Dátarnir hófkudu, og settust nidur vid bordid skammt frá hinum hertekna manni, sem bar sig karlmannalega, og fór að borda með heim með góðri matarlyft.

Patrick settist nú aptur vid bordid med vinum sínum, og tók þar til mál aptur, sem hann hafdi horfid frá, þegar dátarnir komu. „Jeg sagdi ykkur áðan“, mælti hann, „að þegar jeg var sinnitán vетra, var jeg svo veimiltitulegur, að allir syrillitu

auningjaslap minn, eda notudu sjer af honum, til ad fara illa med mig. Fyrst átti jeg illt hjá stjúpu minni, og ekki tók betra vid hjá skólabrædrum mínum. Æjarkurinn hjá børnunum er kominn undir fröptunum. Ónyttjungsskapur minn gjordi mig gungulegan. Hví fór svo fjarri, ad jeg hardnadi vid þá hina illu medferd, sem jeg vard ad þola, ad jeg hvert á móti vard enu þá orkvisalegri og enn þá hræddari vid allan sársauka. Jeg var sí-hræddur, og alst af eins og á glódum, en mest af öllu óttadist jeg kadal skólameistarans, sem hann hardi þá med, sem einhver yfirssjón vildi til. Jeg hafdi tvissvar fengid ad kenna á þessari grimimilegu ressingu, og jeg mundi svo vel eptir þessu, ad jeg allur skalf og titradi, þegar jeg ad eins hugsadi til þess, ad jeg kynni aptur ad verda fyrir hví. Eins og jeg sagdi ykkur, gekk jeg í skóla í Westminster. Skólanum var skipt í two bekkli, og voru heir ekki adskildir med ördu en tjaldi einu, sem ofkur var hardlega bannad ad koma vid. Ginn góðan vedurdag um sumarid sofnadi jeg, medan kennarinn var ad lesa fyrir. En vid einhverja hreifingu í bekknum hrökk jeg upp, og var nærrí hví dottinn, en greip i tjaldid til ad stýdja mig, svo þad rifnadi undan fingrunum á mjer, og kom á þad stórt gat, svo þad fást yfir í hinn bekkinn. Bádir kennararnir snoru sjer vid, þegar heir heyrdu harkid, og sáu bádir í senn þau spjöll, sem á voru

ordin. Þad mátti eins kenna um þetta þeim skólapilti, sem sat í hinum beknunum hjá taldinu; en sáttid, sem kom á mig, kom upp um mig, og kennarinn skipadi mjer reidulega, ad koma og fá tólf høgg af kadalspottanum. Jeg stóð upp, en reikadi eins og drukkinn madur. Jeg reyndi til, ad tala, og ætladi ad bidja mjer vægdar, en gat ekki hrært tunguna fyrir hrædslu; jeg vard máttlaus í knjálidunum, og koldum svita sló út um mig allan. Loksins komst jeg til kennarans, og fjell á knje; hann hafdi þegar reitt hinn óttalega kadalstúf til høggs, þegar jeg heyrði, ad einhver sagdi: „„Sláid hann ekki; jeg er sá seki, og enginn annar““. Sá, sem sagdi þetta, var skólapilturinn, sem sat hinu megin vid tjaldid. Hann var látinn koma inn í ofkar bekk, og barinn tólf høgg med kadalnum. Mjer kom fyrst til hugar, ad koma í veg fyrir þessu ranglátu ressing, og segja satt og rjett frá öllu; en jeg hafdi ekki þrek i mjer til þess, og þegar fyrsta høggid var fallid, skammadist jeg min ad tala. Þegar búið var ad hegna piltinum, gekk hann hjá mjer med hendurnar blódugar, og sagdi vid mig í hálfum hljódum og med brosi, sem jeg aldrei gleymi: „„Gættu ad því, ad koma ekki optar nærrí tjaldinu, funningi! því ad kadalinn er sár““! Jeg fjell á knje og stundi þungan, og vard ad leida mig út.

Upp frá þessum degi hefur mig hryllt vid bleydu-

skap mínum, og jeg hef af alefli reynt til ad sigrast á honum, og held, ad níjer hafi nú loksins tefist þad". Einn af gestunum mælti: „Þekkis þjer ekki hennan drenglundada skólabròdur? hafid þjer aldrei sjed hann síðan?“ Patrick svaradi: „Nei, hví fer midur! hann var ekki í sama best og jeg, og jeg fór úr skólanum í Westminster skömmu síðar. Gud veit, ad jeg hef opt bedid hann þess, ad losa níjer ad sjá hennan mann aptur, sem þannig vارد ad þola illt míin vegna; jeg vildi gesa mikid til, ad geta hringt staupi vid hann“.

Í sama vefsangi var borid staup ad Patrickss staupi; hann leit upp, og viði ekki, hvadan á sig stóð vedrid. Þad var hinn handtekní konungs madur, sem kom med staup sitt og mælti brosandí: „Í minningu risna tjaldsins í Westminster“. En yður misminnir, herra Patrick! þad voru ekki tólf høgg, sem jeg var barinn, heldur helmingi fleiri, af hví ad jeg hefði komið hegningunni á annan, med hví ad segja ekki undir eins frá yfirsjón minni, og kennari okkar hjelt um leid latiniska rœdu um visvitandi rangsleitni“. Dómarinn mælti: „Petta er satt; nú man jeg þad; en getur þad verið, ad þad sjeud þjer?“ „Já“, sagdi hann, þegar hann hafdi virt hann syrir sjer; „jeg hefki svipinn og andlitsfallid; þad er hann; þad er viðsulega hann; en í hvada stöðu, og í hvada einkennisfotum?“ Hinn hertekni madur svaradi: „Í einkennisfotum konungs

míns. Sem herraboriinn skozkur madur hef jeg hlýtt því, sem mjer hefur verid kennit ad jeg ætti ad gjöra, og fylgt födur mínum í herþjónustu hjá Karli konungi; sadir minn er dáinn, og jeg er ad fara súmu leidina. Þad fer allt vel, og jeg beidist einkis, nema ad gud frelsi konunginn". Ad svo mæltu, settist flokksforinginn aptur nidur hjá dátunum, og hjelt rólega á fram ad borda. En Patrick var í þungu skápi. Sama kveldid gjörði hann allar þær ráðstafanir, sem þurfti, til þess ad farid væri vel med hinn hertekna mann; fór síðan ad heiman, án þess ad segja, hvort hann ætladi, og var þrjá daga burtu. Fjórða daginn kom hann aptur, og baud ad leida flokksforingjann fyrir sig. Flokksforinginn sagdi heldur alvarlega: „Á þá loksins ad dæma mig? Þad er mál komid, ad ljúka því af, þótt ekki væri nema súklum mannúdar. Jeg á svo gott hjá þjer, herra Patrick, ad sje jeg hjer lengi, verdur þad út úr, ad mig fer ad langa til ad lifa". Dómarinn var mjög hrærdur, og mælti: „Lávardur Derby! Þad eru nú tuttugu ár, síðan þú sagdir vid mig, um leid og þú sýndir mjer hendur þínar alblödugar: „„Komdu ekki optar nærrí tjaldinu, því ad kadalspottinn er sár““. Hjer er náðarbrjes þitt, sem verndari ríkisins hefur ritad nafn sitt undir; en nú verd jeg líka ad segja þjer: grip þú ekki optar til vopna gegn parlementinu, því ad Krómwell er hardur í horn ad taka". Peir

herra Patrick og Derby lávardur fjelli nú hvor um hálsinn á ødrum, og voru þádan í frá hinir mestu alúdarvinir, þó þá greindi á í stjórnarmálum.

9. Turenne.

Pegar Turenne, hershöfdingi Frakka, var med her sinn í Þýzkalandi, voru íbúar bœjar nokkurs hræddir um, ad her hans mundi fara um landeign sína, og budu því Turenne hundrad þúsundir ríkis-dala til þess, ad fara med líð sitt einhvern annan veg. Þá sagdi hann: „Jeg get ekki med góðri samvizku þegid fje þetta, því ad jeg hef aldrei ætlad mjer ad fara þessa leid“. Ætli margur hefði ekki tekið vid sjenu?

10. Presturinn og fátæklingurinn.

Hinn æðsti býjargreifi í Lundúnaborg bad einu sinni Manton Dr., sem þar var prestur, ad prjedika í St. Páls kirkjunni vid eitthvert hátidlegt tækifæri. Presturinn valdi sjer þungt umtalsefni, sem gaf honum gott færi á, ad sýna fróðleik sinn og mælsku sína. Þeir af áheyrendum, sem voru menntadir og í heldri manna tølu, hlýddu rædu hans med athygli, og dáfust ad henni. Síðan var honum bodid í veglega veizlu hjá býjargreifnum, sem þakladi honum í heyranda hljóði fyrir hans ágætu rædu. En þegar Manton um kveldid gekk heim til sín, kom til hans fátækur madur, og

spurdi hann kurtveislega, hvort hann væri ekki sá, sem hefði prjedikad fyrir býjargreisann fyrri hluta dagsins. „Jeg var líka í kirkjunni“, sagdi madurinn, „og jeg kom þangad með innilegri löngun eptir, ad fá hugsvölun af gudsordi; en jeg græddi litid á ferdinni, því ad jeg skildi minnstan hluta þess, sem þjer fögdud; þad var of háfleygt fyrir mig“. Þegar presturinn heyrði þetta, skammadist hann sín, vilnadi og mælti: „Heyrdu, vinur minn! þó jeg hafi ekki prjedikad fyrir þig í morgun, þá hefur þú þó prjedikad fyrir mig í kveld, og jeg skal med guds hjálp aldrei optar vera svo heimiskur, ad halda slike prjedikun fyrir býjargreisann eda nokkurn annan mann“.

11. Presturinn Óli Vind.

Meistari Óli Vind, sem einu sinni var prestur vid Fruarkirkju í Kaupmannahöfn, var mjög samþizkusamur og skyldurækinn madur. Hann dró ekki úr sanngleikanum, heldur tók hart á heim löftum, er vid geingust, hver sem í hlut átti. Nokkrir hirdmenn sóru eitt sinn i Fruarkirkju, ad heyrja til hans, og prjedikadi hann í þad skipti, eins og hann var vanur, eda, ef til vill, nokkru hardara. Einhverjum þessara manna þótti fjer misbodid í rædu hans, svo heir báru sig upp undan því vid Kristján konung fjórða, og gáfu í skyn, ad í henni hefði verid eitthvad meidandi, jafnvel fyrir sjálfsan konunginn.

Kristján fjórði ljet kalla Wind fyrir sig, og spurdi hann, hvort þad væri satt, ad hann hefði prjedikad, eins og honum hefði verid frá sagt. Wind svaradi, ad hann þættist ekki hafa talad annad en þad, er fjer bæri sem sannleikans kennara, og sem hann gæti staddir vid. Konungur skípadi honum há, ad flytja sœmu rœdu í hallarkirkjunni næsta sunnudag þar á eftir. Wind hlyddi þessu bodi konungs, og hjelt ræduna ɔldungis óbreytta. Konungur hlyddi henni med athygli, og var morgum forvitni á, ad vita álit konungs um hana, en hann ljet þad ekki upp skátt, heldur gekk út úr kirkjunni, án þess ad tala vid Óla Wind, eda minnast á hann vid adra. En skómmu síðar gjördi konungur hann ad hirdpresti og skiptafödur sínum.

12. Skuldabréfíð.

Kristófer Rósenfranz heimtadi sinni húsundir dala af ekju Kristjáns Júls, sem hann þóttist eiga hjá dánarbúinu. Hún vissi, ad búid skuldadi honum ekkert; en hann lagdi fram skuldabréf med undirskript hennar og manns hennar sáluga. Hún stóð fast á því, ad undirskriptin væri folsud. Málinu var stefnt í dóm, en hún fjell á því, og var dæmd til ad borga skuldina. Loksins flúdi hún á nádir Kristjáns konungs fjórða, og fór því enn fram, ad hvorki hefði hún eda madur hennar skrifad skuldbréf þad, sem mótskodumadur hennar hafði í hond-

um, nje heldur hefdur þau sett næfn sín undir þad. Konungur hjet því, að rannsaka sjálfur þetta mál vandlega; síðan kalladi hann Rósenkrans fyrir sig, spundi hann á marga vegu, og áminnti hann um, að segja satt. En þad kom fyrir ekki. Rósenkrans var ósklammfeilinn, og bar skuldabréfisíð fyrir sig. Konungur heimtadi þá að sjá skuldabréfisíð, skodadi þad nákvæmlega, ljet síðan Rósenkrans fara burt, en hjelt því eptir, og kvadst mundu skila honum því síðar. Þegar hann var farinn, hjelt konungur á fram einn saman að rannsaka skuldabréfisíð, skodadi þad í krók og kring, og komst loksins að því af marki því, sem var á pappírnum, að sá, sem hafdi búid til pappírinn, hafdi reist pappírsmýlnu sína í Frídríkeborg löngu síðar, en skuldabréfisíð var dagsett; og þegar hann af þessum manni sjálsum hafdi fengið vissu um, að hann ekki hafdi ádur búid til þess konar pappír þar í landi, sá hann gjørla, að Rósenkrans mundi hafa rangt fyrir sjer. Samt sem ádur ljet hann á engu bera, heldur kalladi Rósenkrans fyrir sig nokkrum dögum síðar, og bryndi fyrir honum, að hann ætti að vera vægdarsamur við vesalings-ekfju, og að drottinn mundi hefna þess á honum, ef hann gjørði henni svo stórkostlega rangt til. Rósenkrans var ósvífinn, og hafdi hótanir í frammí. Konungur gaf honum enn þá nokkurn umhugsunartíma; en þegar

þad einnig var árangurslaust, var hann tefinn fastur, og honum hardlega reßad.

13. Fenelon erkibiskup.

Hinn gudhræddi Fenelon erkibiskup var kennari hertoga Karls i Burgund. Þetta var mjög örðug stada fyrir hann, og hann þurfti á mikilli rágdeild og þolinmædi ad halda, til ad leyfa þvílikt vandaverk vel af hendi, því ad þessi ungi prinz var mjög ódæll og óstýrilaður. Einu sinni var sníkkari nokkur fenginn til ad smíða eitthvad í hölliuni; en prinzzinn tafdi opt fyrir honum, svo honum gagnadist ekki ad vera vid vinnu sína. Stundum skemmdi hann smíðatól hans; stundum var hann ad masa vid hann, og stundum hafði hann einhverja hrefti í frammí. Sníkkarinn kvartadi yfir þessu vid Fenelon, sem rjed honum til, ad hafa alla einurd vid prinzzinn. Þegar hann nú einhvern dag býrjadi med sín gómlu ólæti, gjørði sníkkarinn síg bystan og sagdi: „Jeg ætla ad bidja ydur ad gjöra svo vel, ad láta mig vera kyrran og smíðadtól mínn“. Þá vard prinzzinn ódur og uppvægur, og atyrti sníkkaramm fyrir þad, ad hann vildi ekki láta undan. Sníkkarinn reiddist nú líka, og sagdi: „Vitid þjer hvad? herra prinz, mig gildir einu, hvada madur þjer erud; jeg ætla ad bidja ydur ad snauta burt; því ef jeg reiddist fyrir alvøru, þá getur svo farid, ad þjer fáid ad kenna á því“. Þá vard prinzzinn

hræddur, hljóp til Fenelons, bar sig upp undan sníkkaranum, og beiddi, ad láta reka hann burt. „Pad er þó góður smidur“, mælti Fenelon. „Hvad vardar mig um þad“? svaradi prinzinn; „jeg vil láta hegna honum“. Fenelon: „Jeg held, ad hann sje fremlur brjóstumkennanlegur, en hegningarverdur; er þad ekki sannarleg ógæfa, ad hann getur ekki lengur stjórnad gedi sinu“. Prinzinn: „Nú kastar tólfunum; þjer haldid í hond med audvirdilegum sníkkara“. Fenelon: „Af því hann hesur á rjettu ad standa“. Prinzinn: „Þjer munid ekki eptir því, ad jeg er prinz, og jeg má ekki hafa þad svo búid, ad miðr sje misbodid“. Fenelon: „Sníkkarinn er madur, og þjer erud líka madur, og þess vegna eigid þid bádir heimting á, ad ná rjetti ykkar“. Prinzinn: „Haldid þjer ydur saman, herra minn! jeg veit, hver jeg er, og hver þjer erud“. Fenelon gekk þá stillilega burt, og skildist vid prinzinn; en deginum eptir sagdi hann skyrt og skorinort vid hann: „Prinz! þjer munid, hvad þjer sagdud vid mig í gær. Pad er skylda min, ad setja ofan í vid ydur fyrir þad. Pad lítur út, eins og þjer vitid ekki, hver jeg er, og hver þjer erud. Verid getur, ad einhverjir undirmenn ydar hafi sagt ydur, ad þjer værud miðr meiri; en þá hafa heir ekki sagt ydur satt. Án þess jeg þykist af því, verd jeg einlæglega ad segja ydur, ad jeg er meiri madur en þjer. Ætt ydar verdur hjer ekki gjörd ad

álitum. Med því ad láta ýdur fæðast af svo háum stigum, hefur gud ætlad ad reyna ýdur, til ad sjá, hvort breytni ýdar ýrdi sambodin tign ýdar. Þjer verdid þó ad játa, ad jeg er fródari og betur ad mjer en þjer, því af hverjum hafid þjer numid þad, sem þjer vitid, ódrum en mjer? og hvad vald og yfirrás snertir, þá a jeg med mig sjálfur, en þjer standid undir mjer. Ef þjer ekki trúid þessu, þá mun bædi konungurinn og fadir ýdar færa ýdur heim sanninn um þad. En ef þjer halldid, ad þad sje einhver sjerleg heppni og stór velgjörd, ad hafa þad starf á hendi, sem mjer er trúad fyrir, ad vera fóstri og fræðari ýdar, þá verd jeg líka ad koma vitinu fyrir ýdur í þessu efni. Einungis af vináttu vid fœdur ýdar og eptir langa bœn hef jeg tekið þad órduga starf á hendur, ad vera kennari ýdar. En nú skulud þjer sjá, hversu hægt mjer veitir ad aßala mjer þetta embætti. Komid "med mjer til konungs; jeg ætla ad bidja hann, ad útvega ýdur annan kennara, og þjer megid trúá mjer til þess, ad jeg ófska þess af heilum hug, ad fyrirhöfn hans megi bera betri ávøxt, en jeg get búið vid af minni". Prinzinn stóð agudosa af hrœðslu, og var svo sneyptur, ad hann viðsi ekki, hvad hann átti ad gjöra af sjer. Ídrunarfuslur beiddi hann kennara sinn fyrirgesningar, og umi fram allt, ad yfirgesa sig ekki. Upp frá því tók hann stakkassípti, og vard miklu stilltari og vidráðanlegri.

14. Ottó keisari og Nilus.

Hjer um bil þúsund árum eftir Krists burd lífdi munkur einn í Ítalíu, sem hjet Nilus. Hann hafði ord á sjer fyrir rádvant og guðræfilegt líferni. Einu finni sótti Ottó keisari hinn þridji hann heim. Keisarinn taladi lengi vid hann um sanna guðræknin, og ráðfrjettist vid hann um marga mikilvæga hluti. Keisaranum varð mjög vel vid þennan munk, og neyddi hann loksins til ad bidja sig einhverrar bónar. Þessi guðræknin madur var ekki lengi ad hugsa sig um, heldur gekk ad keisaranum, lagdi hondina á brjóst hans og mælti: „Þjer getid ekki, herra keisari, veitt níjer neina meiri velgjörd en þá, ad þjer jafnan vakid og hafid stödugt gát á salu yðar, sem býr í þessum líkama, svo hún ekki glatist. Því hótt þjer sjéud hafinn til keisaratignar, hljótid þjer hó einhvern tíma ad deyja eins og allir menn, og vegsemid þessa lífs fylgir ydur ekki í grófina, heldur eigid þjer ad mæta fyrir Krists dómkstóli og bera laun úr býtum eftir því, hvort þjer hafid ad hafzt gott eda illt. Þess vegna er bezt, ad hugsa í tíma um þad, sem þjer getid gladzt af í eilisdinni“. Þessi ord fengu mikid á keisarann, og hann gat ekki tára bundið, þegar hann skildist vid Nilus.

15. Madurinn, sem var grafinn lífandi.

Frásaga þessi er sögd af manninum sjálsum,

og er vert, ad halda henni á lopt, almennungi til vidvørunar.

„Jeg hafdi lengi legid veikur í uppdráttarsýki, og var ordinн oldungis mættvana; en þad var eins og lífssílfinningin yrði því næmari, því meir sem líkamans fraptar þverrudu. Æ augnatilliti læknisins sá jeg, ad hann taldi mig af, og á sorgarsvip næunga minna, ad þeir bjuggust vid dauda mínum. Eitt kveld vard jeg var vid einhver sóttarbrigdi; jeg fann til óvenjulegs titrings; þad var eins og lækjarðuda í eyrunum á mjer, og eins og óteljandi ljettar og gljáandi myndir sveimudu fring um rúmid mitt. Jeg ætladi ad hreifa mig, en gat þad ekki. Dálitla stund var jeg óttalega ringladur, en þegar ringlid leid frá, fjell jeg aptur fulla rønu, en gat hvorki hrært legg nje lid. Jeg heyrði grát vid hlídina á mjer, og ad konan, sem þjónadi mjer, sagdi: „Hann er dainn“. Mjer er eigi audid, ad segja frá því, hve bilt mjer vard vid, ad heyra þessi ord. Jeg reyndi af alefli til, ad hreifa mig, en gat ekki hrært svo mikil sem augnalokin. Þegar lítil stund var lidin, kom vinur minn nær, þrútinn af ekka og harmi, strauk hendinni um andlitid á mjer, og liet aptur á mjer augun. Nú sá jeg ekki lengur hlutina í fring um mig, en hafdi þó bædi heyrni og tilfinning. Þegar búid var ad veita mjer nábjargirnar, gat jeg ráðid þad af því, sem sagt var,

ad vinur minn var genginn út úr herberginu. Nú var farid ad klæda mig í lífsfotin, og bloskradi mjer hugsunarleyxi heirra, sem ad því unnu. Þeir voru ad hlæja sín á milli, og veltu mjer vid á hýmsar hlidar med vídbjóðslegum gamansyrdum. Í þrjá daga komu vinir mírir, þangad sem jeg var, og sumir heirra tóku á mjer. Pridja daginn sagdi einhver, ad þad væri kominn af mjer nálykt; var þá komid med líklistuna, jeg tekinn upp og lagdur í hana. Vinur minn ljett svæfil undir hofud-íð á mjer, og jeg fann, ad tár hans hrundi ofan á andlit mitt. Þegar allir mírir nánustu funningjar um stund hofsdu skodad mig í líklistunni, heyrði jeg, ad heir gengu burt, og ad fistulokid var skrifad fast. Jeg heyrði, ad sá, sem þetta gjördi, var ad blístra, á medan hann sneri skrifunum. Jeg fann, ad líklistan var tekin upp, og borin burt; jeg heyrði og fann, ad hún var látin upp í líkvagninn, og þóttist vita, ad hún væri flutt til grasaðinnar. Jeg heyrði, hvernig reipin skrjáludu utan um fistuna, og fann, hvernig henni var sveiflad til, og hún látin súga nidur í grófinna; jeg heyrði, ad bónin duttu á fistulokid. Jeg reyndi nú af öllum mætti til, ad hreifa mig, en þad kom fyrir alls ekki, því kraptar mírir voru eins og fjöstradir. Med óttalegri angist heyrði jeg, ad moldin hrundi ofan á mig. Smásaman dró úr þessu hljóði, eptir því sem grófin syltist, og af litlum skjálsta,

sem kom á líklistuna, gat jeg getid mjer til, ad
 grafarinn væri ad stappa nidur moldina, og slá á
 hana med refunni. Þetta hætti líka, og øllu slo
 í högn. Mjer var ekki hægt, ad telja tímana, og
 jeg hugsadi med sjálsum mjer: „„Þetta er daudinn,
 og hjer verð jeg ad bida til hins eftsta dags. Brád-
ad finna dálstid hús, sem stóð assíðis. Hann reid þangad og bardi ad dyrum; húsbóndinn, sem var Gydingur, kom til dyra og tók mjög vinsamlega á móti honum. Óverdrinu slotadi ekki, nótin rann á, og nidamþyrkur var úti. Bóndinn kynokadi sjer vid, ad halda á fram, en þótti þó ad hinu leytinu mikid fyrir, ad gjöra hinum vingjarnlega húsbóna átrodning. Hann beid því vid, óviss um, hvad hann ætti af ad ráda, en á medan kom Gydingurinn inn, setti mat á bordid og mælti: „Pad er komid fram á nótt, dimmt úti og illt vedur; jeg held því þad væri bezt fyrir ydur, ad vera hjer í nótt, ef þjer viljed gjöra ydur þad ad gódu; á morgun snemma getid þjer haldir á fram í drottins nafni, þegar þjer erud búnir ad hvila ydur“. Bóndinn þádi þetta seginsamlega; bordadi síðan med góðri matarlyst, og ad því búnu háttadi hann í mjúku og gódu rúmi, og svaf sætt og vært, þangad til um sólarupplomu. Þegar hann var kominn á sætur, var honum aptur borid ad borda og dreskla. Bóndanum fannst svo mikid um þessa gódvild og gestrisni, ad hann í þakklætis-skyni lagdi gullpening í lófann á Gydingnum; en hann vildi med engu móti þiggja hann og mælti blidlega: „Teg hef ekki gjort þetta í ábataþyni; eigid sjálfir pening ydar, og leyfid mjer ad halda þeirri medvitund, ad jeg hef breytt, eins og leg sedra minna bjóda mjer“. Bóndinn vard forvida

og sagði: „Hvad heitid þjer, heillamadur“? „Þekk-
id þjer mig ekki aptur“? svaradi Gydingurinn bros-
andi; „jeg heiti Natan Ísmael“. „Hvad þá? Er-
ud þjer“? spurdi bóndinn, og skammadist sin. „Sá
sami“, greip Gydingurinn fram í, „sem syrir ekki
allslöngu kom til ydar og beiddist næturgistingar;
en þetta ætla jeg ekki ad erfa, heldur bidja ydur,
ad synja aldrei eptirleidis naudstøddum ferdamønn-
um hjálpar, þegar þá ber ad húsum ydar. Ef þjer
gjørðit þetta, þá er meir en borgadur sá litli greidi,
sem jeg hef synt ydur, og ydar og minn gud,
drottinn Sebaoth, mun blessa ydur“.

50. Sókrates.

Pegar Sókrates var dæmdur til dauda, sagði
kona hans vid hann: „Hvernig víkur því vid, ad
þú ert saklaus, og verdur þó ad deyja“? „Bildir
þú þá heldur,“ svaradi Sókrates, „ad jeg dæi
sekur“?

51. Napóleon og eplakonan.

Napóleon keisari 1. gekk í œstu sinni í her-
mannaskólan í Brienne. Af því honum þóttu
góð aldini, kvepti hann þau idulega af konu nokk-
urri þar í boenum, sem seldi jardarávætti. Pegar
hann var peningalaus, lánadi hún honum þad,
sem hann fjekk hjá henni, og þegar hann aptur
eignadist stíldinga, borgadi hann þad. En þegar

hann sör úr skólanum, átti hún þó hjá honum nokkra dali; og hegar hún í síðasta sinni færði honum fullan disk af eplum og vinberjakónglum, sagdi hann: „Nú fer jeg burt, kona góð! og get ekki borgad ydur; en ydur skal ekki verda gleymt“. Sölu-konan svaradi: „Setjíð þad ekki fyrir ydur, ungi herra; gud haldi hendi sinni yfir ydur, og gjöri ydur ad gæfumanni“.

Eins og alkunnugt er, vard Napoleon síðan hershöfdingi, þá fyrsti rædismadur, og loksins keisari; en ekki hafdi eplakonan í Brienne enn þá fengid skuld sína borgada. Þó hafdi hún þessi ord hans: „Ydur skal ekki verda gleymt“, og hau voru eins góð og reidupeningar, eda jafnvel betri. Því einu sinni, hegar menn áttu von á keisaranum til Brienne, kom hann þangad nokkru ádur í kyrrþey, og var á gangi ad hugsa um sína lidnu æskudaga. Allt í einu stóð hann við á strætinu, studdi fingrinum á ennid, eins og hann væri ad hugsa sig um, nefndi eplakonuna á nafn, spurdi, hvar hús hennar væri, sem var orðid mjög hrørlegt, og gekk inn til hennar med einum manna finna. „Get jeg fengid hjer nokkud ad hressa mig á“? sagdi keisarinn. „Já, gjarnan“, svaradi konan; „eplin eru fullspröttin“, og bar þeim svo epli. Medan komumenn voru ad borda þau, spurdi annar heirra: „Þekkisid hjer líka keisaran, sem kvad vera hjer í dag“? „Hann er ekki enn þá kominn“, svaradi kon-

an; „hann kemur síðar í dag; því ætli jeg þekki hann ekki? Hann hefur leypt af mjer margan dísl og marga körzu fulla af aldinum, medan hann var ungur og gekk hjer í skóla“. „Borgadi hann þá líka reglulega allt, sem hann fjekk“? spurdi komumadur. „Já, því var óhætt“, svaradi konan. Þá mælti komumadur: „Þjer segid ekki satt, kona! eda þjer erud minnislitlar. Fyrst er nú þad, ad þjer þekkis ekki keisarann; því ad jeg er keisarinu; og þá er hitt, ad jeg hef ekki borgad ydur eins reglulega, og þjer segid, því þjer eigid enn þá tvö dali hjá mjer“, og í sama vefsangi lagdi fylgdar- madur hans fjögur eda fimm hundrud dali á bordid. Þegar konan nú þekkti keisarann aptur, og heyrði gullpeningana hringla, fjell hún honum til fóta, og vard rjett frá sjer numin af gledi og þakklatsemi. Børn hennar urdu líka øldungis hissa, og viðsu ekki, hvad þau áttu ad segja til alls þessa. Sidan baud keisarinn ad rísa hús ekkjunnar, og reisa annad betra hús handa henni á sama stæd. „Í þessu húsi“, sagdi hann, „ætla jeg ad halda til, þegar jeg kem til Brienne, og vil láta kalla þad í höfudid á mjer“. Hann hjet einnin konunni, ad koma børnum hennar til manns, og enti þad líka.

52. Þjetur mikli og fátæki bóndinn.

Þegar Þjetur mikli sat ad ríkjum í Rússlandi, lisdi fátækur en rádvandur bóndqmadur, sem hjet

Teódór, í þorpi einu skammt frá Þjetursborg. Hann hafdi þegar eignað þrjú börn, sem öll voru hraust og esnileg, þegar kona hans Lóðíska ól tvíbura, pilt og stúlfu. Þótt hann væri fátækur, þótti honum þó vænt um þessu guds gjöf, og treysti því, að hann, sem sœdir fugla loptsins, mundi líka gesa sjer braud handa børnum sínum. En hann var áhyggjufullur út af því, hvar hann ætti að fá nögu marga skírnarvotta; að sönnu hafdi hann two, sem sje einn uppgjafadáta og tengdamóður sína; en hann var í vandrædum med hinu þridja, því að hínir bændurnir í þorpinu þóttust upp yfir honum, að því að hann var fátækur, og of gódir til, að halda børnum hans undir skírn. Þá bar svo vid eitthvert kveld, að stafkarl nokkur kom inn í kosa hans, og beiddi hann að gesa sjer braudbita og vatn ad drecka. Hann sagdist vera yfirkominn af þreytu, en bædi hefdi herramadurinn og eins bændurnir í bænum út hýst sjer, og rekið sig burt med hardri hendi. Teódór svaradi: „Þad skal jeg i sannleiska ekki gjöra; vertu velfominn i míni húsi, því að þú kemur, eins og þú værir kalladur. Jeg hekki á þad, hve hardbrjósta og hrokafullir ibuar þessa bœjar eru; en hjer skal fara vel um þig. Þú skalt ekki drecka vatn, heldur ól, því að heimili mínu hefur viljad til mikid happ, med því drottni hefur þóknazt, að láta konu mína ala tvíbura, pilt og stúlfu“. „Lofadu mjer ad „sjá børnin“, sagdi sørumadurinn;

„því ad jeg þykist geta sagt mænnum orlög sín“. Teódór sötti nú tvíburana, og sýndi honum þá. Þá mælti fórumadur: „Ei, þad eru falleg börn; jeg sje undir eins á heim, ad þau munu verda lánsom“. „Mæl þú manna heilaſtūr“! svaradi fadirinn, og vard gladur vid; síðan sagdi hann: „Nú skulum við borda og drekka, og svo leggjast til svefn. En á morgun skaltu vera um kyrrt hjá mjer og halda børnunum undir skírn“. Komumadur hádi þetta bod, og hótti bóna vænt um. Heir settust nú við bordid og átu kveldverd, og er heir høfdu talad saman um stund, lögðust heir til svefn í hálmseeng í einu stofuhorninu. En er bóni vakanadi um morguninn, brá honum í brún, þegar hann sá, ad gestur hans var horfinn. Honum hótti þetta nijög illa farid, og sagdi við sjálfsan sig: „Fy, karltetur! ekki bjóst jeg við þessu af þjer; jeg tók vinsamlega á móti þjer, veitti þjer þann beina, sem jeg gat, og baud þjer til, ad vera skírnarvottur, og þú launart svona vinsemð mína. Er þá engin gódvild framar til á jördinni? Hvar ætli jeg geti nú fengid þridja skírnarvottinn?“ Til ad hafa af sjer, gekk hann út og fór ad kljúfa brennsluvid. Hin eldri børn hans voru ad leika sjer skammt frá. Þannig leid nú tíminn fram undir middegi; þá falladi elzti pílturinn upp og sagdi: „Fadir minn! gjørdu ekki nema líttu á þá prúdbúnu riddara, sem fara þarna um

bænn". Teódór leit upp og sá, ad flokkur manna í litlscédum nálgadist kosa hans. „Hverjir munu þetta vera?“ sagdi hann, og í sama vefsangi bar flokinn þar ad, og reid keisarinn fremstur í vídhafnarbuningi sínum, en allir, sem vetlingi gátu valdidi í bænum, eltu flokinn af forvitni. Þad datt ofan yfir þá alla, og ekki sígt ofan yfir Teódór, þegar stórmenni þessi námu stadar hjá lotbœ hans.

Teódór hektti keisarann, fjell honum til fóta, og sagdi næstum því sjálfsandi: „Hvad veldur, mildasti herra keisari! ad þjer komid til ydar vesala þjóns?“ Keisarinn svaradi: „Stattu upp, eda ætla-
r þú ad bregda ord þín? Þekkir þú ekki lengur staflarlinn, sem var hjá þjer í gærkveldi?“ Þad var nú eins og skyla dytti frá augum Teódórs; titrandi mælti hann: „Þad varst þá þú, herra keisari“. „Ía, vist var þad jeg“, svaradi keisarinn; „jeg hafdi heyrт margar sögur af hardýdgí Herramannsins og bændanna í bœ þessum, og ætla-
di sjálfur ad reyna, hvada tilhæfi væri í heim. Þú varst sá eini rádvandi madur, sem jeg fyrir hitti. Þess vegna ætla jeg nú ad launa þjer, eins og þú átt skilid. Herramanninn í bænum rek jeg í útlegð; þú skal koma í hans stad, og jeg skal gjøra stórvél til þín“. Síðan sneri hann sjer til færnauta sinna, og mælti: „Og nú, herrar góðir! vid skulum allir halda barni manns þessa undir

skirn. Jeg ætla ad bidja þdur ad gefa sómasamlega skirnargjöf". Óg þad vard ord og ad sönnu. Teódór átti hágt med, ad átta sig í þessari heppni, sem honum kom svo mjög ad óvörum. Þegar búid var ad skíra børnin, ljet keisarinn skómmu síðar sækja þau, og upp ala á sinn kostnad. Sonurinn var hafinn í greifastjett, og af honum er kominn tiginn ættbálkur, sem enn er í bezta gengi í Itússlandi. Dóttirin giptist fursta nokkrum þarlendum. Teódór, sem nú var ordinн ríkur herramadur, var jafnan í kærleikum vid keisarann, og til daudadags þakklátur fyrir gæsu sína og barna finna.

53. Húskaupin.

Englendingur nokkur, ungar og audugur, sem lagdi stund á bóknám í Göttingen, reid einn góðan vedurdag til Nordheim, sem er lítið þorp, tvær milur vegar þadan, sem hann átti heima. Þegar hann kom til bœjarins, sá hann, ad fjöldi manns gekk inn í rádhúsíð, og þar ed honum var forvitni á ad vita, hvad um væri ad vera, kom hann hestí sinum fyrir, og gekk sjálfur þangad. Hann komst þá ad því, ad verid var ad halda uppbodshing, en viði þó ekki, hvad verid var ad selja, heldur heyrði einungis, ad bodnir voru 395 dalir. Hugsadi hann þá med sjer, ad sjer væri óhætt, ad bæta vid 5 dolum, og baud því 400 dalir. En þad vildi svo

til, ad enginn baud betur, svo ad hann vard hæstbjóðandi, og hid uppbodna var slegid honum. Honum vard bilt vid, þegar hann heyrði þetta, og spurdi, hvad þad væri, sem hann hefði keypt. Kølludu menn há hlæjandi upp og ssgdu, ad þad væri hús. „Þad er vel farid“, sagdi hann; „hús er ætid hægt ad nota; en fylgid mjer nú þangad, svo jeg geti sjed, hvada hús þad er, sem jeg hef eignaðt, og hvad jeg fœ syrir peninga mína“. Ráðstofubjónninn gekk á undan honum, og fjöldi manns slóst í fórina; en þegar heir komu inn í eitt mjótt stræti, nam þjónninn stadar syrir utan dálitid hús og sagdi: „Ætid á, hjer er eign ydar“. Hinn ungi madur gekk inn í húsid, og sá þar komu eina, sem sat og fórnadi hondum og var ad gráta. „Hvad gengur ad ydur, kona góð“? spurdi hann, „og hví erud þjer ad gráta“? Hún svaradi snöktandi: „Æ, gud hjálpi mjer; heir eru nú ad selja hústetrid mitt á ráðstofunni, af hví jeg get ekki borgad skuld mína. Jeg á brádum ad flytja hjédan, og er húsnædislaus. Jeg er gomul og hrum, og mesti aumingi; Gud veit, hver vill nú skjóta skjólsþúsi yfir mig. Jeg vildi jeg væri daud; þá gætu heir tekið þennan húskosa, og gjort vid hann þad, sem heir vildu“. Þá mælti Englendingurinn: „Verid þjer rólegar; þad skal enginn taka húsid frá ydur; hví ad jeg hef keypt þad, og gef ydur þad aptur. Af andvirdinu verdur skuld ydar borgud, og þjer megin

vera hjer í nædi. En ef ydur gildir þad einu, þá ætla jeg ad láta búa til dálítid herbergi í húsinu, og halda þar til, þegar jeg kem til Nordheim".

54. Konungurinn og vosan.

Stuttu eptir ad Fríðrik Ágúst 2., kjørfursti í Særen, kom til Vinarborgar 1691, vard hann al-údar - vinur yfirhertoga Jósefs, sem skømmu ádur var kjørinn til rómversks konungs. Einhvern morgun, þegar kjørfurstinn lá í rúmi sinu, komu bod til hans, ad Jósef vildi få ad tala vid hann. Hann brá skjótt vid, klæddist og gekk til konungs. En honum brá í brún; þegar hann fann konung rúmfastan og náfølan. Kjørfurstinn kalladi upp og mælti: „Gud minn góður! hvad gengur ad ydur?“ Jósef svaradi: „Í nött bar fyrir mig ógurlega sýn? Hjer um bil tveimur tímum eptir ad jeg var hattadur, heyrði jeg, ad einhver nálgadist srefnherbergi mitt; af því jeg hjelt, ad þad væri þjónustusveinn minn, dró jeg ekki rúmtjaldid til hlidar, heldur ávitadi hann fyrir þad, ad hann væri ad gjöra miðr ónædi; en í sama auginabliki hringladi í hlekkjum. Jeg litadist um, og sá snjóhvíta vosu, sem med ógurlegrí røddu sagdi vid mig: „„Jósef! jeg er sál, sem þjáist í hreinsunareldinum. Gud sendir mig, til ad vara þig vid heirri gløtun, sem þjer er búin, ef þú heldur vináttu vid kjørfurstann í Særen. Yfir gef þú hann, ella mátt þú búast vid eilístri fyrir-

dœming. Ad þrem dögum sínum kem jeg aptur, ad sælja svar hitt"". Ad svo mæltu hvarf vofan. Eptir fáein auggnablik fann þjónn minn mig í ɔngviti. Nú er jeg dálítid hressari, og vona, ad fá fyrirgesningu synda minna. En jeg er hugþjúkur út af ástandi yðar, frendi minn góður! Þess vegna grátbæni jeg yður um, ad taka vora helgu katólsku trú, svo ad þjer ásamt mjer getid erft eilist líf".

Nú leid og beid, en þridja daginn háttadi Kjørfurstinn hjá konungi, eptir hví sem heim hafdi talazt til. EKKI leid langt um, ádur en heit heyrdu hringla í hlekkjum, og rödd, sem æpti: „Jósef, konung i Rómaríki“. Kjørfurstinn vildi ekki heyrja meira, heldur stókk ofan úr rúminu, og greip utan um vofuna; en hún sjell á knje og æpti: „Jesús María“! Komst þad þá upp, ad þetta var einn af munlunum vid hirdina. Kjørfurstinn skelldi skollehrunum vid bœnum hans, bar hann ad glugganum, fleygdi honum út um hann og sagdi: „Far þú aptur í hreinsunareldiun, hvadan þú svívirdilega hefur strokid“.

55. Hirdsfl Hinriks 4. Frakkakonungs.

Aubigue, sem var hirdsveinn Hinriks fjórða Frakkakonungs, var allt í einu vikid úr embætti. Hirdsflid Decou, sem átti stöðu sína honum ad þakka, vard svo gramur af heim rangindum, sem þessi velgjørðamadur hans vard fyrir, ad hann

cinnig sagdi af sjer embætti sínú. Nokkru síðar mætti konungur honum á fornnum vegi, og spurdi hann, hvadan hann læmi. Decou svaradi: „Já“. Konungur mælti: „Hvert ætlað þú“? Decou svaradi: „Já“. Konungur: „Hjá hverjum ertu núna“? Decou: „Já“. Konungur: „Hesur þú heitstrengt, ad segja ekki annad en já“? Decou svaradi: „Já“, og stundi vid. Konungur: „Hvers vegna ertu svo hnugginn; jeg skípa þjer ad segja mjer, hvad því veldur“. Decou: „Já“. Konungur: „Seg þú þad þá undir eins; annars fer illa syrir þjer. Hvers vegna hesur þú ekki svarað ódru en já til allra spurninga minna“? Decou mælti: „Af því ad vid Aubigue høfum til ofkar eigin ógæfu fengid ad kenna á því, ad heir sáu, sem eru trúir og dyggir, en sem dirfast ad svara ydar hætign ódru en „já“, verda ad yfirgefa þjónustu ydar“. Hinrik vard hiðea á þessari einurd hirdsísls sínus, og tók Aubigue skømmu síðar aptur í sátt vid sig.

56. Bókasolumadurinn.

Einu finni kom skáld nokkurt til bókasolumanns, sem var ríkur og drambsamur, og átti prentsmidju auf bókahlödu sinnar. Skáldid baud honum til prentunar litid kvæðasafn, med mestu kurteisi. Bókasolumadurinn spurdi hann med hrokafullu vidmóti, hvada madur hann væri. Skáldid svaradi: „Jeg er einn af heimi mönnum, sem hafa hjálpað til

ad gjøra þdur ríkan, en því midur líka rusta-legan".

57. Berhenti dansarinn.

Í þe einum upp til sveita var madur nokkur af borgarastjett svo djarsfur, ad bidja stúlku af tignum stigum, ad dansa vid sig. Hún leyfði þad mildilega. En þegar átti ad fara ad dansa, og hinn ungi madur hljóp til og ætladi ad rjetta ad henni höndina, sá hún, ad hann var berhentur. Það var sem sje svo mikill aði á honum, ad honum hafdi gleynið ad láta á sig vetrslingana. Hún sagdi þá med hædilegum svip: „Grud þjer þá berhentur, herra minn“? Hann svaradi: „Já, þess vegna etla jeg ad þro mjer um hendurnar, undir eins og dansinn er búinn“.

58. Ferdamadurinn.

Madur nokkur var á ferd. Af því hann syfjadi, fór hann af baki, batt hestinn vid fótinn á sjer, lagdi sig út af og sofnadi. Medan hann svaf, nuggadi hesturinn beizlid fram af sjer og fór sinn veg. Þegar madurinn valnadi, leit hann í kring um sig og sagdi: „Ætli jeg sje Jón Jónsson eda ekki? Sje jeg Jón Jónsson, þá hef jeg misst hestinn minn; en sje jeg ekki Jón Jónsson, þá hefur mjer fjenagt beizli“.

59. Audnuskipti, eda Skin eptir skúr.

Í Arrad í Ungarn bjó læknir nokkur, ad nafni Bükvald, sem i strídinu milli Austurríkiðmanna og Frakka var yfirlæknir vid spítala hinna fraknesku herteknu manna. Hann hafdi einn af þessum mönnum til ad þjóna sjer, og þessi madur bad hann einhvern dag um, ad miskuna einum stall-brödum sínum, og sagdi, ad hann mundi deyja út vessold og volædi, ef honum væri ekki líknad. Hann átti semi sje ad þjóna umbodsmanni noktrum, sem ljet hann kenna sýni sínum, en fór svo illa med hann, ad hann gaf honum bandingja-mat, og ljet hann á nóttunni sofa í járnnum hjá hinum bandingjunum, svo hann ætladi ad veslast upp af óþrifnadi. Læknirinn, sem var brjóstgódur madur, ljet sækja hennan hágstadda mann, og var hann mjög aumfunarlega útlitandi, násolur í framan, og allur rifinn og tøttur; en ad ødru leyti var hann ungar, mannvænlegur og frídur sýnum, og sýndi med kurteisi sinni, ad hann var vel uppalinn. Læknirinn spurdi, hvada madur hann væri. Hann svaradi: „Jeg er einn af hinum lægri yfir-mönnum vid herinn, og heiti Hinrik Penchant; sjáid aumur á mjer, svo jeg veslist ekki upp í eymd og óþrisum; gefid mjer fær í, ad vinna sýrit lífi minu med því, ad segja ødrum til; jeg hef stundad bóknám, og vil gjarnan leggja hart á mig, svo jeg verdi ydur ekki til þyngsla, ef þjer

freldsid mig úr þeim naudum, sem jeg er í". Læknirinn spurdi, hvad hann kynni. Hann svaradi: „Jeg kann fraknesku, latinu, ensku og ítölsku, náttúruþugu, efnasfrædi, náttúrusfrædi og stjórnarvisindi". Læknirinn reyndi hann, og komst ad raun um, ad hann var ágætlega vel ad sjer; síðan tók hann hann med rádi konu finnar heim til sín, ljet hann lauga sig, og fjekk honum ónnur fót. Þyrir milligøngu læknisins var hann fenginn til ad kenna sonum greifa Venkheims stjórnarvisindi og adrar visindagreinir, og baud greifinn honum 50 gyllini um manudinn í kennslukaup, en Hinrik vildi fyrst ekki þiggja neina borgun, þangad til læknirinn sagdi vid hann: „Þad sæmir ekki í ydar stödu, vinur minn, ad vera drambSAMUR". Hinrik svaradi: „Þjer hafid rjett ad mæla; jeg ætla ad taka vid borguninni, en treysti því, ad jeg einhvern tíma geti endurgoldid hana".

Hinrik var hjá lækninum um veturinn, og ávann sjer meir og meir hylli hans og virdingu, en fordadist jafnan ad tala um eitt sína og náunga, og vard mjög sorghitinn, ef á þad var minnzt. „Leyfid mjer", sagdi hann þá, „ad kalla mig vin ydar; þad er hid eina nafn, sem nú getur veitt mjer noktra huggun; œ! jeg á hvorki födur, frændur nje vini; jeg á enga fósturjörd lengur".

Pegar rúmt ár hannig var lidid, bar svo vid

einn morgun, ad kaupmadur nokkur gjørdi bod fyrir lækninn, ad hann vildi fá ad tala vid hann, og er hann fann lækninn, mælti hann: „Er ekki frakneskur hertekinn madur hjá þdur, sem heitir Hinrik Penchant“? Læknirinn játti því, og sjet kalla á hann. Þá sagdi kaupmadurinn vid hann: „Er ekki brjes þetta til þdar, herra minn“? „Jú“, svaradi Hinrik. Kaupmadurinn: „Þá er líka þessi ávisun, ad upphæd 20,000 gyllini, til þdar“. Hinrik: „Pad er sem þjer segid, og til sanninda merkis um þad hlýtur einnig í þessu brjefi ad vera vegabrjes fyrir mig frá stjórnarherra Tousché. Loftið þjer mjer eitt augnablik ad lesa þetta brjef í nædi; því ad jeg er eins og frá mjer numinn af von og gledi. Jeg óska ad fá helming ávísunarinnar borgadan út í hond, og hinn helminginn med áreidanlegu víxlbrjefi, sem jeg þegar geti fengið útleyst í Vinarborg“. Síðan gekk Hinrik burt, en ad stundu síðinni kom hann aptur og sagdi vid lækninn og konu hans: „Beztu hjón, sem hafð gengið mjer í foreldra stad, ykkur á jeg ad þakka líf mitt, og þad er helg skylda míni, ad segja ykkur æfisøgu mína. Jeg heiti ekki Hinrik Penchant, heldur Oktavió Segur, og er sonur stórdróttseta keisaraus; hershöfdingi Segur er bródir minn. Jeg var einn af hinum öðri sjálumönnum í Frakklandi, átti konu og börn, og mjer ljek allt í lyndi, þangad til ad jeg árið 1804 átti, eins og allir

þýslumenn í Frakklandi, ad safna atkvædum um kosningu Napóleons til keisara. Þeg gjørði þad ekki. Napóleon ferdadist um sýslu mína, og átaldi mig hardlega fyrir hirduleyssi. Þeg sagdi honum hreinskilnislega, ad jeg hesdi verid stallbrödir her-toga Enghien (sem hann hafdi látið drepa), og hans bezti vin, og ad jeg mundi trega hann alla æfi. Keisarinn varð ódur og uppvægur, og hotadi mjer öllu illu. Þeg sá, ad þad var ekki til góðs ad býda, og ad ekki var annar vegur, til ad forða lífi mínu, en flýja sem skjótast. Þeg flúdi því úr Frakklandi til Hollands, tók mjer annad naðn, ljet skegg mitt vaxa, svo jeg skyldi ekki þekkjast, og fór til herdeildar herror, sem brödir minn var settur yfir; þar tók jeg herþjónustu sem óbreyttur dáti, en varð síðan einn af hinum lægri yfirmönnum. Þeg for-dadist ad komast hærra, sem mjer hó hesdi verid hægt sökum menntunar minnar, til þess ad komast ekki í nánari funningaskap vid hina hærri foringja, og ljet jafnvel ekki bródur minn vita, hver jeg var. Þeg var hertekinn, og þjer rehnduzt mjer vinur, frelsari og fadir. Fyrir skemmtu fjell jeg ad vita af einum flekksforingja, ad fadir minn harmadi allt af miðsi sonar síns, og heimtadi ekkert nema hann af keisaranum, sem gjörir stórvél til hans, en full-víssar hann um, ad hann viti ekkert um mig, og hafi ekkert gjört til ad hegna mjer; líka sagdi hann mjer, ad keisarinn hesdi bodid, ad leita hvervetna ad

mjer og hafa mig uppi, hvort sem jeg væri líss eda lídinn. Jeg hafdi verid fimm ár í herdeild bródur míns, án þess ad láta hann vita, hver jeg var, og viði ekki, ad keisaranum hafdi smízt hugur. Eftir ad jeg var hertekinn, skrifadi jeg fóður mínum til, og fjölt aptur frá honum ástúdlegt svar, fje og vegabréf, svo eg gæti sem fyrst komið heim til hans; og til þessa langar mig líka mjög, þótt mjer ad ódru leyti þyki mikil fyrir ad skilja vid yður, vinur minn og velgjördamadur. Hafid beztu þakkir, góðu hjón, fyrir breytni ykkar vid mig. Begni ykkur ætild sem bezt"! Síðan kvaddi greifi Segur þau vinsamlega, og gátu hvorki þau nje hann tára bundizt. Síðar sendi hann heim góðar gjafir, og skrifadi lækninum síðast til frá Spáni árid 1812, og sagdi honum, ad hann væri þar í árðandi erindagjörðum fyrir keisaran.

60. Ídrun Úukanans.

Hinn nafnfrægi Skoti Úkanan, sem vard aðgætur og árvakur kennimadur, og vardi miklum hluta œfi sinnar til ad út breida guðsríki, var í œskunni ɔldungis hirdulaus um trúarbragdaefni. Þad, sem fyrst valti athygli hans í þessu efni, var samtal, sem hann átti vid Skózlan háleining. Bóndinn spurdi hann sem fje um trú hans. Úkanan svaradi: „Jeg hef enga trú; jeg er í heim efnum eins og hvitt pappírsblad". Þá sagdi bónd-

inn: „Varid ydur, ad djøfullinn skrif efti nafn
sitt á þad“. Út af þessum fáu ordum vard Bukan-
an hugsandi, og var efti í rónni, fyr en hann hafdi
fundid sannleikann.

61. Gamlir kunningjar.

Zinendorf greifi var einu sinni á gangi nálægt Hernhút, og var kominn langt inn í aßfekktan skóg, án þess hann gætti ad hví. Þá hljóp ad honum vopnadur madur og heimtadi af honum þyngju hans. Greifinn ljæt sjer efti bilt vid verda, heldur dró peningabuddu upp úr vasa sínum, tók úr henni einn dal, fjekk hann ræningjanum og sagdi med meðsta alvørusvip: „Pad er ljótur atvinnuvegur, sem þú hefur, madur minn, og hann verdur fyr eda síðar hengingaról þín. En þegar farid verdur med þig til astókustadarins, skaltu þó efti örvcanta um frelsi jálar þinnar, heldur minnast þess, ad Kristur er líka dáinn fyrir þinar syndir, og bidja gud í hans nafni um nád og mistun“.

Eftir þrjú ár kom greifinn í þorp nokkurt í Boeheimi, og medan höfd voru hestaskipti fyrir hann, gekk hann út á torg bœjarins, og sá, ad verid var ad halda þar markad. Í mannþróunginni fann hann, ad einhver klappadi á øxlinna á honum; hann leit vid, og sá mann, sem heilsadi honum vinsamlega, og spurdi hann, hvort hann þekkti sig efti. Greifinn svad nei vid; þá beiddi hinn ókunnugi madur hann, ad

gjöra svo vel ad koma heim til sín. Greisinn fór med honum, og er þeir komu til hibýla mannsins, leiddi hann greifann inn í þólkalega stofu, og sá hann þar unga og fríða konu, sem bar barn á handlegnum. Madurinn fjell nú til sóta honum, og sagdist vera sá hinn sami ræningi, sem fyrir þrem árum hefði rádizt á hann í skóginum. Þau fáu ord, sem greisinn þá hafði sagt vid hann, høfdu fengid svo mikid á hann, ad hann hafði tekið sinnaskipti og bætt ráð sitt. Greifinn tók vinsamlega í hondina á honum og konu hans. Síðan hjelt hann spurnum fyrir um breytni þessa manns, og heyrði þadan í frá aldrei nema gott um hann, og þad eitt, sem sýndi, ad idrun hans var einlæg og kristileg.

72. Veitingamadurinn og flugan.

Cinu sunni var prestur nokkur í Englandi, sem var vel ad fjer og góður kennimadur, og flyktust menn til ad heyrja prjedikanir hans. En gamall veitingamadur þar nálægt sér sig og sárt vid lagdi, ad enginn skyldi fá sig til ad elta þennan vitlausa prest, eins og hann kalladi hann; því ad hann ætladi fjer ekki ad vera sá ganti. Þessi madur var mjög gefinn fyrir songlist og hljóðsæraslátt, og af því menn opt dáðust ad sögnum í þessari kirkju, svo hann heyrði, var honum forvitni á ad heyrja hann, og ljöt fjer um munn fara, ad hann i því skyni fóuni ad fara þangad á næstu stórhátið, en

bætti hví vid, ad hann ætladi sjer ekki ad heyrá eitt ord af þrjedikuninni. Þinn góðan vedurdag fór hann hví til kirkju og hlýddi á sönginn med mesta athygli, en þegar presturinn kom upp í stólinn, halladi hann sjer á fram og stakk fingrunum í bædi eyrun, til þess ad heyrá ekki neitt af rædunni. En þegar presturinn var kominn nokkud fram í ræduna, sem var fögur og hjartnæm, kom stórv fluga og stakk veitingamanninu í nefid. Þetta kom honum svo illa, ad hann neyddist til, ad taka hondina frá ödru eyranu, til ad geta rekid fluguna burt. En í sama augnabliki hljómudu þessi ord frá vorum prestsins: „Sá sem eyru hesur ad heyrá med, hann heyri“. Veitingamanninum vard svo bilt vid þessi ord, ad hann gleymdi sjer og tök óvart hondina frá hinu eyranu, og hlýddi med athygli, hví sem eptir var af rædunni; en þad sjekk svo mikil á hann, ad hann, sem ádur hafdi verið hardsvíradur og andvaralaus, vard upp frá þeim degi eins og annar madur, hætti blóti og ragni og drykkjuskap, og sótti kirkju manna bezt, medan heilsa hans leyfði. Hann lífði í 18 ár eptir þetta vel og kristilega.

63. Smettau hershöfdingi og Prússakonungur.

Fridrik 2. Prússakonungur gekk einu sinni med fótgengulidi sínu eptir djúpu gili, og vid hlidina

á honum gekk Smettau greifi, sem hædi var duglegur hershöfdingi og gudrækinn madur. Æf því þad var seinfarið eptir gilinu, fann konungur upp á því, til ad styttu sjer stundir, ad henda gaman ad gudrækni hershöfdingjans, og hætti honum opt vid síku, því ad hann var enginn trúmadur, heldur mesti sjálfsþyrgingur í heim efnum. Konungur mælti: „Hvernig lídur ydur, Smettau? Hafid þjer fengid góðar frjettir frá skriptasödum ydar í Berlinnarborg“? Smettau svaradi alvarlega og fremur fálega: „Jeg veit, hvorn þjer eigid vid, herra konungur; en þad er svo skritid, jeg hefki hann ekki, og get því ekki kallad hann skriptasödur minn“. Konungur mælti: „Petta er ekki fallegt; þegar skriptasadir ydar fær ad vita, ad þjer hafid afneitad honum syrir mjer, fáið þjer syrir ferdina“. Smettau svaradi: „Jeg afneita engum“. Nú sör konungur syrir alvöru ad spaugast ad honum, og var mjög meinlegur í ordum sínum, svo Smettau gat í syrstunni engu orði syrir síg komið. En þegar konungi vard dálítid á milli, mælti Smettau stillilega, en þó einardlega: „Þjer erud miklu synduari en jeg, herra konungur! og miklu lærdari madur. Þar ad auki erud þjer konungur minn, svo þad er í öllu tilliti ófært syrir mig, ad fara í ordakast vid ydur. En allt syrir þad getid þjer þó ekki svipt mig trú minni, og tækist ydur þad, þá gjördud þjer mjer óbærilegan skada, og sjálsum ydur ekki

þvo lítinn". Konungur, sem varð hiðsa, einkum á þessum síðustu ordum, nam stadar, sneri sjer ad Smettau og sagdi nokkud óblidlega: „Hvernig á jeg ad taka þad, ad jeg skadadi mig, ef jeg svípti ydur trú ydar"? Smettau svaradi: „Þjer halldid, herra konungur! ad þjer eigid góðan líðsmann, þar sem jeg er, og jeg bona, ad þad sje rjett álitid; en gætud þjer svípt mig trú minni, þá öttud þjer ekki annad, þar sem jeg er, en blaktandi reyr, sem þjer hvorki gætud treyst í stríði nje fridi". Konungur svaradi engu, heldur gekk litla stund þegjandi, þangad til hann nam stadar og spurdi vingjarnlega: „Segid mjer, Smettau! í hverju er trú ydar einkanlega innaísalin"? Smettau svaradi gladur og öruggur: „Jeg trúi á gudlega endurlausn frá öllum syndum mínum; jeg trúi á gudlega forsjón, sem telur hvert hár á hófði mínu, og á eilist, dýrdlegt og sölusfullt líf eptir daudann". „Óg þessu trúid þjer med fullri sannfæringu"? mælti konungur. „Já! þad gjöri jeg í sannleika, herra konungur"! svaradi Smettau. Þá komst konungur við, tólk vinalega í hondina á honum og sagdi: „Þjer erud sölir, kæri Smettau!". Síðan hjelst hann á fram í þungum hugsunum, og henti aldrei upp frá því gaman ad trú og gudrækni þessa hershófdingja.

64. Öparfleg iprótt.

Plató' spekingur var einu sinni vidstaddur, þar

sem unglungur nokkur sýndi því líka leikni í ad stúra vagni, ad hann gat látid hestana hlaupa í hring, og næstum allt af fara ofan í sama farid. Allir, sem á horfdu, dádust ad þessu og floppudu saman lósum, nema Plató. Þegar hann var spurdur ad, hvers vegna hann gjørði sig hinum frásneiddan, svaradi hann: „Þar er þessi ungi madur á ekki ad vera vagnstjóri, þykir miði þessi kunnátta hans fremur vitaverd en lofsverd, því þad getur ekki hjá því farid, ad já madur, sem hefur lagt svo mikla stund á, ad nema slika íþrótt, hafi ordid ad vanrækja ad læra þad, sem er þarslegra og miklu meir áridandi”.

65. Nád vid mislyndi.

Ginu finni var madur nokkur í Lundúnaborg, sem hjet Blakvel; hann var vellaudugur og ókvæntur. Af náttúrunni var hann góðlyndur; en af því hann var einn síns líðs, og hafdi ekkert ad starfa, fór hann ad verda dætlungasamur og leidur á lífinu. Stundum sagdi hann vid sjálfan sig: „Hvada gagn hef jeg af fjárrjódum mínum? á jeg einungis ad vera gezlumadur þeirra? heir liggja þarna, og veita miði ekki þá gledi, sem jeg hafdi búið vid? Jeg fœ ekki betur sjed, en ad þurfamadurinn sje eins sœll og jeg, eda jaðnvel sœlli”. Ginu finni var hann í þungu skapi á gangi á Temsárvökkum; þar fann hann mann nokkurn, sem ádur

hafdi verid vinnumadur hans; hann hjet Vilhjálmur, og var ad ríða fiskinet. Þessi madur ávarpadi hann og sagdi: „Af hverju liggur svona illa á þdur, sem erud svo ríkur“? Blakvel svaradi: „Þad er einmitt ríkideimi mitt, sem gjörir mig svo ógæfusaman; hvad á jeg ad gjóra vid allan þann aud“? „Úr því er hægt ad ráða, herra minn“! sagdi Vilhjálmur; „gefisid ɔdrum nokkud af honum; med því getid þjer gjört marga farsela“. Blakvel fór ad hugsa eptir þessu, því ad honum hafdi aldrei dottið í hug, ad gjóra ɔdrum gott af eignum sínum, og mælti: „Kom þú, Vilhjálmur! þú gefur mjer gott ráð; þú skalt líka fyrstur manna hafa gott af því. Hve mikil ætli þú tækir í einu, ef jeg opnadi þjer peningahirzlu mína“? Vilhjálmur svaradi: „Teg, herra? þad væri þó undarlegt. En sje þad alvara þdar, mun jeg ekki hika mjer vid þad; jeg tæki til bráðabyrgda 3000 dali, og kæypti mjer fyrir þá hús, áhöld, smíðatöl og adra þá hluti, sem jeg hef misst í húsbrunanum“. Hann fjekk undir eins sje þetta, kom med því fótum undir sig, og rjetti svo vid esnahag sinn med idjusemi og sparssemi, ad hann gat borgad þad aptur ad nokkrum tíma lídnum. Blakvel tók líka vid því, en gaf þad aptur elztu dóttur Vilhjálms, sem brúdhjónagjøf. Hann hækadi gudi innilega fyrir þá gledi, sem hann hafdi af því, ad gjóra ɔdrum gott, og sýr þad, ad hann hafdi sýnt honum, hvernig hann cetti ad verja rjett

gædum þessa heims. Upp frá þessu leid enginn dagur svo, ad Blakvel ekki gjordi einhverjum gott; hann gekk sjálfur í kring, og leitadi há upp, sem bágt áttu. Þó leitadi hann sjer ekki losß med þessu, og gjordi lítid úr góðverkum sínum, en vildi helzt, ad heir, sem hann hjálpadi, ekki fengju ad vita, hver velgjördamadur heirra var, hví ad hann vard ætíd seiminn, þegar einhver kom, til ad þakka honum fyrir gjasir hans.

66. Presturinn og bóndinn.

Prestur nökkur í Hildisheimi, sem hjet Liffefet, fann einu sinni bónda einn á akri hans og gaf sig á tal vid hann. Medal annars minntist presturinn á embætti sitt, og kvartadi yfir, hve litlir áverxir sæjust af prjedikun guðsords. Bóndinn mælti: „Teg er vanur ad sá og plægja, án þess ad hafa hirdingarvagniin hjá mjer“. Presturinn spurdi, hvad hann meinti med því. Bóndinn svaradi: „Fyrst plægi jeg, þá sái jeg, og síðan fel jeg gudi hitt á hendur, þangad til uppskerutíminn kemur. En þjer viljid bædi plægja, sá og uppskeru allt i einu. Þjer ættud ad fela þetta mál gudi á vald, og bida med þolinmædi eftir ávertinum af vinnu ydar“. Þessi ord komu nidur á rjettum stád, hví ad þessi ungi prestur stundadi ad vísu embætti sitt vandlega og dyggilega, en ætladist til þess í ákasa sínum, ad starfi sinn

bæri undir eins mikinn og sýnilegan ávøxt. Hann hugfesti bónðans ord, og sagdi stundum hinum yngri embættisbrædrum sínum frá heim, þegar heir kvortudu yfir, ad þad liti svo út, eins og heir væru ad vinna fyrir gig.

67. Hyggna fisflid.

Herramadur nokkur hjelt fisl eitt, sem átti ad skemmta honum med syndni og hnittilegum svörum, og var þetta fordum sídur konunga og annara hófdingja. Einu finni fjell herramadurinn fislli finu staf, og baud því ad geyma hann, þangad til þad syndi einhvern, sem væri enn þá meira fisl; þá átti þad ad fá því stafinn. Nokkru sídar bar svo vid, ad herramadurinn veiktið, og sáust fljótt merki til þess, ad sjúkdómur hans var banvænn. Fisflid kom nú ad vitja um húsbóna sinn, og höfst þá þetta samtal milli þeirra:

Herramadur: „Nú verd jeg innan skamms ad skiljast vid þig“.

Fisflid: „Og hvert ætlar þú ad fara“?

Herramadur: „Til annars heims“.

Fisflid: „Og hve nær ætlar þú ad koma aptur“? ad manudi lídnum“?

Herram.: „Nei“.

Fisflid: „Ad ári lídnu“?

Herram.: „Nei“.

Fisflid: „Nú, hve nær þá“?

Herram.: „Aldrei“.

Fislid: „Aldrei? og hvert ráð hefur þú gjort til ad geta stadt og komist vel af á þeim stadt, sem þú ætlar til“?

Herram.: „Alls ekert“?

Fislid: „Getur þad verið? Alls ekert? Þú fer alfarinn burt í adra veröld, og skiptir þjer ekert af því, hvad um þig verdi, eda hvernig þjer líði, þegar þú kemur þangad? Taktu nú vid stafnum, sem þú gafst mjer, því jeg hef aldrei enn þá gjort mig felan í þviliðri heimsku“.

68. Straumurinn.

Unglingur nokkur, sem aldrei hafdi komið á sjó, og var óvanur vótnum, ljæt einu sinni ferja sig yfir breida á. Bærinn, sem hann ætladi til, var hinu megin árinnar, beint undan ferjustadnum. En ferjumadurinn beitti svo mikil í strauminn, að þad var, eins og hann ætladi sjer ad lenda nokkru fyrir ofan bœinn. Ferdamadurinn spurdi því: „Hvad erum vid ad fara, madur minn“? „Beint yfir um“, svaradi ferjumadurinn. „Sje þetta beint“, mælti hinn ungi madur, „þá sje jeg eitthvad skakft; ef vid hjeldum svona á fram, held jeg ekki geti hjá því farid, að vid komum talsvert fyrir ofan lendingu“. Ferjumadurinn svaradi: „Já, ungi herra! ef vid hjeldum svona á fram; en þegar vid komum út í midja ána, mun straumurinn bera ofkur nógum

langt ofan eptir. Þadir minn sœll var vanur ad segja: „Gódur ferjumadur, sem vill komast beint yfir stranga á, verdur, eins og hver kristinn madur, ad stefna heldur ofarlega, því annars berst hann of langt ofan eptir. Annar heirra berst af straumi vatnsins, en hinn af straumi veraldarinnar“”.

69. Skoplegur misskilningur.

Svo bar einu finni vid í þorpi nokkru í greifa-dæminu Kornwallis á Englandi, þegar kjósa átti einn parlimentsmann, ad áhrif þau, sem stjórnarherrarnir og mótmælandi flokkurinn hafdi á kjósendurna, voru svo jöfn, at atkvædi hess eina kjörstjóra, sem eptir var, hlaut ad ríða baggamuninn; og þad gjørði þad líka, svo ad sá var kósinn, sem hjelt taum stjórnarinnar. Hertoganum af Nýja-kastala, sem þá var ædsti stjórnarherra, þótti svo vænt um þetta, ad hann hjet kjörstjóranum œfinlegri vinattu finni, og spurdi hann hvad eptir annad, hvort hann gæti ekki gjört honum neitt til vilja. Kjörstjórinn, sem var bóndi þar í næstu sveit, þakkadi hertoganum innilega fyrir þessa gódvild hans og sagdi, ad tollheimtumadurinn, sem þar var, væri ordinn ellihrumur, og mundi ekki eiga langt eptir, og ad þad væri mikill velgjörningur vid sig og sína, ef hertoginn vildi útvega tengdashyni hans þennan atvinnuveg, þegar hann losnadi. Hertoginn mælti: „Hvers vegna bidjid þjer mig um þvílika smámuni? Undir eins

og tollheimtumannsembættid loðnar, skal tengdasonur þdar fá þad; því heiti jeg ydur". Bóndinn svaradi: „En hvernig get jeg fengid ad tala vid ydur, mísdi herra! því jeg heyri sagt, ad þad sje mísg erfitt ad fá ad tala vid høfdingjana í Lundúnaborg, þótt þeir sju þægilegir vid ofkur, þegar heit koma upp í sveitina". Þá sagdi hertoginn: „Undir eins og tollheimtumadurinn deyr, skulud þjer fara sem skjótast til Lundúnaborgar, aka heint ad húsinu minu, og berja þar ad dýrum, hvort sem þad er á nóttu eda degi, hvort sem jeg er sofandi eda vakandi, heilbrigdur eda veikur. Jeg skal skípa dýraverdi mínum, ad fylgja ydur undir eins til mín, og embættid skulud þjer fá vidstöðulaust".

Ald svo mæltu skildu þeir, og hertoginn var líklega búinn ad gleyma þessu, þegar lítill stund var lídin; en bóndinn hafdi betra minni; því þegar tollheimtumadurinn skömmu síðar dó, var hann ekki lengi ad búa sig til ferdar, heldur óf med aukaþósti til Lundúnaborgar heint ad húsi sjórnarherrans, og bardi þar ad dýrum í mestu ákefð.

Nú hittist svo á einmitt um sama leyti, ad menn í Lundúnaborg bjuggust á hverju augnablíki vid, ad heyra lát Spánarkonungs, sem England vardadi mísg miklu. Þess vegna hafdi hertoginn þá sœmu nótt, sem kjørstjórinн óf ad húsi hans, verid lengi fram eptir á fótum og med mikilli áhyggju bedid eptir brjesum frá Madridarborg. Þó fór hann

loksins ad hætta, lúinn af embættisstórfum, en baud dyraverdi sínum ad vera á fótum, og fylgja sendimanni heim til sín, undir eins og hann kæmi, sem hann á hverju augnabliki ætti von á med áridandi brjes. Hertoginn var naumast sofnadur, þegar fjarstjórinн frá Kornvallis bardi ad dyrum. Bóndinn spurdi, hvort hertoginn væri heima. Dyrvördurinn svaradi: „Já, og háttadur; en hann hesur tekid þad fram, ad fylgja ydur undir eins til sín, hve nær sem þjer kæmud“. På kalladi bóndinn upp og sagdi: „Gud blessi þennan góða og væna herra! þad, sem hann segir, stendur eins og stafur á bók. Teg átti von á því, ad haun mundi ekki láta mig grípa í tómít, þessi hreinskilni höfdingvinur. Hjer eptir skal enginn telja mjer trú um, ad lávardar og hertogar efni ekki ord sín; heir eru, svei mjer! eins rádvandir eins og jeg og minir líkar“. Medan hann var ad tauta þetta vid sjálfan sig, gekk hann upp stigann, og var honum svo fylgt inn í svefuhús hertogans. Í því sama vakanadi hertoginn, sem hafdi verid ad dreyma um Spánarkonung, kalladi upp og sagdi: „Er hann dainn“? og ítrekadi þessa spurningu, medan hann var ad núa á sjer augun. „Já, mildi herra!“ svaradi bóndinn, og gladdist mikillega af því, ad hertoginn skyldi hafa losord sitt í fersku minni. Hertoginn: „Hve nær dó hann“? Bóndinn: „Í fyrradag um midjan dag, eptir ad hann hafdi leg-

id rúmfastur í þrjár vikur, og etid kynstur af medulum; jeg vona, ad þjer, mildi herra, halldid losord yðar, og útvegid tengdasyni mínum þennan litla atvinnuveg".

Hertogann, sem nú var alvalknadur, furdadi á því, hvernig fregn hefdi getað horizt frá Madridarborg á svo stuttum tíma; líka vard hann hissa á þeirri heimsku, ad sendimadurinn skyldi óska, ad sá handa tengdasyni sínum „þennan litla atvinnuveg" eptir Spánarkonung. Hann vard því býstur og sagdi: „Erud þjer fullur? eda erud þjer vitlaus? hvar eru brjefin?" og um leid dró hann rúmtjaldid til hlíðar, og sá, í stæð sendimannsins, sinn digra og durgslega vin frá Kornwallis, sem stóð med hattinn í hendinni, var allt af ad hneigja sig, og bar sýrir sig hans góða losord. Hertoginn hló dátt ad þessum misskilningi sínum, en efndi losord sitt.

70. Fátöki stúdentinn.

Konráð Balding var fátækur prestsson frá Hessén. Hann missti foreldra sína á unga aldri, og var því tekin til fósturs af södurbróður sínum, sem hafdi dálitla verzlun, en var ad ödru leyti fátœkur. Þar ed pilturinn hafdi góðar gáfur og mikla námþýsi, ásetti södurbróðir hans sjer, í trausti til drottins hjálpar, ad láta hann læra, kom honum því í skóla, og var hann þar svo idinn og ástundunarsamur, ad hann útskrifadist med bezta vitnis-

burdi. Síðan fór hann til háskóla, og komst í funningssklap vid einn af háskólakennurunum, og ávann sjer hylfi hans. En þessi kennari sjekk skómmu síðar embætti vid annan háskóla, svo Konrád stod nú aptur uppi einmana med þá litlu hjálp, sem födurbrödir hans gat veitt honum; og bráðum var hann einnig sviptur henni, því ad födurbrödir hans vard bráðkvaddur, og þær reitur, sem hann ljet eptir sig, hlotnudust hans munadarlausu börnum. Konrád tregadi mjög födurbrödur sinn, sem hafdi gengid honum í födur stad. Eptir fráfall hans hjelt hann þó lördómsídkunum sínum vid háskólann á fram med hinu mesta kappi, og lífdi svo sparlega, sem audid var. Veturinn fór nú í hønd, en þessi fátæki stúdent hafdi ekki efni á, ad kaupa sjer eldsneyti; þá kennidi húseigandinn í brjósti um hann; hann var sem sje járnsmídur, og var mestallan daginn úti í smidju, en leyfði Konrádi ad sitja inni í stofu finni, og lesa þar og skrifa vid góðan ófnuhita; somuleiðis baud hann honum ad borda med sjer midddegismat á hverjum sunnudegi, en hina daga víkunnar hafdi hann lítid fyrir sig ad leggja. Leid nú svo veturinn; en um vorid var Konrád ordinn flœðsár og hart nær fjelaus, en átti þá eptir þrjú missiri, ádur en hann gæti gengid undir embættisþróf vid háskólann. Þó var hann ókvíðinn og hughraustur, því ad hann hafdi lært, ad treysta drottni. Í hvíldartímanum

um sumarid sótti hann gamlan kunningja sinn heim, sem var kennari i barnaskóla. Þessi madur átti morg born, en var sárfátaekur; hann tók Konrádi næta-vel, og taladi opt vid hann um hagi hans, og hvad hann ætladi fyrir sjer. Einhvern dag sagdi hann: „En hvers vegna farid þjer ekki til Hollands? Þjer vitid, ad aðt yðar bjó i Ámsterdam, og jeg hevrdi fóður yðar sjálfan segja, ad þar væru enn velesnadir ættingjar yðar. Hvad ætli einhvern heirra munadi um, ad hjálpa yður, til ad lúka vid lærðomsíðfanir yðar? Óg nú ber svo vel i veidi, ad þessa daga verdur sjóvegsserd til Rotterdam, sem þjer getid komist med fyrir litilrædi, því ad jeg er funnugur skipherranum“.

Konrád fjellst undir eins á þessa uppástungu; skólkennarinn leigdi sjer bændavagn, fylgdi honum sjálfur til Rínarfljótsins, og taladi þar vid skipherranu; síðan gaf hann Konrádi nokkurt vegahesti, forna yfirhöfn og dálítid af skildingum, kvaddi hann vinsamlega og bad honum velfarnadar. Þerðin gekk vel, og komst Konrád heill á hófi til Rotterdam; skipherranum fórst einnig vel vid hann, því ad hann vildi ekkert þiggja fyrir ferdina, og útvegadi honum far med óðru skipi til Ámsterdam deginum eptir. Þeir, sem hafa komið í mikla og sjólmenna bœi, einir sínis líðs og öllum ókunnugir, geta getid því nærrí, hve búgt Konrád átti, þegar hann kom til Ámsterdam. Gamall madur, sem

hafdi ordid honum samferda þangad frá Rotterdam og skildi þýzku, fylgdi honum til gestaherbergis nokkurs, og þar settist Konráð utarlega, án þess nokkur skipti sjer af honum. Þegar hann hafdi verid þar um stund, beiddi hann um kveldverð; var honum borinn matur, en miklu meiri, en hann ætladist til. Hann sjekk þar einnig gott rúm, og svaf vel um nóttina. En um morguninn skaut honum skelk í bringu, þegar hann átti ad borga næturgreidan, og hann sá, hversu litid hann átti eptir í buddu sinni afgangs borgununni; áhyggjufullur tók hann þverpoka sinn undir hondina og gekk út í bæinn. Medan hann stóð vid í Rotterdam, hafdi hann spurt, ad hálfsbródir módur hans væri fyrir löngu dainn í Amsterdam, en ad sonur hans lífði og væri ríkur kaupmadur; hann átti þýzka konu, og hefði einkum þýzka menn á skrifstofu sinni. Hann spurdi nú mann nokkurn, sem stóð idjulaus á strætinu, hvar kaupmadur þessi átti heima; en er madurinn hafdi sagt honum til vegar, skaut honum ad nýju skelk í bringu, því ad leidsögumadurinn heimtadi hálfan dal fyrir fylgdina, og var ekki úr því ad oka. Þannig stóð Konráð aptur uppi fjeðlaus og átti engan ad.

Med hálfum huga gekk hann inn í hid reisulega hús þessa ríka ættingja síns, og var honum við sad á skrifstofuna. Þar stóð hann nokkra stund fram vid dyr, án þess nokkur veitti honum eptir-

tekst, eda spyrði hann um erindi sitt; síðan herti hann upp hugann, og beiddi um leyfi til ad mega tala vid kaupmanninni, og er honum var viðad til hans, þar sem hann sat á skrifstofunni, gekk hann þangad, heilsadi honum, og sagdi til nafns sín, og hverra manna hann væri. Kaupmadurinn virli Konrád fyrir sjer frá hvírfli til ilja, hjelt síðan á fram ad skrifa, og spurdi loksins fálega: „Hvert er þá erindi ydar“? Konrád rodnadi af uppburdarleyxi, og lá vid ad gráta, og gat ekki undir eins komid fyrir sig ordi. Þá fór einn af þeim, sem þar voru, ad tala um þýzla húsganga og þýzkan verdgang, þreif nokra smáskildinga og rjetti þá ad Konrádi; en hann tek ekki vid þeim, heldur hneigdi sig og flýtti sjer út; þegar hann kom út, grjöt hann sáran. Þá var nú komid yfir nón, og hann viðsi ekki, hvernig hann gæti fengið ad borda fyrir þá fáu skildinga, sem hann átti eptir, og því sídur, hvernig hann gæti komið aptur til Þýzkalands. Loksins kom honum til hugar, ad leita út úr bænum, því ad matvæli mundu fást þar fyrir betra verd. En hann villtist og kom ofan ad sjó; en er hann gekk fram med ströndinni, já hann floßku rekna, og skein eitt-hvad hvitt út úr henni. Hann tók eptir því, ad brjesmídi lá í floßkunni, en hún var med tappa í og innSiglud, og gat hann í gegnum glerid lesid mannsnafn, sem stóð á brjesinu. Hann hafdi heyrit, ad sjófarendur kasta þess háttar floßkum útbyrdis,

þegar heir eru í einhverri hættu staddir, og leggja brjes í flöskurnar með ýmsum áridandi skyrslum; tók hann nú flöskuna, gekk med hana inn í bæinn aptur, og gat eftir langa mœdu fundid verzluunarfjelag þad, sem brjesið átti ad fara til. Hálshrceddur gekk hann inn í húsid, hví hann bjóst ekki vid góðum vidtökum hjá vandalausum mennum, sem hann var oldungis ókunnugur, har ed honum hafdi verið tekið svo illa af ættingjum hans. Þegar hann kom inn á skrifstofuna, var húseigandinn þar fyrir, gamall madur, vingjarnlegur í vidmóti; hann tók vid flöskunni, dró úr henni tappann, og baud Konrádi ad setjast nidur. Þegar hann hafdi lesið brjesið, sagdi hann á þvíku: „Gudi sje los, ad vid høfum síðar fengið betri frjettir; skipid, sem varstatt í mikilli hættu, þegar flöstuunni var fleygt í sjóinn, liggur nú vid akkeri med heilu og høldnu. Þó vil jeg seginsamlega borga fyrirhosu yðar“. Æd svo mæltu tók hann nokkrá gullpeninga úr vasa sínum, og rjetti þá ad honum. Konrád tók vid heim og þakkadi, hneigdi sig og ætladi burt; en þá kallaði kaupmadurinn á hann aptur, og spurdi hann ad heiti, og hvadan hann væri. „Jeg heiti Konrád Balding“, mælti studentinn, og er frá Hessen“. „Hvad þá?“ sagdi gamli madurinn; „er fadir yðar ekki prestur í N..?“ „Fadir minn var þar prestur“, svaraði Konrád, „en hann er dáinn fyrir tíu árum. „Og módir yðar“?

spurdi kaupmadurinn. Hún lifdi ekki fóður minn nema nokra mánuði", svaradi Konráð. Þegar kaupmadurinn heyrði þetta, stukku honum tár af augum; hann tók vingjarnlega í hondina á Konráði og mælti: „Verid velkomnir í hús míن; fadir yðar sálugi tók einu sinni vel á móti mjer, þegar jeg var fátœfur dáti og kom til hans veikur; hann losadi mjer ad vera í samfleyttar sjé vikur, og fór med mig eins og bezti brödir; adhjúfrun hans og módur yðar sálugu á jeg næst gudi líf mitt ad þakka, og þad sem meira er, jeg á hans góðu vidræðum og samvistum vid hann annad ædra líf ad þakka, því ad hann hafði þau áhrif á hugarfar mitt, sem síðan hafa borid nokkurn ávøxt; honum á jeg ad þakka þad, ad jeg lagdi af æskubresti mína, og sneri mjer til guds. Síðan kom jeg hingad, og byrjadi verzlun mína í þessu húsi, sem tengdafadir minn átti, og hesfur gud ríkulega blesсад mig. En nú verdid þjer ad koma med mjer inn til konu minnar og barna". Konráð funni undir eins svo vel vid sig í húsi þessa væna manns, eins og hann hefði alízt þar upp frá blautu barnsbeini. En hvíldartíminn var nú þegar lidinn, og hann vard ad fara ad hugða til heimferdar. Daginn ádur en hann fór, fann hann í stofu þeirri, sem hann hjelt til í, lístu fulla af alls konar fatnadi, sem þessi höfdingshjón gáfu honum, og þar á ofan ávísun um, ad kaupmadur nokkur í Kassel

ætti á hverju hálfu missiri fyrst um sinn ad greida honum hundrad hollenzk gillini. Hann kvaddi síðan velgjørðasödur sinn, og var svo gagntekinn af innilegrí þakkláthemi vid hann, ad had raun út í fyrir honum, þegar heir skildu. En þetta var ekki í síðasta sinni, sem heir sáust, hví þegar Konráð var búinn ad af ljúka lærðomssíðfnum sínum vid háskólan i Göttingen, baud kaupmadurinn honum aptur til sín. Þór hann þá til Hollands, sjekk þar embætti, og stóð vel i stöðu sinni. Hann átti dóttur velgjörðamanns sín; unnust þau hugástum, og lísdu bædi vel og lengi. Efti gleymdi hann heldur börnum fóstra sínus í Hessén, heldur tólk þau ad sjer, og kom þeim óllum til manns.

71. Prússakonungur og fátæki pilturinn.

Fridrik Vilhjálmur 3., Prússakonungur, gekk einu sinni ad skemmta sjer med einni dóttur sinni, og var búinn eins og hinir lægri vfirmenn vid herinn. Fátæklegur piltur hljóp spottakorn vid hlidina á honum, og heiddi hann ad kaupa af sjer dá-litla peningabuddu, sem hann hafdi margar af í fyrstu, er hann bar á handleggnum. Konungur viðadi honum burt, en pilturinn, sem ekki þekkti hann, hjelt á fram ad bidja og sagdi: „Herra góður! kaupid af níjer eina buddu; hún kostar ekki nema sex skildinga, og ef þjer ekki þurfi hennar hjálfur vid, þá getid þjer gefið hana þessari fallegu

stílku, sem þjer leidid". Þegar konungur nú í annan fáum vid þá ekki heldur neinni middegismat í dag". Þegar konungur heyrði þetta, stóð hann vid, kenni i brjósti um piltinn, tók sex peningabuddur úr körfunni og fjekk honum gullpening í stadinn. Þegar pilturinn sá gullpeninginn, sagdi hann: „Æ! nádugi herra flokksforingi! gef id miðer heldur eirskildinga, hví ad jeg hef engan skilding til ad borga ydur afganginn, og get ekki skipt". Konungur komst vid af frómlýndi piltsins, og med hví hann sá, ad hann var laglegur og hreinu á svipinn, spundi hann hann nákvæmar um, hverra manna hann væri, og hvernig á honum stöði; komst þá konungur ad hví, ad módir hans var ekfja undirforingja nokkurs í hernum, ad hún bjó í klefa uppi undir þaki í einni af smágotum bœjarins, og ad hún lífði af hví ásamt sex munadarlausum bornum, ad búa til litlar peningabuddur. „Fardu nú heim", sagdi konungur, „og fádu módir hinni peningana; jeg ætla ad gesa henni þá". Pilturinn vard frá sjær numinn af gledi, hljóp heim, allt hvad fætur togudu, og sagdi módir sinni frá þessu happy sínú. Medan þessi fátœfa kona ásamt bornum sínum skómmu síðar var ad borda middegismat, var húsdýrunum lokid upp, og einn af mönnum konungs kom inn í þeirra litlu en þrifalegu stofu. Hann sagdi konunni, hvernig á óllu stod, og átti

ad komast eptir, hvort pílturinn hefði sagt oldungis satt. Óg þegar ánægjanleg skýrteini voru fengin um hegduun og ástand ekkiunnar, tók konungur yngstu børn hennar, og ljet upp ala þau í húsi því, sem byggt er handa munadarlausum børnum, en gaf henni sjálfri hundrad dala eptirlaun árlega.

72. Sá rjetti velgjordamadur.

Ekkja nokkur kóm einu sinni til manns eins, sem var mjög gódgjordasamur, og beiddi hann ad líðfinna sjer og munadarlausu barni sínú. Madurinn vard vel vid bón hennar. Ekkjan vottadi honum þakflæti sitt, sem bezt hún gat, og endadi med þessum ordum: „Pegar barnid kemur til vits og ára, skal jeg kenna því, ad nefna naðni velgjordamanns sínus med þakflæti“. „Gáid ad ýdur, kona góð“, svoradi maduriin; „þad er ekki vant ad þakka skýjunum regnid, sem úr þeim kemur; nei! kennid heldur barninu, ad lypta hjarta sínú upp til hans, sem gefur bædi skýin og regnid“.

73. Enginn má bana sjálsum sjer.

Fátæklingur nokkur gekk snemma morguns einn vetrardag út í skóg þannu, sem er falladur Hydepark nálægt Lundúnaborg, til ad safna sjer eldsneyti. Þar sá hann mann einn vel búinn ganga um gólf á aðvíknum stað med hryggju yfirbragdi. Hann imhyndadi sjer, ad þad væri einhver yfirmad-

ur vid herinn, sem ætladi ad hevja einvigi, gekk því að síðis, og faldi sig fyrir aptan eik eina í skóginum, til ad sjá, hvad úr þessu yrði. Hann sá, ad madurinn tók blad upp úr vasa sínum, og las þad med miklum alvörusvip, reif þad síðan í sundur, og dró upp hjá sjer allt í einu smáþyssu, setti hana vid ennig að sjer, og ýtti að býssubógin; kveykjupúdríð fudradi upp, en býssan hljóp ekki af. Fáteki madurinn hljóp þá ad honum og reið af honum smáþyssuna; en af þessu reiddist hinn, greip sverð sitt og ætladi ad rekja hann í gegn. Þá sagdi fáteklingsurinn: „Nekid mig í gegn, ef þjer viljed; jeg er ekki hræddari vid daudann en þjer; en þó er jeg hugadri en þjer. Jeg hef þegar lífad meir en tuttugu ár í örþyrgd og volædi, og þó fel jeg gudi einum þad að vald, hve nær honum þóknast ad gjöra enda á mínum evindarstundum”. Þessi þolinmædi og traust að gudi gjördi hinum ókunnuga manni þvílikan kinnroda, ad hann idradist sín sýndsamlega áform, og sýndi sig þakflátan vid hinn fáteka mann, med því ad hjálpa honum í elli hans.

74. Heimskulegt áform.

Hjón nokkur ólu upp hrafnsunga. Einu sinni var madurinn spurdur ad því, hvers vegna þau hefdu tekid svo ljótan fugl til uppfeldis. Þá svaradi hann: „Bíð atlum ad vita, hvort þad er

satt, sem sagt er, ad hrafninn geti lífad meir en tvø hundru d ár". Þessi hjón bjuggust vissulega vid, ad komast til hárrar elli, eins og morgum hættir vid.

75. Keisarinn og spekingurinn.

Keisari nokkur finverskúr missti einu sinni beztahestinn sinn fyrir handvömm eins hestasveins; af þessu vard keisarinn svo reidur, ad hann greip kesju, og ætladi ad reka hestasveininn í gegn. En þad vildi svo heppilega til, ad spekingur nokkur var í fylgd med keisaranum; hann gekk til keisarans og mælti: „Nærri lá, herra! ad þessi madur væri veginn, án þess ad vera sannfærdur um afbrot sitt”. „Sannfærdu hann þá”, sagdi keisarinn.

Spekingurinn tók kesjuna úr hendi keisarans, sneri sjer ad hinum seka og mælti: „Hlusta þú á afbrot þín, ólánsmadur! Fyrst og fremst hesur þú ordid hestti ad bana, sem keisarinn fjekk þjer til gæzlu; þess vegna skalt þú nú líka deyja. Í annan stað er þad þjer ad kenna, ad herra minn vard svo brádur, ad hann ætladi sjálfur ad leggja hendur á þig. Þetta er einn meira afbrot en hid fyratalda. Í þridja lagi er þad þjer ad kenna, ad sú fregn berst nú brádum út um allt ríkid, ad keisarinn hafi vegid mann sjálum hests, og vegna þessa missir hann mannord sitt. Ólánsmadur! Þetta er hid þridja óttalega afbrot þitt. Sjer þú þad ekki”? Keisarinn, sem med sjálsum sjer fann

híð fanna í þessu, kalladi upp og mælti: „Sleptu honum; jeg vil ekki vegna hans miðsa mannord mitt“.

76. Turenne.

Hinn nafnfrægi frakneski hershöfdingi Turenne var ad sínū leyti eins mildur, gœfur og mannúdlegur vid undirmenn sína, eins og hann var ódrum fremri i vígkœnsku, hreyfti og hugpryði. Einu sinni stóð hann i einu herbergi sínū, og horfði út um gluggann, og halladi sjer út úr honum med höfudid og efri kroppinn. Þjónn nokkur, sem gekk um stofuna, þekkti hann ekki, heldur hugsadi, ad þad væri einn af samþjónum sínum, og slo roknahøgg á bakið á honum. Turenne sneri sjer vid, og begar þjónninn já, hver þad var, sem hann hafði flegid, vart hann óvenjulega aumur, fleygdi sjer nidur fyrir fætur húsbóna síns og cepti: „Fyrir guds skuld, fyrir gefið míjer, mildi herra! jeg hugsadi, ad þad væri hann Georg“. En Turenne svaradi stillilega og blíðlega: „Óg þó þad hefði verið hann Georg, þá áttir þú ekki ad slá svona fast“.

77. Mazarin og skrifari hans.

Hinn nafnkenndi Mazarin kardinali var eitt kveld ad lesa skrifara sínum fyrir áridandi brjef. Skrifarinn var svo yfirkominn af vökum og þreytu, ad hann sofnadi. Þin þess ad gaeta ad því, hjelt

kardinalinn á fram ad lesa fyrir og gekk um gólf. Þegar hann var kominn ad nidurlagi brjessins, sneri hann sjer til skrifarans og mælti: „Enda þú þad, eins og vart er“. En nú sá hann, ad ekki var annad skrifad af brjesinu en fyrstu línumnar. Kardinalanum þótti vænt um þennan skrifara sinn, og var honum eins og góður fadir. Hann gekk til hans, og sló hægt á kinnina á honum, til ad vekja hann. Skrifarinn hrökk upp, og í heim óskopum, sem á hann komu, rak hann kardinalanum stóreflis-lødrung, án þess ad hugsa um, vid hvern hann átti. Kardinalinn ljet sjer ekki bilt vid verda, heldur sagdi stillilega og alvarlega: „Fyrst vid erum nú bádir alvakandi, herra minn! þá holdum á fram brjesinu okkar“.

78. Matvandi madurinn.

Húsbóni nokkur, sem fór vel med hjú sín og gaf heim óadfinnanlegan mat, vard þess þó stundum var, ad hau vildu ekki borda, og þótti honum þetta illa farid. Ginkum var einn vinnumadur hans forsprakki hinna í þessu. Þessum húskarli þóttu slæmar baunir, og þegar þær voru skamtadar, sneri hann spænimum vid, rak hann ofan í baunirnar, var spónbladid ɔfugt upp ad munnum, og sagdi: „Hangid þid vid, ef þid ætlid med“. Ad nokkrum árum sínum var þessi matvandi madur farinn sjálfur ad búa, og átti konu og born. En

húskapur hans gekk í bassi, svo hann var upp á adra kominn. Einhvern dag kom hann til fyrverandi húsbóna síns, og beiddi hann í guds nafni, að hjálpa þer um einn fjördung af baunum, til að sedja med hungur sitt og finna. Bóndi fór med hann út í skemmu, þar sem hann hafdi baunirnar í stóri listu, og þegar fáteiklingurinn sá þær, fór hann þegar að hlakka til þess i huga sínum, að fá góða sadningu fyrir sig og hyski sitt. En þegar bóninn ætladi að fara að mæla baunirnar, rak hann ausuna ɔfuga ofan í þær, mældi med bakinu á henni og sagdi: „Hangid þíð vid, ef þíð ætlid med!“ Fáteiki madurinn, sem datt sín fyrri matvendni í hug, fann, að hann átti þessa sneid, og sneri sneyptur út úr skemmunni med tóma skjóduna. Þó var þad ekki tilgangur bónðans að hefna sín, eda vera hardur vid pennan aumingja, heldur ætladi hann einungis að gesa honum þarflega áminningu. Þegar hann hví var kominn út fyrir dýrnar, kalladi bóninn aptur á hann, gaf honum fulla skjóduna af baunum og sagdi: „Far þú nú heim til konu og barna, og þakka þú gudi fyrir gjafir hans, hví án hans blessunar hesdi jeg ekki getað hjálpad þjer“.

79. Hord freisting.

Í Bandaríkjum í Vesturheimi lífði fyrir fáum árum madur nokkur gamall, sem hjet Korpennung; hann var jardeigandi og ordlagdur fyrir gódgjörða-

semi. Einu sinni gekk þar mikid hallæri, og hjálp-
adi hann há fátækum góðfúslega úr fordabúrum
sínum. Óllum heim, sem hofdu peninga til ad kaupa
fyrir, svaradi hann á þessu leid: „Tyrir peninga
þdar getid þjer hæglega keypt ydur matvæli; en
þeir, sem engan skilding eiga, og ekki eiga kost á
ad eignast há, hlytu ad deyja úr julti, ef hinir esn-
udu vildu ekki rjetta heim hjálparhönd“. Þegar
þetta barst út, þusti þangad mágur og margmenni,
eins og nærrí má geta, því ad þad voru margir,
sem ekki áttu peninga fyrirliggjandi, og sumir, sem
há áttu, hafa, ef til vill, ætlad ad nota sjer þetta
góda bod. En Korpennung hafdi ásett sjer, ad láta
sveitunga sína sitja í fyrirrúmi fyrir utanþjeradsmönnum,
sem hann hefkti minni deili a. Einu sinni
synjadi hann því hjálpar manni nokkrum, sem var
langt ad kominn og beiddi hann um korn. Saman
kveldid vard Korpennung var vid, ad einhver ókunn-
ugur og ískylgilegur madur med poka undir hend-
inni læddist kring um kornhúśid; hann faldí sig því
med einum húskarli sínum og hjelt vord. Ókunn-
ugi madurinn, sem hafdi verid gjørdur apturreka,
kom nú og fór ad láta í poka sinn, en svo dræmt
og med þvílikum semingi, ad þad var audsjed, ad
hann gjordi þad med samvirkunar mótmælum.
Þegar hann lofsins var búinn ad sylla pokann,
hatt hann fyrir ofan hann, en flýtti sjer ekki burt,
eins og þeir þó eru vanir ad gjöra, sem vinna þess

háttar myrkraverk. Hann stóð kyrr, studdi hendi á pokann, og þad var hægt ad sjá, ad hann átti í miklu strídi vid sjálfan sig. Loks fipptist hann allur vid, leysíti aptur frá pokanum, hellti forninu úr honum og mælti: „Jeg ætla enn há einu dag ad býda drottins hjálpar“ Síðan gekk hann burt í hægdum sínum, og von hans og traust til guds vard ekki til skammar, því ad hinn gódi Korpennung sendi honum morgnimum eptir fullan poka af forn, og ljét þau bod fylgja, ad hann skyldi láta sig vita, þegar búid væri úr honum, því ad þá gæti hann aptur sólt eins mikil, og hann þyrfti.

80. Hin punga byrdi.

Hinn arabiski kalif, eda jarl, Hakkam var mjög gefinn fyrir skraut og vidhöfni, og þegar hann einu sinni vildi stækka aldingardana hjá hóll sinni, keypti hann öll akurlond umhverfis, og borgadi þau, eins og eigendurnir settu upp. En þar var ekki ein fátæk, sem af rækt vid foreldra sína ekki vildi fyrir nokkurn mun farga dálitlum landsfíka, sem hún hafdi erft eptir þá, nje litlum húskosa, sem hún var borin og barnsædd í, og sem hún glöd og á-nægd lengi hafdi búid í med manni sínum, sem þá var dáinn. Þegar hún nú var ófáanleg til, ad selja land sitt, hvad sem í bodi var, reiddist um-bodsmadur jarlsins, sem átti ad sjá um tilbúning gardssins, af þessum þráa ekkjunnar, og ljöt med

valdi taka frá henni landid og rísa húskosa hennar, og sagdi síðan jarlinum, ad þessi kona, einungis til ad bjóða honum byrginn, hefði ekki viljat med góðu selja þetta land, sem lægi í midjum aldingordunum. Nokkrum dögum síðar kom hin fátæla ekjja grátandi til yfirðómara bæjarins, og bar sig upp vid hann undan heim rangindum, sem hún hefði ordid fyrir. Dómarinn, sem var bæði rjettsýnn og sjedur madur, sá, ad þó konan hefði á rjettu ad standa, mundi þó ekki vera audhlaupid ad því, ad kippa þessu í lag, nje hægt, ad sannfæra jarlinn, sem var einraddir madur, um ad hann hefði rangt fyrir sjer. Dómarinn ljet nú leggja á aðna sinn, tók med sjer stóran pokar og reid til aldingards jarlsins, og hitti þar jarl hjá nokkrum idnadarmönnum, sem voru ad reisa fagurt skemmtunarhús á lód ekkjunnar. Jarlinn vard hissa, þegar hann sá dómarann med aðnann og pokann, og fjell óldungis í staði, þegar dómarinn fleygdi sjer flotum nídur fyrir fætur hans og sagdi: „Leyfid mjer, herra! ad fulla pokar minn med mold hjerna úr gardinum“. Jarlinn leyfði bad; og þegar dómarinn var búinn ad láta í pokann, beiddi hann jarlinn ad hjálpa sjer til, ad láta hann upp á aðnann. Þú viðsi jarlinn ekki, hvad hann átti ad hugsa um þennan mann; en af því honum var forvitni á ad vita, hvad hann ætladi sjer, ljet hann sjer ekki bilt vid verda, heldur fór ad lypta undir

þokann med honum. En hann var svo þungur, að heir gátu ekki látid síga vatn undir hann; þá hló jarlinn og mælti: „Nei, dómari minn góður! þetta er of þungt, mikils til of þungt fyrir ofkur“. En dómariinn svaradi stillilega og einardlega: „Já, herra! þjer finnst þessi býrði of þung, og þó er það ekki nema lítid eitt af þeirri mold, sem þú hefur ranglega tekid frá fátækri ekfju; hvernig ætli þú getir þá borid hana alla, þegar drottinn á síðan á dómsins degi leggur hana þjer á herdar“. Jarlinn komst vid af þessum ordum, losadi djørfung og rjettshni dómarsans, og skipadi, ekki einungis ad skila ekfjunni aptur landinu, heldur gesa henni einnig hid fagra skemmtunarhús til íbúdar í stadinn fyrir hennar gamla kófa, sem hafdi verid rifinn.

81. Hid góða lækningablad (Recept).

Kona nokkur i Vinarborg, sem lá veik, sagdi vid son sinn: „Far þú nú, barnid mitt, og reyndu til ad ná í einhvern lækn, hví jeg þoli ekki lengur vid fyrir verkjum“. Pilturinn fór til treggja lækna, en hvorugur þeirra vildi fara med honum, hví ad í Vinarborg kostar vitjun sjúkra eitt gyllini, en hann gat engri borgun losad heim. Þegar hann var á leidinni til hridja læknisins, mætti hann Jósef keisara, sem kom akandi hægt og hægt í opnum vagni. Pilturinn þekkti ekki keisaranum, en hjelst, að þetta væri einhver ríkur herramadur;

hann vildi nú reyna lukku sína, og bad hann ad gesa sjer eitt gyllini. „Getur þú ekki komist af med minna?“ spurdi keisarinn. „Nei“, mælti pilturinn, og sagdi honum, hvernig á stóð. Keisarinn gaf honum þá eitt gyllini, og ljet hann nákvæmlega segja sjer, hvar módir hans átti heima, og hvad hún hjet, og medan pilturinn fór ad vitja þridja læknisins, ók keisarinn þangad, sem hin veikta kona bjó, og sveipadi ad sjer kápunni, svo hann skyldi ekki hekkjast. Þegar hann kom inn í stofuna, sem var mjög fátækleg, hjelst konan, ad þetta væri læknirinn, og sagdi honum því, hvad ad sjer gengi, og ad hún væri svo fátæk, ad hún gæti ekki útvegad sjer neina adhjúkrun. Keisarinn mælti: „Teg skal skrifa upp lyf handa ydur“. Síðan skrifadi hann blad, sjekk konunni þad og sagdi henni, í hvada lyfslubud hún ætti ad senda þad, þegar pilturinn kæmi aptur. Æd því búnu fór hann burt. Skömmu síðar kom hinn rjetti læknir. Þad datt ofan yfir konuna, þegar hún heyrdi, ad hann var líka læknir, og hún beiddi hann ad misvirda ekki, ad annar læknir hefði þegar vitjad sín, og ad hún bidi einungis eftir piltinum, til ad láta hann sækja lyf þad, sem hann hefði ráðlagt sjer. Þen þegar læknirinn leit á bladid, vard hann eins forvida, og sagdi vid sjúklinginn: „Þjer hafld, kona góð! hitt sýrir góðan læknri, því hann hefur ávisad ydur hundrad gullpeninga, sem þjer getið látid

sækja í gjaldhúsið, og undir bladinu stendur Jósef, ef þjer þekkis hann. „Þvílikt lyf hefði jeg ekki get-ad skrifad upp handa þdur“. Þegar konan heyrdi þetta, lypti hún augum sínum til himins, og komst svo vid af innilegri þakflátssemi, at hún gat engu ordi komið upp. Hún fjell fjed greitt, eins og til stóð, og af því hún gat nú útvegad sjer hentug lyf og góða adhlyningu, komst hún innan skamms á fætur aptur.

82. Bóndinn og málaflutningsmadurinn.

Tveir bændur urdu ósáttir um landamerki, og ásettu sjer, at halda þessu málí til laga. Þeir fóru því bádir til bœjarins þess erindis, ad spyrja lagamenn til ráða og sá mál høfdad. Alnar heirra hjet Þjetur Knútsson, og er hann hafdi lokid ødrum erindagjördum sínum, gekk hann til málaflutningsmanns þess, sem honum hafdi verið rádlagt ad sá fyrir sína hond, og sagdi vid hann: „Teg vildi seginn mega tala vid þdur hálfst ord um ágreining, sem er milli míni og nábúa míns“. „Komdu nær, madur minn“! svaradi málaflutningsmadurinn, og óx bón danum svo hugur vid þetta vingjarnlega ávarp, at hann skyrdi honum nákvæmlega frá öllum málavortum. „Teg skyldi seginsamlega takast þetta mál á hendur fyrir þig“, mælti málafærslumadurinn, ef jeg væri ekki svo ónnunum kasiun, eins og jeg er; en nú sem stendur er nijer eigi audid, ad

taða fleiri mál ad miðr; en þad er annar madur hjer skammt frá, sem getur gjort þetta fyrir þig, eins vel eins og jeg; jeg ætla ad skrifa honum fæinar línum, og getur þú farid med þær til hans; þú finnur hann vist heima um þetta leyti. Settu þig nidur á medan". Þjetur tólk síðan vid brjefinu, hafkadi fyrir sig og fór burt. En þegar hann kom út á strætid, kom ad honum forvitni, og hann sagdi vid sjálfsan sig: „Þad væri þó gaman ad vita, hvad hann hesur skrifad“. Med þad sama tólk hann brjefid upp úr vasa sínunum, ljet þad í lósa sinn, freisti saman á hví randirnar, svo þad vard eins og hólkur, bar þad síðan upp ad auganu, og gægdist inn í þad. Med hví ad snúa brjefinu fyrir sjer nokkrum sinnum, tólfst honum ad komast ad innfaki þess, sem hljóðadi þannig: „Hjer eru komnar tvær gæsir ofan úr sveit; jeg skal reyta adra þeirra, en taktu vid hinni. Þad er hún, sem ferir hjer hennan sedil. Pinn vin“, o. s. frv. Þegar Þjetur las þetta, rann honum öll reidi vid nágranna sinn, og med hví hann viðsi, ad hann hafdi aðsetur sitt i veitingahúsinu, fór hann þangad, sýndi honum brjefid, og settist vid hann heilum sáttum.

83. Ólik skipti.

Hinn frakkneski klérkur Vincenzius de Paula, sem er naðsfrægur sökum gæzku og manneliku, kom einu sinni til bæjarins Toulon, sunnan til í Frakklandi.

Var eru gjördar út galeidur; þad er ad skilja: skíp, sem þrælar róa, en þad eru óbótamenn, sem er hegnt med þessu, sumum lengur, sumum skemur, og eru þeir festir vid þópturnar með járnþlekkjum. Mannvinurinn Vincenzius, sem sjálfur hafdi reynt ómsa mœdu og mótlæti, gekk ofan ad sjó, til ad sjiá þessa ógaefusømu afbrotamenu, og fá færi á, ad tala vid þá um þeirra sáluhjálparfni. Vondum mónum hafdi þá tekizt, ad flæma hann burt frá prestsembætti því, sem hann hafdi á hendi; en hann elskadi gud af hjarta, og reyndi til ad út breida hans ríki, hvor sem honum gafst kostur á. Medal þrelanna, sem voru sjótradir vid þópturnar, var ungar madur, hálfþritugur ad aldri, sem einkum vakti athygli hans. Hann var vingjarnlegri i vidmóti en hinir, og gat naumast tara bundiðt, þegar á hann var yrt. „Vinur minn“! sagdi Vincenzius, „harstu ekki hjálpar vid? því midur hef jeg ekki miklu ad midla; en þad lítid þad er, þá er þjer þad velkomid“. „Hjartans þakfir, herra góður“! svaradi þessi vesalingur; „jeg bid ekki ólmuðu; jeg hef nóg fyrir þetta auma líf; aumingja-þrælar þursa ekki mikils med. En vesalingaskonan míin og bornin míin“! Vincenzius kennið í brjósti um hann, og beiddi hanu ad segja sjer allt satt og rjett um hagi sína. Prellinn tók þá þannig til orda og mælti: „Fadir minn var bóndi; hann var inger bezti fadir, og hvatti mig til alls góðs. En

jeg átti falsvini, sem tældu mig til óhlýdni og margs ills. Einu sinni fór jeg med heim á dýraveidar, og gengum vid inn í landareign annars manns, og fundum þar skógarverdi veidareigandans; lenthum vid í áslogum vid þá, og hjekum þá svo illa út, að einn heirra var nær daunda en lífi. Jeg var handtefinn, og dæmdur til að þrælka á galeidunum í sex ár; sjogur af þessum eyndarárum eru þegar lídin; en fadir minn er dáiinn af harmi og hugarangri út af ógæsu minni, og fyrir skömmu haf jeg einnig spurt, að brádum mundi kona míin og börn míin veslast upp af hryggd og volædi". Þrællinn vard meir og meir frá sjer numinn af sorg, svo hann hvad eptir annad kalladi upp og sagdi: „Æ! elsku-konan míin! vesalings-bornin míin!"

Pegar Vincenzius var búinn ad tala vid hann nokru lengur, og komst ad raun um, að hann idradist ávirdinga sinna, tók hann svo til orda: „Segdu mjer, hvort þú mundir ekki verda seginn, að þiggja frelsi, og vilja hegda þjer vel eptirleidis, ef einhver gæfti sig til þess, að bera hleffi þina og vinna verk þín"? „Æ! þad vildi jeg seginn, herra"! mælti þrællin; „en hver mundi vilja takast á hendur þvílika eymd og smán"?

Að vormu spori fór klærkunni á fund galeidaforingjans, og baust til að fara í stað þessa afbrotamanns. Galeidasorcinginn vard oldungis

hiðsa, og reyndi med öllu móti til ad sá hann ofan af þessu; en hinn göfuglyndi Vincenzius svaradi: „Jeg er ordinn vanur vid erfiði, smán og andstreymi; en þessi ungi madur á konu og börn; þar á mótt er jeg ókvæntur og embættislaus; í frelsarans nafni ætla jeg ad koma í stadinn hans“. Æ vorum dögum hefði þetta bod ad öllum líkendum frelsad hinn unga afbrotamann, en í þá daga, sem sje árid 1700, voru fidir manna svo lítt menntadir, ad Vincenzius vard í tvær ár samfleytt ad vinna þrœlavinnu á galeidunum, þó galeidaforinginn legdi allt hid bezta til; en hinn ungi afbrotamadur var láttinn laus. Hinn gudhraðdi klérkar vardi þessum tveggja ára tíma til þess, einnig ad vinna drottins verk, med því hann hvatti þrœlana á skipinu, til ad hugsa um sín fáluhjálsparefni, og gekk á undan heim med góðu eftirdæmi, med því ad audsýna frístilegt umburðarlyndi og hlýdni, gódvild og þolinnaði, hvad sem ad hondum bar.

84. Galeidaprœllinn.

Stórhertogi nöskur í Toecana fór einu sinni út á eina galeidu, til ad sjá þá afbrotamenn, sem voru dæmdir til ad þrœlka þar í hlefkjum. Þegar hann sá þessa aumingja, sem voru tótralega búinir og urdu ad róa þungum árum dag og nótt, hrædist hann til medaumfunar, og ásætti sjer ad gefa ad minnsta kosti einn þeirra lausana, en vildi þó

fyrst komast eptir, hver þeirra mundi vera þess maklegastur. Hann spurdi þá hví hvern á eptir ódrum, hvad kæmi til þess, ad þeir hefdu ratad í þessa eynd. Þeir tóku þá allir til ad kveina og kvarta, og hver um sig þóttist vera frómur, rádvandur og saflaus, og sagdu, ad vondir menn hefdu dregið sig fyrir dómarann, og ad sjer væri ranglega hegnt. Hver um sig bad hví stórhertogann ad líkna sjer og leysa sig úr ánaud. Loksins kom stórhertoginn til ungmennis nokkurs, og spurdi hann: „Hvad hefur þú adhafzt, ad þú ert kominn hingad? „Mildasti herra“! svaradi hann, „jeg er ógudlegur og andstygglegur madur; jeg var óhlýdinn foreldrum mínum, og strauk frá heim, og hef lifad illa, og heði svikid adra og stolid. Þess vegna vil jeg gjarnan þola hegninguna, því ad jeg veit, ad jeg hef unnið til hennar“. Stórhertoginn vissi, ad allir þrælarnir höfdu unnið til hegningar finnar; þess vegna sagdi hann hálsbrosandi: „Hvernig er þá þetta ótæti komid hingad innan um svo rádvanda menn? Takid hlekkina af honum og rekið hann burt, svo hann leidi ekki hina afvega“. Síðan voru teknir af honum hlekkirnir, og hann var látinna laus; en hinir, sem þóttust vera saflausir, urdu ad sitja fyrir á galeidunni.

85. Presturinn og sjúklingurinn.

Prestur nokkur vitjadi einu finni sjúklings, sem

ljezt vera óvenjulega audmjúkur, og klifadist á því, ad hann væri syndugastur allra manna. „Svo er þad þá satt, sem jeg hef heyrta um ydut“, mælti presturinn. Nú kom annad hljód í strokkinn. Þegar sjúklingurinn heyrði þetta, settist hann upp og sagdi: „Hvad hafid þjer þá heyrta um mig? prestur minn! þad getur þó enginn med sanni sagt neitt illt um mig“. Óg nú tók hann til ad hæla sjálfum sjer, og hversu vel hann hefði lífad, þó hann rjett ádur þættist vera audmjúkur og idrandi syndari; en bad óvinum sínum alls konar óbæna. Þá mælti presturinn: „Þad hafa hvorki óvinir ydar nje rögberar sagt injer, ad þjer værud vondur madur, heldur þjer sjálfur; en nú sje jeg, ad þad hesur ekki verid alvara ydar“.

86.

Þad var líka einu sinni skraddari nokkur í Wyrtemberg, sem kvartadi yfir því vid söfnarprest sinn, ad i skriptamálunum stædi: „Jeg aumur syndari“. „Þad eru ráð vid því“, sagdi presturinn; „medan adrir segja: jeg aumur syndari, þá getid þjer hugsad og sagt: jeg hrofaskfulli skraddari“. Þessi fáu ord voru áhrifameiri en lengsta ræda. Þau komu svo vid kaun skraddarans, ad hann fór ad hugsa betur um sálarástand sitt.

87. Einsetumadurum.

Í Egyptalandi bjuggu nokkrir einsetumenn úti

á eyðimörku. Einum þeirra varð einhver talsverð yfirssjón af adgæzluleysi, og áttu þá hinir fund med sjer, til ad dœma hann. En sá þeirra, sem var elztur og meist metinn, kom ekki á fundinn, og sendu þeir því tvivegis bod eptir honum. Loksins kom hann, og bar þóka fullan af sandi á baki, en í fyrir bar hann dálítid af sandi nedan í körzu. Med þetta kom hann inn á fundinn, en allir urdu hissa, og spurdu, hvad þad ætti ad þýða. „Þokinn á baki minu“, svaradi hann, „eru syndir minar; þær fylgja mjer, og jeg sje þær ekki; þó er jeg nú kominn hingad til ad dœma syndir annars manns. Karfari med sandinum í, sem jeg ber í fyrir, og sem jeg því allt af sje, eru yfirssjónir brædra minna, og jeg hef gaman af því, ad skoda þær jafnadarlega. En þetta ætti þó ekki ad vera svo; jeg ætti heldur allt af ad hafa minar miklu misgjördir fyrir augum, svo jeg gæti bedid gud daglega fyrirgesningar á þeim, en þar á móti vera vorkunslátur vid náunga minn, og gleyma hans ávirdingum, því ad mjer ber ekki ad dœma hann, heldur gudi“. Þegar hinir heyrdu þetta, fundu þeir, hve vel þad átti vid og næltu: „Fagurlegu kennir þú oss veg fálu-hjálparinnar“. Peir sjetu ákæruna gegn brödum sínnum falla nidur, og fyrirgáfu honum yfirssjón hans.

88. *Vidvarunardraumur.*

Madur nokkur á œstuskeidi, sem hjet Lúdvík, ferd-

adist einu finni til Þaríðarborgar. Fadir hans, sem var hygginn og reyndur madur, og sem sýr meir hafdi dvalid þar, tók næri sjer ad lata þessa ferd eftir sýni sínum, af hví hann þekkti hær margvíslegu hættur, sem i þessari fjölmennu borg eru búnar sjer í lagi ungum mönnum; en þegar hann loksins hjet tilleidast, med hví sonur hans lagdi svo mikil ad honum, vildi hann þó ad minnsta kosti reyna til, ad koma í veg sýrir slikar hættur, med hví ad leggja honum ýmisleg heilrædi; og tók hann honum einkum vara sýrir, ad koma í ókunn hús, sjer í lagi á næturtíma, eda hafa nokkur mok vid þá, sem þar ættu heima, nema hann væri heim gagnfunnugur. Fyrst eftir ad Lúdvík kom til Þaríðarborgar fór hann ræfilega ad ráðum födur sín; en þegar frá leid, fór hann ad koma, ekki einungis á alla opinbera skemmtunarstadi, heldur og á hvern þann stadt, þar sem einhverjir voru saman komnir; og med hví honum bar þar ekkert óvenjulegt ad hondum, fór hann ad hugsa, ad vidvaranir födur sín væru sprottnar af óþarslegri hræðslu, og styrktist i þessari trú af fortolum Gústav greifa, sem hann af hendingu hafdi komið i funningaskap vid, og sem þegar hafdi dvalid heilt ár í Þaríðaborg, án þess ad hafa sjed annad en leikhús, veitingahús og spilahús. Þeir voru bádir gefnir sýrir gladværdir og skemmtanir, og ekki leid langt um, ádur en þeir á hverju kveldi fóru út í bœ ad

þpila, og voru ad því langt fram á nætur. Lüdvík var einstaklega heppinn í spilum, og þad jóf ásókn hans í ad spila.

Svo bar vid einu sinni, ad hann hafdi verid ad spila alla néttina, kom heim um morguninn og lagdist þreyttur til svefn; dreyndi hann þá, ad hann med Gústavi vini sínum væri staddur í einhverju húsi, sem hann ekki þekkti; þóttist hann vera þar ad spila og vinna venju fremur; en þegar hann aðsladi heim með vinninginn, var honum haldid þar med valdi, og þegar hann brauzt um, til ad komast burt, þótti honum margir þeirra, sem misst hófdu peninga sína í spilunum, draga út rýtinga og segja, ad hann mætti búast vid dauda sínum, því ad enginn, sem ynni í spilum, læmist lísfandi út þadan. Lüdvík litadist þá í svefninum um eptir vini sínum, en hann var horsinn; hann hljódadi upp, en enginn anzadi; í sinni daudansangist vildi hann flýja, en hurdin var tvílest; hann drap þá öll ljósin í einu, skreid i myrkru inn í skorsteininn og klifradist upp eptir honum; en þegar hann var kominn spottakorn upp eptir honum, datt hann ofan og—vaknadi. Þessi draumur var svo skýr, ad hann fjekk talsvert á Lüdvík; en þessi áhrif urdu ekki langgæð, því ad deginum eptir var hann þegar búinn ad gleyma heim. Sjer til skemmitunar fór hann med Gústavi greifa út í Boulogne-skógin; þar fundu þeir nokkrar funningastíulkur

sínar, og í før med heim var frú noffur, sem hjet
 Surville, fríð kona og vel viti borin. Þessir ungu
 menn urdu so hrifnir af heim góða þokka, sem hún
 band af sjer, ad heir ekki einungis vorðu því, sem
 eptir var af deginum, til þess ad tala vid hana,
 heldur þádu og feginsamlega þad bod hennar, ad
 koma heim til hennar um kveldid. Þeir flýttu
 sjer heim til ad hafa fataflipti, og fóru síðan ad
 heimsækja þessa nýju vinkonu sína. Þegar heir
 komu þangad, voru þeir leiddir inn í stóran sal,
 og var þar fjölmenni fyrir af konum og körnum.
 Ad litilli stundu lídinni var farid ad spila. Lúdvík og Guðstav voru ekki jafnheppnir í spilunum,
 því ad Lúdvík vann alst af, en Guðstav missti alla
 þá peninga, sem hann hafdi á sjer, svo hann naum-
 ast gat borgad leigu eptir vagn, til ad aka heim
 til sín. Lúdvík var svo nidursókkinn í spilin, ad hann
 tók ekki eptir því, ad bædi Guðstav og flestallir
 gestirnir fóru smásaman burt. Þegar hætt var
 loksins ad spila, hafdi hann unnið svo mikil, ad
 hann var í vandrædum med, hvernig hann cetti
 ad koma því heim til sín, því þad var orðid svo
 álidid, ad enginn vagn var eptir á streetunum. Frú
 Surville gat þó ráðid fram úr þessu, med því hún
 mjög vinsamlega sagdi honum, ad þad væri opt
 vid, ad gestir teudu of lengi hjá sjer; þess vegna hefði
 hún leigt handa sjer herbergi, sem ad viðu væri
 hátt uppi á fjórða lopti, en þó svo þokkalegt, ad

þad væri bodlegt hverjum fyrirmanni, og ad hann kynni, ef til vildi, ad láta svo litid, ad sofa þar um nöttina.

Hann hádi seginsamlega þetta gestrisnisbod, og þótti vænt um, ad þurfa ekki ad stofna sjer í neina hættu, med því um hánott ad bera á sjer svo mikid sje um böjarstrætin. Síðan sör hann med gróða sinn upp á fjórða lopt, og fann þar snoturt herbergi med treimur rúnum. Stúlkan, sem fylgdi honum, sýndi honum, um hvort rúmid væri búid handa honum, og flýtti sjer svo burt. Preyttur og syfjadur øtlaði hann ad fleygja sjer úr fotunum og leggjast út af; en þá datt honum í hug, ad draga til hlidar tjaldid, sem var fyrir hinu rúminu. En þad má nærrí geta, hvernig honum vard vid, þegar hann leit inn í rúmid og já, ad þar lá lík med sárum, sem voru seo nýleg, ad þad var audsíð, ad madurinn var nýlega dreppinn. Nú mundi hann eftir draumi sínum, og bølvadi um seinan ógætni sinni, sem hafdi komið honum til ad gleyma þessari vidvørun. Þar ed hann var vopnlaus, gat hann ekki búid sig til varnar, nje búið vid ad komast undan mordingjunum; hann hljóp til dýranna, en þær voru læstar ad utan, og hann hordi ekki ad reyna til ad brjóta þær upp, af ótta fyrir, ad daudinn bidi sín á troppunum. Fyrir utan gluggana var aßlekktur gardur, og hann gat því engan kallad sjer til hjálpar, og óp hans

hefði ekki gjört annad en fljتا komu vegandannu. Ekkert hefði getað frelsad hann, hefði draumurinn ekki kennit honum rád til þess. Hann afklæddi sín sem skjótast, tók lítid og bar þá vísir í rúmid, sem hann átti ad sofa í, dró rúmtjaldid vandlega fyrir hitt rúmid, slökti ljósíð, skreid inn í skorsteininn og klifradist nokkud upp eftir honum, og fjell fótfesti á járnstöng, sem þar var. Ad stundarkorni lídnu heyrði hann, ad hlemmi var lokid upp, og já ljósbirtu leggja inn í herbergið. Síðan heyrði hann hægt fótatak til tveggja eda þriggja manna, eftir því sem honum virtist, sem gengu ad rúmi því, sem honum var ætlad, og rjett á eftir var sagt: „Hann hesur fengid nægju sína“. Þar á eftir var gengid ad bordinu, þar sem hann af ásettu rádi hafði lagt peninga sína; mordingjarnir tóku þá, og um leid, og þeir gengu burt, sagdi einn þeirra: „Nun-ad kveld skulum við senda þá báða út ad synda“. Á málróminum þekkti hann nokkra þeirra, sem hann um kveldid hafði spilad vid. Lüdvík beid, þangad til orðid var bjart af degi; þá hljóp hann í nærfetunum út um herbergisdyrnar, sem nú voru ólæstar, ofan allar tröppur. Á fyrsta lopti mætti hann frú Surville, sem kalladi upp og sagdi: „Æ! draugur!“ og leid í ongrit. Þegar hann kom út á borgarstrætin, þusti mógr og margmenni af forvitni á eftir honum, en hann hljóp allt hvad fætur togudu til hinna næstu vardimanna, og sagdi yfirmanni

þeirra upp alla sœguna, en hann ljæt ódar slá hring um húsid og sækja löggreglumennu. Allir húsbúarnir voru handteknir og settir í vardhald. Urdu þeir uppvísir ad morgum ódáðaverkum, sem sýndu, hvernig stóð á hvarfi ótal margra manna, sem menn allt til þessu ekki höfdu getað skilid i. Frú Surville var sett í œfilangt vardhald, og þeir, sem höfdu unnid þessi óhœsuverf, voru hálshøggnir.

89. Kirkjueigandinn og presturinn.

Hinn nafnfrægi Jóhann Porst, sem var prestur í Berlínarborg, þegar hann dó 1728, var óbreyttur bónðason, og foreldrum hans kom ekki til hugar, ad setja hann til bókar; þó langadi hann á unga aldri til ad verda prestur, og hve nær sem hann gat hondunum undir komiðt, lá hann í bókum. Einn góðan vedurdag, þegar hann var úti í haga ad gæta búsmala og las í bók, eins og hann var vanur, bar þar ad prest nokkurn, sem hjet Degen. Hann kom auga á þennan idna pilt, og gekk til hans, spurdi hann um hitt og þetta, og eins út ur barnalærdómsbókinni, og fannst mikil um skilning hans og kunnáttu, og med því hann einnig hafdi góðlegt og vingjarnlegt viðmót, leizt prestinum sjerlega vel á hann. Skömmu síðar kom presturinn aptur til bœjarins, og fann foreldra hans ad máli, og taladi vid þá um hinum góðu náttúrugjafir piltsins, og vard þad út úr, ad Degen tók hann heim.

til sín, og ljet hann læra, og tók hann þar miklu framförum á stuttum tíma, og lauk síðan bótnámi sínu med bezta vitnisburdi.

Hyrst vard hann prestur í Málkau, skammit frá Berlinnarborg, og fjekk þar ærid ad starfa, því söfnudurinn var mjög fáfródur og spilstur. Þorði því mestu alud a, ad uppfröda bædi unga og gamla, ekki einungis i kirkjunni og skólanum, heldur einnig heima hjá sjer, og med húsvitjunum. Í þessu verki hafdi hann mikinn studning af kirkju-eigandanum, því ad þessi herramadur ljet sjer mjög anut um, ad allir finir undirgesnir tækju framförum í menntun og gudsóttu. Einkanlega ljet hann heimilisfólk sitt sökja vel kirkju, og vildi, ad eins hinir eldri sem hinir yngri tækju hátt í barnaspurningum prestsins. Í fyrstunni gekk þetta ekki greitt, því ad menu drógu sig í hlje af einhverri rangri feimni, eins og því midur víða vid gengst enn. Þegar presturinn taladi um þetta vid herrmanninn, svaradi hann: „Í næsta sinn skulud þjer spyrja mig, eins og adra, og þá skulum vid sjá, hvernig fer“. Þessu ráði fylgdi presturinn, og upp frá því þótti engum minnkun ad því, ad gjöra grein fyrir trú sinni.

90. Makleg málagjöld.

Níkur kaupmadur í Mantua, ad naðni Filargó, var bædi nízkur og ágjarn, og hó hann ekki viðsi aura finna tal, svelti hann þó sig og sína. Þad

bar vid einhvern dag, ad hann kom ár sinni svo vel fyrir bord, ad hann græddi 400 gullpeninga, og hugsadi sjer nú til hreisings, ad leggja þá á listubotninn hjá ǿdrum peningum, sem hann átti þar fyrir. En þad tókst svo óheppilega til, ad þegar hann kom heim til sín, safnadi hann buddunnar, sem hann hafdi látid peningana í, og hafdi hann tjýt henni einhverstadar á leidinni. Ódur og uppvægur hljóp hann senu leid til baka, en hvernig sem hann leitadi, fannst ekki buddan. Hann fór nú til hirdstjórans, bar sig mjøg aumkunarlega út af þessu, og sagdi, ad þessi missir kæmi sjer á vonarvöl; sjekk hann hirdstjórann til, ad gefa út auglyðsingu, og var í henni heitid 40 gullpeningu um þeim, sem syndi budduna med peningunum og skiladi eigandanum henni. Kona nokkur ǿldrud fann hina tyndu peningabuddu; hún var fróm og fráleit því, ad draga sjer annara eign; hún heyrði talad um auglyðsinguna, og hlakkadi til, ad fá fundarlaunin. Tafarlaust fór hún til hirdstjórans, og særði honum peningabudduna. Hann spurdi hana um ástand og hagi hennar. „Jeg heiti Franziska“, svaradi hún; „jeg er fátæk ekja med þremur börnum, og missti fyrir þremur árum mann minn, sem var idnadarmadur. Sidan hann dó, høfum vid opt þarfnaðt naudsynlegra hluta; en þegar neyðin vær stærst, var hjálpin nálægust, og þegar jeg nú sé þá 40 gullpeninga, og vilji drottinn blesa vinnu

mína, þá vona jeg, ad jeg geti komiðt af, þangad til börnin eru komin svo á legg, ad þau geta hjálpað mjer". Hirdstjórin komst vid af frómlýndi þessarar fátæku konu, gjördi Þilargó bod, ad buddan med peningunum væri fundin, og ad hann gæti vitjad hennar, þegar hann vildi, en yrði ad greida hin heitnu fundarlaun. Hinn ágjarni var ekki lengi ad búa sig af stæð; en á leidinni bljes fsegirndin honum því i brjóst, ad hugsa upp ráð, til ad sleppa hjá ad borga fundarlaunin. Þegar hann því kom til hirdstjórans, tók hann budduna, hellti peningunum úr henni á bordid og taldi þá, og stóð þad heima, ad ekki vantadi einn skilding í þá 400 gullpeninga, sem lýst var eptir. „En þar áttu líka ad vera 34 venetianskir gullpeningar“, sagdi hinn ósvísní maurapúki vid konuna; „hvad er orðid af heim“? Hin fróma ekja ýmist fólnadi upp eda rodnadi, þegar hún heyrði þessa ásókun, sem hún sýrt átti von á, og vitnadi til guðs, ad hún væri saklaus. En hirdstjórinu sá skómmina út úr maurapúkanum, med því hann líka ádur hafdi heyrт margt misjafnt um hann, og honum gat ekki annad en gramizt breytni hans vid þetta tækifæri. Þegar því kaupmadurinn var ófáanlegur til, ad borga fundarlaunin, sagdi hirdstjórinu vid hann: „Var ed þjer ekki finnid i þessari buddu þad fje, sem yður nú þóknast ad lýsa eptir, og jeg ekki get efzæt um rádvendni Franzísku, verd jeg ad halda, ad

þetta sje ekki yðar budda". Maurlapúskinn fólnadi upp af hrædslu; en hirdstjórinn hafdi engar sveiflur á því, heldur sagdi vid hina fátæku konu: „Þjer megið þá taka þessa 400 gullpeninga, og óhræddar verja þeim yður og börnum yðar til góðs; þegar sá rjetti eigandi kemur, skal jeg láta yður vita þad; jeg tek alla ábyrgdina á mig, og yður skulu engin vandrædi verda ad því; því jeg fulltreysti rádvendni yðar". Kaupmadurinn vard því ad fara burt vid svo búid, og gramdist heimiska sín, eins og nærrí má geta.

91. Kjørfurstinn af Saxon.

Arid 1548 ljet Karl keisari hinn fimmtí kjørfursta Jóhann Fridrik af Saxon, sem hann hjelt i vardhaldi, koma til sín í Mýnchen, og losadi honum öllu fögru, ef hann vildi kasta hinni evangelisku trú, og snúa aptur til rómversku kirkjunnar. Med mestu lotningu hlýddi kjørfurstinn á tal keisarans, en í hjarta sínu gramdist honum þessi áskorun hans, og þegar keisarinn hafdi lokid rædu finni, mælti hann einardlega og med djørfung: „Allramildasti keisari! jeg stend hjer frammi fyrir yðar hótign eins og vesalings-fangi, og ber ekki á móti því, ad jeg hef játad sannleikann, og fyrir hans sakir yfirgesíð eignir og heimili, konu og börn, land og líð, og i stuttu mál: allt, sem gud hesur gesíð mjær í þessum heimi, og ad jeg ekki held øðru

eptir en þessu hertekna og auma lífi, sem jeg þó ekki á ráð á, heldur er þad á ydar valdi. Ætti jeg, sem nú er yfirgefinn af öllum i veröldinni, einnig ad yfirgesa hid eilifa? Þeg vona, ad gud af nád finni fordi mjer vid því; því ad i því hef jeg leitad minnar beztu huggunar; og eigi þad sýrir mjer ad liggja, ad láta þetta auma líf sýrir sannleikans sakir, treysti jeg því, ad gud muni gesa mjer annad betra líf í stadin. Þad væri líka mikil illa gjört af mjer, ad hneyksla margar þúsundir manna med því, ad kasta heirri trú, sem jeg svo lengi hef játad og varid. Þeg er undir ydar valdi, og þjer getid látid fara med mig eins og fanga; en jeg ætla ad halda fast vid sannleikann, og ódrum til eptirdæmis umbera þad, sem gudi og ydar hástign þóknast ad leggja á mig".

92. Heimskingjarnir.

Bóndi nokkur ofan úr sveit kom einu finni í kaupstad, og gekk þar inn í veitingahúsi. Þegar hann nú sá, hversu falleg drykkjustofan var og húsbúnadurinn ríkulegur, vard hann hissa og sagdi vid veitingakonuna: „Hvadan sáið þjer alla þessa peninga?“ Hún brosti vid og mælti: „Heimskingjarnir koma med þá“. Þetta heyrði annar madur, sem stóð í dyrunum; hann hjel Meyer, og var meistari í timbursmíði. Honum vard nú litid á gestina, sem þar sátu, og sá hann, ad heir voru

fölir í andliti og kinnfiskasognir, raudehygdir, risnir og tættir. Þá litadist hann um í stofunni, sem var alsett dýrindis-speglum og gyllingum; síðan gægdist hann inn um dýrnar, sem stódu í hálfa gátt, og leit inn í adra stofu, sem var innar af, og sá, ad veggirnir þar voru einnig alþaktir af fógrum málverkum og stórum speglum, og stofan sett dýrmætum húsbúnadi, hvilubekjum og ódru þess konar, en ad dóttir veitingakonunnar var ad leika á hljóðsæri í silfíllædum. Hann sagdi þá vid sjálfan sig: „Þetta er undarlegt; hvernig víkur því vid, ad öll þessi ehmd, sem hjer er injer til hægri handar, skuli hafa breytzt í þad straut og þá vidhöfn, sem injer er til vinstri handar“? „Hvad segid þjer“? mælti veitingakonan, og valkti hún Meyer med þessum ordum af hugsunum hans, þar sem hann stöd og var ad draga upp allra handa myndir med endanum á vasalvarda sínum úr brennivini því, sem hafdi spillzt nidur á búdarbordid. Hann leit upp og sá, ad veitingakonan var eins vel búin og dóttir hennar, med linhúu á höfði med marglitum bøndum, og mikla eyrnahringi úr gulli. „Jeg ætladi ad fá dálítid staup af rømmu brennivini,“ svaradi hann; síðan borgadi hann þad, horfði rólega framan í veitingakonuna og mælti: „Þetta er í síðasta sinn, sem jeg ætla injer ad vera heimskingi núna fyrst um sinn“.

Meyer flýtti sjer heim. Kona hans og dóttir sátu vid vinnu sína; þær voru fölar á hýfirbragð

af skorti á frøptugu vidurværi. Allt í stofunni var fátæklegt, og ekki var ofninn lyntur, sækum þess ad eldsneyti vantadi, en þó var þar addáanlegt hreinlæti og regla á öllum hlutum. „Þad er sjaldgæst, børn! ad fadir ykkar kemur svona snemima heim“, sagdi konan, og leit til manns síns, sem stod vid bordid og horfði á börnin til skiptis. Síðan settist hann nidur og sagdi: „Maria og Lína! þykir ykkur ekki vænt um, ad sjá mig? Getid þíð ekki haett ad sauma, rjett á medan þíð standid upp og klyssid fóður ykkar“? „Þad getum vid vel“, sagdi önnur heirra, í því þær stukku bádar upp og fjelli um hálsinn á fóður sínum. „En vid megum ekki spilla tímanum“, sagdi Lína og hvísladi ad honum: „því þetta eru síðustu skyrtunar af heim tólf, sem vid áttum ad sauma fyrir herra Martens á Kolatorginu, og á morgun á ad skila heim“. „En hvad gengur ad augunum á þjer, góðin mínn“? sagdi Meyer vid konu sína; „hefur þú grátid? eda er þjer illt í augunum? Þú vinnur of mikil vid ljós“. Súfanna leit ekki upp, en svaradi brosandi, ad þad væri ekki neitt. Í því sama heyrdist snökt úr dimmasta horninu í stofunni. „Hvar er Hinrik? Hvers vegna stendur þú barna í skotinu“? spurdi fadirinn. „Jeg hef þá gleymt ad kalla á hann“, sagdi módirinn vid sjálfa sig. „Komdu út á gólfid; hvad er þetta“? sagdi Meyer, og setti drenginn á knje sjer. „Hann var dálítid óþekkur“, svaradi módirin.

„Segdu mjer, hvernig þad var, drengur minn“, mælti fadirinn“; jeg skal ekki vera reidur vid þig“. Pilturinn horsdi framan í födur sinn og svaradi: „Bakarinn vildi ekki láta mómmu sá meira braud í kveld; hann var svo hardur og vondur vid hana, en sagdi þó, ad þad væri ekki henni ad kenna, heldur þjer, hví ad þú drykkir upp alla peningana. Þegar mamma kom heim, grjet hún yfir hví, sem hún var ad gjöra, en sagdi ekkert. Jeg viði ekki af hví, ad hún var ad gráta, sýr en jeg já, ad tárin hrundu nídur á hendurnar á henni og á saumana hennar; há sagdi jeg noklud, sem mómmu mislikadi, og svo rak hún mig út i horn“. „Hinrik! sæltu rótarspítuna, sem er frammi“, sagdi módirin; „jeg ætla ad leggja hana í ofninn“. „En segdu mjer fyrst“, mælti fadirinn, „hvad var þá þad, sem þú sagdir“? Hinrik rodnadi, en sagdi þó blátt á fram: „Jeg sagdi, ad þú værir slæmur fadir“. „Óg þad var þó mikil ótilhlýdilegt“, sagdi módirin rólega, „en nú hef jeg fyrirgefisid þjer þad. Sæltu nú spítuna“! Meyer leit til konu sinnar, og honum vœknadi um augun, þegar hann sá hennar vidkvæma og blidlega augnatillit. Hann stóð upp og sagdi, um leid og hann lagdi peninga í lófa hennar: „Parna eru víkulaunin mínn; komdu med báða löfana, hví þú hefur enn ekki fengið þá alla. Parna eru þeir, nema fjórir skildingar, sem jeg í kveld feypti eitt staup fyrir. Jeg vona, ad þetta sje byrjun

betri tíma, bædi syrir þig og mig; búdu þig nú upp á; jeg ætla ad fara med þjer til bákarans, borga honum, og kaupa svo þad, sem vid helst þursum vid. Þegar vid komum heim aptur, ætla jeg ad lesa einn kapitula í nýja testamentinu syrir þig og börnin, medan þjer saumid". Súðanna gekk inn í svefnhúsid, til ad búa sig, og þar bad hún gud þess innilega, ad snúa hjarta manns hennar, syrst og fremst til hans og frelsarans, og svo til hennar og barna heirra, og gefa sjer þolinmædi og styrkja sig í trú og von. Meyer falladi blíðlega á hana, og fóru þau svo bædi út, eins og ráð var syrir gjort. Um kveldid, þegar börnin voru háttud, sagdi Meyer konu sinni frá, ad hann hefði bædi hryggzt og skammazt sín, þegar hann hefði ordíð þess áskynja, ad fátækra sje gengi til ad þvída veitingahúsid og hlada glysi utan á veitingakonuna og dætur hennar, og hann jafnframt hefði hugð til þess, ad sín idna og atorkusama kona og börnin sín yrdu ad þola sult og seyru, en ad hann á hverju kveldi drykki brennivín og adra ásenga drykki, veikti med því krapta sina og spillti med því heilsu sinni, þessari dýrmætu guds gjöf. Hann ásetti sjer nú alvarlega, ad taka syrir sig annan lífnadarhátt, hafa valandi auga á sjálsum sjer, og bidja drottin og treysta honum. Og hann hefur ekki brugdid þessu áformi sínu.

Svo bar vid ári síðar eitt sagurt sumarkveld, ad veitingakonan var á gangi sjer til skemmtunar, og kom þangad, sem Meyer átti heima utarlega í bænum. Hann hafdi dálitinn sádgard fram undan húsi sín, og vildi svo til, ad hann var þá ad setja þar plöntur og vökva med börnum sínum, og voru þau öll hraustleg og gladleg ad sjá. Veitingakonan þekkti undir eins þennan forna skiptavin sinn; hún heilsadi honum, og ljöt i ljósi gledi sina yfir því, ad óllu lídi vel hjá honum, en gat ekki stíllt sig um ad spyrja, hvad til þess kæmi, ad hún hafdi ekki sjed hann svo lengi í veitingahúsi sín, þar sem hann þó ádur hafdi komið þangad svo stödugt. „Jeg hef góðar ástædur til þess“, svaradi Meyer; „jeg sje, ad med guds hjálp er þetta njer og börnum mínum fyrir beztu. Þjer eigid mikla þólk af njer skilid fyrir nokkur ord, sem þjer sögdud, því ad þau opnudu augun á njer, svo ad jeg gat sjed, hve heimskulega og illa jeg breytti. Í fyrra var kona míni og börn hálfnakin og hálfssoltin. En litid nú á þau! hvernig lízt ydur á þau? og nú get jeg sagt ydur þad, ad þad, sem þjer í fyrra sögdud vid einn funningja ydar um heimskingjana, sem færa ydur sje, hesur læknad mig. Gud gefi njer nád til, ad sá bati verdi varanlegur“. Veitingakonan gekk þegjandi burt. Hún kvad ekki hafa sagt neinum þessa sögu.

93. Fagnadarsfundur.

ar komid þjer ad haldi, og þú munt geta komist í einhern veg á inn edur annan hátt. Hvad þig snertir, vesalings-Hierónymus minn! þá ber jeg nokkurn kvídboga fyrir þjer. Þú hefur getad farid ad, eins og brödir þinn, og komid þjer inn undir hjá prestinum; en þú hefur ekki viljad þad, heldur hefur þjer þótt betra, ad ganga eins og logi yfir akur og sölunda; en jeg er hræddur um, ad þú "idrist eptir þessu. Verid þid nú selir, synir mírir; gud blessti ykkur báða"! Ad svo mæltu sadmadi hann syni sína grátandi. Medan á þessu stóð, kom presturinn. Lüdvík fleygdi sjer um hálsinn á honum, og gat engu ordi komid upp, eda vottad honum þakflæti sitt, nema med tárum. Hierónymus grjet líka, og komst fannarlega vid, því hversu spilltur sent madurinn er, getur hann þó ekki orðid oldungis tilfinningarlaus fyrir öllum góðum áhrifum. Vöksins fóru brædurnir af stاد og leiddust, en fadir heirra og presturinn hófsdu eptir heim, medan til heirra jást.

Lüdvík var mjög stúrinn. Hierónymus virtist líka nokkra stund vera hugsandi; þó leid ekki langt um, þangad til hann sleit þøgninni og mælti vid brödur sinn: „Nú fórum vid til Lyon; er ekki svo"? Lüdvík svaradi: „Já; hvad ætlar þú ad taka þjer þjer þar fyrir hendur"? Hierónymus: „Leg veit ekki". Lüdvík: „Pad er þó naudsynlegt, ad hugsa fyrir því". Hierónymus: „Leg læt kylsu ráða kasti

med þad, og þad er nógur tími til, ad hugsa um þad, þegar jeg er ordinn skildingalaus". Lüdvík: „Þess mun nú ekki verda langt ad býða, vesalingsbródir minn; jeg hef einhverftadar lesid, ad born og heimskingjar hugsí, ad tuttugu ár og tuttugu skildingar taki aldrei enda". Hierónymus: „Jeg ætla ad bidja þig, bródir minn! ad fara ekki ad þrödika fyrir mjer; jeg er ordinn svo gamall, ad jeg veit, hvad jeg á ad gjöra". Lüdvík: „Vertu óhræddur! jeg skal þegja eins og steinn".

Pegar heir hófdu gengid allan daginn, komu heir um kveldid ad gestaherbergi einu, og ásettu sjer, ad vera þar um nöttina. Þadan var ekki langt til Lyon, og bjuggust heir vid, ad ná þangad deginum eptir. Í gestaherberginu voru margir komnir, og medal þeirra var undirforingi nokkur, sem var á leidinni til varnarlidssins í Grenoble. Hann leit fremur flysjungslega út, og var Hierónymus ekki lengi ad komast í kunningstak því hann, því þad er, eins og máltekið segir, ad „líkur sækir líkan heim". A litilli stundu voru heir orðnir meistu mátar, og hófdu sagt hvor ódrum, hvernig á högum þeirra stod. Pegar undirforinginn heyrði, ad Hierónymus hafdi átta dali í vasanum, sleikti hann út um, og hugsadi sjer til hreisnings, því ad hann var flungnari en Hierónymus, og var útsarinn i ad hafa rangt vid í spilum; hann sagdist líka hafa peninga hjá sjer, og baud Hierónymus ad spila

vid sig. Hann hádi þad, hví ad hann bjóst vid ad vinna, eins og öllum ljettúdarfullum mónum er hætt vid. Þegar Lüdvík heyrði þetta, varð hann daudhræddur, og ætladi ad vara bródur sinn vid; en fjölt ekki annad en óþægdaryrdi, og varð ad þagna. Á svipstundu missti Hierónymus þá einu átta dali, sem var aleiga hans. Beiddi hann þá bródur sinn, ad lána sjer peninga, svo hann gæti unnið aptur þad, sem hann hafdi misst, en Lüdvík astók þad í alla stadi, fyrst hann hesdi ekki viljad fara ad sínum rádum. Þegar undirforinginn varð þess var, ad Hierónymus hafdi ekki fleiri peninga, kólnadi vinátta hans furdanlega, svo hann skildist vid hann, og baud honum góðar nætur.

Þegar brædurnir voru ordnir einir eptir, sagdi Lüdvík vid Hierónymus: „Bródir minn! jeg ñe, ad vid getum ekki orðid samferda, og eignum ekki lund saman; vid yrðum hvor ødrum til ama og mædu. Þad er betra, ad vid skiljum, og reynum þannig til, ad komast á fram. Þú hesur misst þá skildinga, sem þú áttir, as hví þú vildir ekki hlyða góðum rádum; en þó vil jeg ekki skiljast vid þig øldung-ís hjálparlausán. Æf mínum átta döslum ætla jeg ad borga næturgreidann hjer i veitingahúsinu, og síðan skulum vid skipta afganginum milli ofkar eins og gódir brædur“. Hierónymus sjellst á þetta, og skildu þeir síðan morguninn eptir, og fóru sína leidina hvor. Hierónymus hætti nú vid ad

sara til Lyón, og ásetti sjer, ad snúa vid til Grenoble, og ná undirforingjanum, sem hann hafdi spilad vid; og er þeir hittust, mælti undirforinginn: „Þú ert þá kominn, kunningi! hvad ætlað þú ad sara? Jeg hugsadi, ad þú værir á leidinni til Lyón“. Hierónymus svaradi: „Mjer hefur snúiðt hugur; jeg ætla ad sara med þjer til Grenoble, og ganga í þjónustu í herdeild þeirri, sem þú ert í“. Undirforinginn tók mjög vel undir þetta; og er Hierónymus kom til Grenoble, var hann rádinn í herþjónustu, og látiinn temja sjer hercęsingar. Fyrstu dagana fór allt vel; hann hafdi fengið festarfje fitt, og um sama leyti unnið dálítid í spilum af einhverjum, sem eins og hann voru nykomnit í hermannatølu, svo hann hugsadi ekki um annad, en ad skemmta sjer fyrir þessa peninga. En þegar hann var ordinnað fjelað, vart hann ómrulegur og óánægdur med stødu sina. Hann var vanur, ad neyta allra bragda, til ad láta eptir tilhneigingum sínum, og ásetti sjer því, ad stela, undir eins og hann sæi sjer færí á því, án þess ad hugsa eptir, hvort hann gæti ekki aflat sjer fjár á annan hátt, med því honum þótti þetta hægast og fyrirhafnarminnist.

Hann hafdi ordid var vid, ad noktrir dátar høfdu grætt lítid eitt af skildingum, bædi med sparnadi sínum og fyrir ýmisleg verk, er þeir unnu í þenum þá daga, sem þeir voru lausir vid herþjón-

ustu, og ad þeir gevindu þessa peninga í pokahornum sínum. Einн dag gjördi Hierónymus sjer upp veiki, og þóttist ekki geta farid á herœfingar med hinum. En þegar þeir voru gengnir burt, fór hann í poka þeirra, og tók þadan nálægt fimmtíu döllum; síðan fór hann úr einkennissotum sínum, og í gráa lafatreyju, skundadi svo út úr bænum, og fór allt hvert og endilangt, svo honum yrði ekki veitt eptirsor, og segir ekki af ferdum hans, fyr en hann ad tíu dögum líðnum kom til bæjar nokkurs, sem falladur er Chalons-sur-Saône. Hann ásetti sjer, ad stadtæmast þar, og hjelt, ad hann væri nú úr allri haettu. Þegar hann hafdi dvalið þar um stund, og var búinn ad svalla út fje því, sem hann hafdi stolid, komst hann í funningsskap vid fløkkuleikara-sjelag nokkurt, og lauk þeim funningsskap þannig, ad hann og sjehirdir þess tóku sig saman og stálu sjódi sjelagsins eitt kveld, medan verið var ad leika. Síðan fóru þeir sem skjótast burt úr bænum og hjeldu á fram alla nöttina; en um morguninn snemma komu þeir ad veitingahúsi einu, og gengu þar inn, til ad fá sjer nokkud ad borda. En Hierónymusi skaut skelf i bringu, þegar hann sá þar two logreglubjóna, sem höfdu skilid hesta sína eptir á húsabaki. Hann vissi med sjálsum sjer, ad hann hafdi strokld, og þegar hann sá, ad þessir menn virtu hann fyrir sjer, þóttist hann vita, ad þeir mundu þekja sig. Æn þess ad tala nokk-

ud vid fjelaga sinn, gekk hann út úr stofunni, og þangad sem hestar löggregluþjónanna voru. Hann valdi sjer betri hestinn, en stakk knif i brjóstid á hinum, svo sjer yrði ekki veitt eptirfør á honum, steig síðan á bak og reid burt sem skjótast. Hann hafði tekid med sjer alla peningana, og skildi hann ig fjelaga sinn fjelausán eptir í hóndum löggregluþjónanna. Hann reid, eins og hesturinn gat sárið, þangad til hann datt daudur nidur; þá fór hann út af þjódveginum, og gekk inn í skóg einn, sem þar var, til ad hvila sig og telja peninga sína; voru þad tvær hundruð dalir, og med því hann hafði aldrei sjet svo mikil fje i einu, hjelt hann, ad sjer væru nú allir vegir færir. En þessi fognudur hans vard ekki langgædur, því þegar hann var sem bezt ad skoda peningana, hlupu ad honum tweir menn nijsg ófrýnilegir, med hladrnar byssur, og hótudu ad drepa hann, ef hann seldi heim ekki fjad í hendur. Hierónymus vard fyrst hræddur, en herti þó upp hugann, og mælti: „Teg hef heyrta, ad hrafnarnir væru ekki vanir, ad kroppa augun hver úr ødrum; jeg hef sama atvinnuveg eins og þjer, og þad væri illa gjort af ydur, ad ræna fjelagsbröður ydar“. „Kom þú þá med okfur,“ sagdi annar þjófurinn, „og gjörst þú einn af okkar mónum“. Hierónymus kvadst þad gjarnan vilja. Síðan leiddu heir hann enn lengra inn í skógin til fjelaga finna, sem voru þar fyrir, 7 eda 8 ad tulu, og sögdu

vid þá: „Bid komum hjer med nýjan fjelagsmann, sem færir oss sje“. Hierónymus dvaldi 4 ár í þessum óaldarsflokk, og varð einhver hinn kænasti og snidugasti bjófur; var hann því hafdur til þess, að komast eptir og njóðna um, hvær tiltafellegast væri ad stela, og kom hann sjer víða í vinnu, til að grennslast eptir húsaþynnunum, og búa í hagiinn fyrir fjelaga sína. Einu sinni hafdi hann i þessum tilgangi komið sjer i bjónustu á herragardi nokkrum; þá bar svo ad einn dag, að flokksföringi nokkur, sem hann ekki þekkti, var bar ad heimbodi. Ýfir bordum hófsdi flokksföringinn á Hierónymus, sem þjónadi ad bordum, og er hann hafdi virt hann stundarkorn fyrir sjer, kalladi hann upp og mælti: „Þetta er strokumadur og bjófur; takid hann fastan“. Síðan var Hierónymus handtekinn, og sent eptir dátum, til að fara med hann i fangelsi. Því næst var hófdad mál gegn honum; með gekk hann þá afbrot sín, og var dæmidur i þraeldóm á galeidum. En naumast hafdi hann verid viku í Toulon, þegar hann var veginn af þraeli nokkrum, sem höttist eiga honum hefndir ad gjalda, og kennið honum um ógæfu sína. Þetta urdu afdrif Hierónymusar, og sannadist þá að honum, að hegningin hittir hinn seka fyr eda síðar, þó hún stundum funni ad dragast.

Pegar Lüdvík skildist vid bröður sinn, hjelt hann á fram ferd sinni til Lyon. Á leidinni var hann

ad hugsa um bródur sinn, og bar mikinn kvídboga fyrir því, hvernig fara mundi fyrir honum. Þessu næst fór hann ad velta því fyrir sjer, hvad hann ætti til bragðs ad taka, og hvort hann ætti heldur ad koma sjer i vinnu i borginni eda úti á landsbyggdinni. Medan hann var ad hugsa um þetta, kom hann ad bœ einum reisulegum, og bjó þar ríkur bóndi. Hann fann bónda ad mál, og faladi vist hjá honum. Bóni kvadst mundu taka hann, ef hann vildi verda smali hjá sjer. Ad þessu gekk Lüdvík, þó þad væri ekki ad skapi hans, og fór hann nú ad gæta fjárins. Þad hótti honum lækast, ad eiga ekki skilding, til ad kaupa bœfur fyrir. Hann tók því upp á því, ad búa til hitt og þetta smávegis, og selja þad, og ásetti sjer, ad eyda engu af kaipi sínu, heldur verja því til bóka kaupa. Ad ódru lehti var hann svo idjusamur, trúr og húsbondahollur, ad hann ávann sjer hylli hans, og fjekk hann innan skamms svo gott ord fyrir hirdusemi, dugnad og ráðvendni, ad hann hefði getad valid um vistir, ef hann hefði viljad. En hann hafði opt hevrt sagt, ad þad lánadist aldrei vel, ad hafa mjög opt vistaskipti, og þar ad auk var hann húsbóna sínum þakklátur fyrir þad, ad hann hafði tekid hann óþelktan.

Svo fljétt sem hann gat, skrifadi hann fóður sínum til, og sœmuleidis prestinum, og sagdi þeim allt um hagi sína. Presturinn skrifadi honum til

aptur, og sendi honum þrjár eda fíðar bækur um jardyrkju, sem hann atti. Lúdvíki hótti venna um þessu sendingu, en frá megi segja. Hann tók bækurnar med sjer út í hagann, og las þær, þar sem hann sat yfir fjenu. Þegar hann var búinn ad vera tvø ár hjá þessum bónda, sagdi bóndi einu sinni vid hann: „Lúdvík minn, miður fellur mæta-vel vid þig, og jeg er i skuld vid þig fyrir þad, hve vel þú hefur farid med fje mitt. Jeg veit, ad adrir hafa bodið þjer betri fíð, en þú hefur haft hjá miður, og ad þú hefur hafnadt heim; en jeg býd þjer nú súmu kosti eins og adrir“. Lúdvík mælti: „Jeg hækka ydur innilega fyrir góðvild yðar; en jeg ætladi ad stíngu upp á øðru vid yður, ef þjer berid nokkurt traust til minn. Jeg veit ráð til þess, ad auka margfaldlega þann ard, sem þjer hafsi af þessari jörd. Losfid miður eitt ár ad segja fyrir verkum“. Bóndi var fyrst nokkud tregur til þess, en sagdi þó, ad svo skyldi vera. Lúdvík tók þar nú vid allri búsumsjón, og fór jafnþjótt ad föra sjer í nyt þad, sem hann hafdi numið af jardyrkju. Hann ljét ekert akurland vera ósaíð, engan bleitt óræktadan, og ljét alstadar bera sem bezt á; med skurdum og vatnsveitingum, bjó hann til bezta engi úr óræktarmýrum, og hafdi enginn gjort þad þar ádur. Bóndinn, sem allt af hafdi haldd sinu forna búskaparlagi, vard hálfshreiddur vid þessar nýbreytingar; en þó bar

hann svo mikid traust til Lüdvíks, ad hann sjet hann ráda, og skipti sjer ekki af, þó adrir bændur í sveitinni skopudust ad því. En þegar hann ad ári síðnu sá, hve vel þessar jardabætur heppnudust, og ad hann fækkt bridjungi meiri ard af jörd sinni en ádur, fjell hann um hálsinn á Lüdvík, og sadmadi hann innilega ad sjer.

En hinir bændurnir urdu hiðsa, þegar heir sáu þennan góða árangur, og lá þeim vid, ad sfsundast yfir því. Þá sagdi Lüdvík vid þá: „Yd-ur er þad innan handar, ad fara eins ad, og bera sama úr býtum; yðar jardvegur er eins feitur og frjóvsamur, og getur gefid yður eins mikinn ard, ef þjer ad eins leggid stund á, ad rækta hann vel. Leitumst vid, ad hagnýta ófs audæfi náttúrunnar, og fylgjum í því ráðum skynsamra manna“. Hús-bóni Lüdvíks leitadist á allar lundir vid, ad votta honum þakflæti sitt, og baetti miklu vid kaup hans; en Lüdvík sendi þad mestallt födur sínunum, sem var ordinn ellihrumur, og skrifadi honum jafnadar-lega til, og eins hinum góða presti, sem fyrst hafdi veitt honum tilhøgn. Þad eina, sem amadi ad Lüdvík, var, ad vita effert um hagi Hierónymusar brödur sínus, og þó var þetta heppni fyrir hann.

Bondinn græddi nú á tā og fingri, og sör ad kaupa jardir. Hann átti eina dóttur, mjög fríða sýnum, sem var fjörtán vetra, þegar Lüdvík kom þangad, og vantadi hana ekki annad en

meintun til þess, ad verda afbragðs-stúlka. Lüdvík fjekk leyfi fóður hennar til ad kenna henni. En þegar fram lídu stundir, sá bóndi, ad þad dró saman med heim, og ad þau í kyrkhey unnuſt hugaſtum. Þegar Lüdvík var búinn ad vera har fimm ár, sagdi bóndi einu sinni vid hann: „Þú hefur þjónad mjer med trú og hollustu, og jeg hef ekki getad launad þjer þad med ódru en því, ad fara med þig, eins og þú værir sonur minn. Bistu nú verda þad til fulls? Dóttir minn ann bjer, og bjer lízt vel á hana; jeg ætla því ad gefa þjer hana“. Þegar Lüdvík heyrði þetta, vard hann frá sjer numinn af gledi. Síðan var þetta mál borid undir bóndadóttur, og tólk hún því vel. Nú var sent eptir heim Marcel, fóður Lüdvíks, og gamla prestinum, til ad vera í brúðkaupi þeirra. Allt fór fram med síðsamlegri gladvöerd, og Lüdvík ljek vid hvern sinn fingur. Hann vildi nú ekki sleppa fóður sínum frá sjer avtur, og tengdafadir hans beiddi hann líka, ad setjast ad hjá heim, og sagdi: „Marcel minn! vid erum bádir ordnir gamlit; láturnum ofkur búa saman eptirleidis, svo vid sjáum, hvernig børnum ofkar lídur. Annars verdid bjer ekki hjá mjer, heldur verdum vid bádir hjá sýni ydar, því ad þessi ungu hjón eiga allt, sem bjer er, og jeg ætla ad sá heim allt bú mitt i hendir“. Marcel gat ekki tárá bundizt, því hann langadi innilega til þess, ad verda eptir hjá sýni sínum.

Pannig hafdi þá Lüdvík, 25 ára gamall, fengið ágoðan kvennkost, var ordinu ellistod födur sínus og jardeigandi, hafdi fengið gott bú i hendur og heztu ábýlisjörd, og mátti þad segja, að lánid ljeki vid hann á flestar lundir, enda hafdi hann farid vel ad rádi sínu. Þó kom þad mótlæti fyrir hann um þessar mundir, að hann sjekk fregn um hin óttalegu aðrifs bródur sínus, og tók hann sjer þad mjög nærrí.

Pegar Lüdvík hafdi fengið bú tengda födur sínus til eignar og fullkominna umráða, rjedst hann i enn meira en ádur, og græddi á fáum árum aud fjár. Hann var í öllu tilliti hinn mesti gæfumadur. Hann ól børn sín vel upp, og innrætti heim frómlýndi og rádvendni, og voru þau all efnileg; hann hafdi barnalán, að hví hann var sjálfur gott barn; hann vard efnadur, að hví hann var idinn og atorkusamur; hann var ástæll og alstadar mikils metinn, að hví hann var góður og nytsamlegur fjalagsmadur.

110. Fridrik mikli i Schlesiu.

(Vidburdur úr sjóðastríðinu.)

„Etlid þid ad gjøra mig cieran, stúlkur“? sagdi hinn digri föeti, og vardi sig hlæjandi fyrir nokkrum ungum stúlkum, sem höfdu slegið hring um hann; „jeg sje ekki annad rád, en ad svæta ykkur í svartholinu, svo þid verdid dálítid stilltari“.

„Þjer erud of góður til ad gjøra þad”, sagdi ein þeirra hlæjandi. „Þjer vitid, hvernig unga fólkid er, þó þjer sjeud farinn ad eldaſt”.

„Vara þú þig, Katrín”! mælti föetinn, og reyndi til ad setja andlitið á sjer í alvarlegar sellingar, sem var óvenjulega skritid ad sjá. „Pegar þú kemur á minn aldur, há verdur þú ódruvísi í framán, en þú ert núna; og þú, Anna! skammast þú þín ekki, ad láta gjøra út af vid hann fður þinn”?

„Í dag verdur þú ad gjøra þjer allt ad góðu, fadir minn”, svaradi Anna hlæjandi. „Mundu eptir, ad þad er vinuppsteruveizla. Á morgun verdum vid aptur hægar og idnar”. Um leid og hún sagdi þetta, lagdi hún hendurnar um hálsinn á fður sínum og kyssti hann rembingskoss. En honum þótti mjög vænt um dóttur sína, því ad hún var bædi góð stúlka og fríð sjýnum.

Pá kalladi einhver upp nokkud á lengdar og sagdi: „Sá ætti gott, sem fengi slika kossá”.

Allir litu vid og jáu, hvar madur nokkur hraustlegur, en sem því midur hafdi misst annan fótinn, kom gangandi eptir grassfletinum fyrir framán húsid, þar sem föetinn og ungu stúlkurnar voru.

„Erud þjer þarna, nágranni minn”? mælti föetinn; „þad fór vel, ad þjer komud, því ad stúlkurnar eru of gáskasfullar; hver veit, nema þær beri meiri virdingu fyrir ódrum eins oldungi og þjer

erud. Sveiflid þjer hækjunni á milli heirra". „Hví cetti jeg ad gjöra þad "? mælti uppgjafadáttin, sem var kalladur hækjunábui, og kom sjer vel vid alla, af því hann var góður og gamansamur. „Mætti jeg ad verja mig fyrir ődrum eins rembingskossi, eins og þjer fengud áðan? nei! Slíkir kóssar eru vist betri á bragdid, en kúlurnar hjá Kesseldorfi, sem fóru med vesalingsfótinum á mjer".

„Varid þid nú, stúlkur", sagdi sóetinn, „og skemmitid ykkur, eins og þid getid vezt; en hafid ekki mjög hátt. En komid þjer med mjer, nágranni góður! vid skulum fá ofkur eitt staup af vini, eda rímlega þad, fyrst þad er vinuppskeruveizla í dag. Þad er ad sönnu fallegt haustvedur í dag, og sólin skín, eins og hún getur; en haust er þó haust, og eitt vinstaup getur ekki gjört ydur mein".

„Nei, viðsulega ekki", svaradi hinn hlæjandi.

„En eftir á ad hyggja", mælti sóetinn, „hvernig lidur tengdasyni minum tilvönandi, honum Bartel, barna yfir í Strehlen? Hvers vegna kemur hann ekki hingad yfir um í dag"?

„Þad var vel á minnzt", svaradi uppgjafadáttinu; „jeg á innilega ad heilsa ydur og jómfrú Onnu frá honum, og segja, ad hann sje vant vid kominn í dag, en ad hann muni koma í kveld, þegar farid er ad dansa".

Þegar Anna heyrði þetta, gretti hún sig, og þad var audsjed, ad henni þótti ekki eins vænt um

þeðsa kvæðju, eins og líkindi voru til, því ad allir vissu, ad Bartel var unnusti hennar. Hún hvísl-adi ad Katrinu vinstuðku sinni: „Þad verdur ekki mikil úr heim dansi, því þegar hann er búinn ad dansa nokra snúninga, þá er hann ordinn uppgefinn“.

„Þú verdur ad sætta þig vid þad“, svaradi Katrin, og yppsti øxnum; „hann er ríkur, og fadir þinn vill fyrir hvern mun, ad þú giptist honum. Þú verdur ad hlyða, eins og þú veizt“.

„Þad er audvitad, ad þad verdur svo ad vera“, mælti Anna, og vard allt í einu alvarleg; „hamingjan veit, hvers vegna fadir minn ekki gat kosið neinn annan fyrir mig en Bartel“.

„Hvad erud þid ad hvílast á?“ sagdi uppgjafa-dáttinn; „þad er vist um Bartel. Anna mun vera reid af því, ad hann kemur svo seint. En heyríð þid stúlkur! jeg hef enn þá nokkud ad segja ykkur í frjettum; gamli Friz, konungur vor, kemur hingad til Veizelviz í dag med hann herflokk sinn, sem kalladur er „veidimannaflókkur“; þeir eru begnar kommir til Strehlen. Konungur ætlar ad gista á slotinu hjá barón Barkotsch, og Vilhjálmur Kappel er í sérinni; hann er ordinn fridur madur; þid ættud ad sjá hann í einkennisstunum sínum; ykkur gæfi á ad lita; og hraustur er hann einnig. Konungi þykir svo vænt um hann, ad hann hefur hann allt af hjá sjer. Þad getur ordid eitt-

hvad úr honum med tímanum". Þá fólluðu stúlkurnar upp: „Vilhjálmur dansar ágætlega; þad er vefsarið, ad hann kemur”.

Anna rodnadi, hegar Vilhjálmur var nefndur; en enginn tók eptir því.

„Hann dansar betur en Bartel”, sagdi Katrín vid Sunnu; „þú hekkir hann þó? Láttu ekki svona ólifindalega; þid hafði opt talad saman”.

Anna svaradi nokkud feimin: „Þad er satt; jeg man vel eptir honum; miðer leizt ætid vel á hann. En kom þú nú, Katrín! vid skulum hafa kveldmatinn til, því gestirnir sara senn ad koma”. Stúlkurnar gengu nú inn í húsið, en bádir karlarnir voru ad spjalla saman í skemmtunarhúsi fyrir utan dýrnar.

Fóetinn syltti vinstaup heirra og mælti: „Jeg drekk minni Frídríks, konungs vors, og óstka, ad hann komist úr heirri klípu, sem Austurríkismenn hafa komið honum í”.

Uppgjasadáttinn sagdi: „Jeg vona, ad þad verdi, og ad heppni Austurríkismanna muni ekki verda langgæd. Lífi Frídrík konungur”! Síðan hringdu þeir staupum, og fóetinn mælti: „Svo Vilhjálmur Kappel kemur hingad med konungi í dag”?

Uppgjasadáttinn svaradi: „Já, jeg hef sjálshur sjed hann; þad er mikil laglegur madur; því spyrj id þjer ad því”? „Þad er af viðsum orsökum”, svaradi fóetinn. „Anna er gott og hlýhid barn, en þjer vitid, ad þad er ekki gaman ad fást vid

stúlkurnar í ráðahagsmálefnum. Jeg hef nú ákvárdad, ad hún skuli eiga hann Bartel þarna yfir í Strehlen, af því hann er kominn af rádvöndum foreldrum, og er vel esnadur madur. En jeg veit dævel, ad Anna tekur honum einungis af því, ad henni býðst ekki annar betri, og af því ad hún vill ekki styggja mig. Það er satt bezt ad segja, ad Bartel hesur eklett þad til ad bera, sem getur gengid í augun á annari eins stúlku; foreldrar hans hafa haft of mikil dálæti á honum, svo hann er dutlungafullur og slæmur í gedi, og har ad auk heilsulaus. Þess vegna þykir mjer þad mikil illa farid, ad Vilhjálmur kemur hingad einmitt núna, því jeg veit med vissu, ad Ónnu hesur ætild litizt vel á hann; jeg hef opt sjed þau á eintali. Ad sonnu voru þau há mjög ung, og jeg hugsadi, ad allt væri fyrir löngu gleymt; en rækallinn trúi stúlkunum; hún blódrodnadi, þegar þjer nefndud Vilhjálm, og þjer megid vera vissir um, ad þad var ekki Bartel, sem Katrin og hún voru ad tala um, þegar þær voru ad hvílast á. Nú vitid þjer þad, nágrenni minn! ad jeg vil ekki fara illa med dóttur mína, heldur vil jeg henni allt hid bezta; hún er einkabarn mitt, og mjer þykir óvenjulega vænt um hana. Jeg er ekki heldur svo sinnadur, ad líta eingöngu á skildinginn; en þó er hann góður med ódru góðu. Ald ódru leyti verdur því ekki neitad, ad Vilhjálmur er gott mannsefni; en

foreldrar hans; þjer vitid, ad fadir hans liggur í mylnutjörninni, og hesur ekki fundizt. Þar á móti er módir hans komin eitthvad burt, og enginn veit, hvad ordid er af henni. Ad sonnu veit jeg, ad Vilhjálmur getur ekki ad þessu gjort, en þad væri þó óþægilegt, ef Anna væri einhvern tíma spurd um tengdaforeldra-sína”.

Uppgjafadáttin kinkadi kolli og horfði ofan í staupid sitt; síðan tók hann reyksharpípu sína, tród i hana tóbaki, kveykti í henni og sór ad reykja, en sagdi ekert.

Hóetinn tók þá aptur þannig til orda: „Þetta gjørir mig áhyggjufullan. Anna er nú losud Bartel, og brúðkaup heirra skal fram fara, undir eins og Austurríkismenn eru komni burt úr Schlesiu, sem jeg vona ad verdi innan skamms. Mjær væri þad mjög ógedfellt, ef hjer kemni nokkurt babb í báttinn, því þad yrði nóg yrkisensni fyrir allan bœinn, og færi Vilhjálmur ad láta líklega vid Önnu, kynni ad verda illt úr því, þó Bartel sje enginn sjerlegur garpur”. Síðan þokadi hann sjer nær upp-gjafadátanum og sagdi vid hann í hálfum hljóðum: „Þar ad auð er mjær hughaldid, ad givta Önnu sem fyrst. Jeg hes illan bífur á barónium barna uppi á slotinu; hann hesur komið henni Elisabet fyrir kattarnes, og jeg sje, ad hann hesur augastad á Önnu. Ad sonnu er Anna svo hyggin, ad hún skiptir sjer ekki af fledulátum hans, og

hesur þar ad auð óbeit á slikti beinagrind; en bar-
óninn er þó farinn ad leggja hingad komur sínar,
og þad getur gefið tilefni til óhródurs. Í stuttu
máli: jeg verd ad koma Ónnu eitthvad burt. Þad
eina, sem jeg hugga mig vid, er þad, ad Vilhjálm-
ur sje hættur ad hugsa til Ónnu; hann hesur far-
id um allar tríssur med hernum, og há eru menn
vanir ad gleyma átthögum sínum. Ef til vill, er
hann trúlofadur einhverfadar, því þad er alstadar
nog af fallegum stúlkum".

„Þjer farid villt i þessu, föeti góður", sagdi
uppgjafadáttinn; „Vilhjálmur er tryggur, og fyrst af
öllu spundi hann um Ónnu. Jeg vildi ekki segja
þdur þad fyr, af því ad jeg var hræddur um, ad
þdur hætti þad midur. Nei, Vilhjálmur hesur ekki
gleymit henni, og satt ad segja, væri ekki komid í
ord um Bartel, vildi jeg fyrir mitt leyti óska, ad
Vilhjálmur væri tengdasonur þdar; hann er bædi
laglegur og vænn madur".

„Nei! nei! þad getur ekkert ordid af því",
svaradi föetinn; „þad er búid ad fullgjöra þetta
vid Bartel, og vid þad skal standa. Þegar Vil-
hjálmur heyrir, ad Anna er trúlofud, vona jeg, ad
hann sje svo skynsamur, ad lofa henni ad vera í
fridi".

„Reyndin verdur ólygnust", mælti uppgjafadátt-
inn, og tæmdi staupid sitt. „Berid ekki kvídboga
fyrir þessu, ódar en lidur. Bid skulum nú tala

um eitthvad annad". Síðan fór hann ad tala um Fridrik konung og líð hans. Fyrst veitti föetinn því litla eptirtekt, en smásaman tók hann meiri þátt í samtalinnu, svo heir seinast gleymdu bædi Ónnu, Bartel og Vilhjálmi. Medan heir voru ad tala saman, gekk sólin undir, og var vedur gótt og kveldloptid fagurt.

Stúlkurnar komu nú út med stór ljósþær, sem hær hengdu upp í linditrjen, því ad þad átti ad dansa undir berum himni. Inni i stofunni voru stór fot med kjöti og kálmeti borin á bord; ekki vantadi heldur braud og smjör og ost og ýmisleg aldini, en mitt á bordunum stódu stórar kónnur fullar af vini. Það leid nú ekki langt um, ádur bændurnir úr horpinu fóru ad koma, og heilsudu heir kórlunum, sem enn há sátu fyrir utan húsdýrnar og voru ad skrafa saman. Karlar og konur sœfnudust nú smátt og smátt saman inni í húsinnu, og heyrdist þadan glaumur og gledi.

Pegar föetinn sá, ad allir gestir hans voru komnir, stóð hann upp, tók i hóndina á uppgjasaðatanum, og sagdi vid hina: „Komid nú, børn! láta um okkur borda vel; jeg er ordin svangur“. Pegar hann ætladi ad ganga inn í húsid, var vagni ekid ad stórdýrunum. „Parna kemur Bartel“, falladi föetinn upp; „hann efnir þó ord sín; jeg hefði líka reidzt, ef hann hefði ekki komið“.

Bartel stókk úr vagninum, hjet draga hann inn

i skúrinn, og leysa hestana frá honum. Hann sýndist vera í slæmu skapi, og ódru hverju drogu dimm dætlungastký yfir hans föla andlit. Þó var þad audsíð, ad hann vildi ekki látta á þessu bera.

„Gott kveld, föeti góður“, sagdi hann; „jeg sje, ad þad á ad fara ad borda. EKKI stendur á mjer. Eru allar stúlkurnar og píltarnir kommir“? „Já“, svaradi föetinn, „og Anna er inni, ad bera á bord; komid nú, vid skulum ekki bida lengur, því há kólnar maturinn“. Nú gengu allir inn, og settust vid bordin, sem svignudu undir matnum. Þegar búið var ad lesa bœnina á undan bordum, sló vllu fyrst í þøgn; en þegar lítil stund var síðin, hófust skemmtilegar samrædur innan um hlátra og gladværð hinna yngri karla og kvenna. Þegar föetinn var búinn ad lesa bœn á eptir bordun, sátu bordgestirnir sáein augnablik þegjandi og horfdu á hinn sagra kveldroda. Þá heyrðist allt í einu skemmtilegur hljóðsærasláttur; þad var veidimannasengur, og blásid í horn, og tók hvervetna undir í skógi og fjöllum. „Þad eru veidimenn konungs“, kólludu stúlkurnar, og stukku upp. Allir flýttu sjer út, en uppgjafadáttinn vard einna fyrstur og mælti: „Friz konungur kemur“. Síðan skjókti hann út og ad stórdýrunum, og þar sœfnudust allir bordgestirnir saman úti á græsflétinum, til þess því betur ad heyra hljóðsæraleikinn, og sjá hermannaslokkinn, sem allt af færðist nær. Þad var ad eins

litil sveit manna, því ad meginherinn var í hjerudum þar í kring, en konungur ætladi sjer ad taka sjer adsetur hjá baróni Barkotsch í Weizelviz, svo hann væri í midjum hernum.

Peir, sem bljesu í hornin, gengu á undan; þeim fylgdu ríðandi yfirforingjar, og medal þeirra reid Þridrik konungur med þrihyrðan hatt á høfði, í bláum frakka, hnepptum upp í gegn, med raudum uppslögum, og í stórum stigvjelum. Hann var ad tala vid yfirmenn sína, og benda þeim med stafl, sem hann hjelt á. Æ eftir honum reid litill flokkur hinna svo kólludu „veidimanna”, sem gengu eftir hljódfallinu, gladir og fátir, og litu hýrum augum til stúknanna, sem bidu þeirra hlæjandi og voru ad masa.

„Parna er hann Vilhjálmur“, hvísladi Katrín brosandí ad Ónnu. „Littu á; hann gengur yztur hægra megin“.

Anna rodnadi, því hún var rjett nýbúin ad koma auga á hann. Bartel hafdi hevrt þad, sem Katrín sagdi, og gaut augunum til Ónnu, og þad var eins og hann væri ad gæta ad því, hvort þær horsdu; síðan sagdi hann: „Vilhjálmur Kappel er þá í fórinni; níjer sýnist hann hafa ósvifid útlit; jeg sé hann, þegar þeir fóru út úr Strehlen; slikur dátí heldur, ad hann sje öllum ódrum meiri“. Allir þogdu, nema uppgjafadáttin, sem sagdi: „Jeg vil ekki láta hallmæla hermonnum Þridriks“.

konungs". Í þessu bili kom konungur ad stórdýrunum. Fóetinn tók fløjelshúsu sína ofan með hinni mestu lotningu; uppgjafadáttinn hjelt á dátahúsu finni milli handanna; karlmennirnir stódu berhöfdadir, stúlkurnar hneigdu sig hæversklega, og gutu um leid augunum af forvitni til dátanna. Konungur og hershöfdingjar hans heilsudu vinsamlega, og Vilhjálmur heilsadi einnig mjög gladlega. Hann var hár vexti og frídur sýnum, blíðlegur á yfirbragd, en þó skorunglegur. Hann leit ástaraugum til Ónnu, sem blödrodnadi. Karlmennirnir heilsudu honum vinsamlega, og sumir þeirra sagdu: „Gott kveld, Vilhjálmur! vertu velkominn“. Konungur heyrði þetta ávarp, sneri hjer vid á hestí sínum, leit til Vilhjálmss og mælti: „Kappel! þú átt vist heima hjerna í þorpinu? „Já, herra konungur“! svaradi Vilhjálmur; „jeg er borinn og barnsæddur í Beizelvíz, og fóetinn á þetta hús, sem er einhver helzti madurinn í bönum. Það lítur svo út, sem hjer sje vinuppskeruveizla í dag“. „Svo“? sagdi konungur, og leit á fóetann, sem var ordinn kastrjódur, og hló allt andlifid á honum af gledi yfir því, sem Vilhjálmur hafdi talad honum til hróss.

„Já, herra konungur“! mælti hann, „vid heldumi vinuppskeruveizlu í dag.

„Þá verdur líflega einnig dansad“, sagdi konungur. „Já, þarna syrir utan dýrnar“, svaradi

fóetinn. „Þú kemur þá mótulega, Kappel”, sagdi konungur vid hinn unga mann; „ef þú ert ekki of þreyttur, getur þú seinna dansad nokra snúninga vid fallegu stúlkuna þarna”, og benti á Ónnu. Vilhjálmur rodnadi út undir eyru og mælti: „Ó, herra konungur! hvernig ætti jeg ad vera þreyttur eptir svo stuttan gang? Lengra gengum vjer, þegar vjer fórum úr Saglandi, adur en barizt var hjá Leuthen, og dönsudum þó lystilega vid Austurrikismenn, einn vid þrjá”.

Konungur brosti, því ad Vilhjálmur hafdi farid þar ad, sem hann var veikastur fyrir. Konungur kalladi: „Á stád, börn! í kveld kem jeg sjálfur, ef til vill, hingad yfir um frá slotinu”. „Konungur lífi”! œptu allir, og veisudu húsum sínum og höttum.

„Petta er ágeetur herra”, sagdi fóetinn. „Gud blessti hann”, mælti uppgjafadáttin. „En hvad Vilhjálmur er ordinn fallegur”, hvísladi Katrin ad Ónnu. „Láttu mig vera í fridi”, svaradi Anna, og hljóp inn í húsíð. Fóetinn kalladi nú upp og mælti: „Kveylid skridljósin, börn! og fáid þjer enn two til ad leika á hljódfæri, því ad konungur ætlar ad koma. Hvar ertu, Anna! Jeg vil lata koma med bezta vínid mitt úr fjallaranum, úr tunnunni i horninu. Hjer skal verda glatt á hjalla”. Nú voru kveykt skridljós og lyndlar, og var þad fögur sjón, ad sjá húsíð og linditriði

uppljómud med ýmislegum litbreytingum og þennan flokk hraustlegra farla og frídra kvenna. Þyrr framan húsid var stórr og kringlótur flotur, sem vant var ad hafa til dansleika. Anna og Katrin báru fram víkónnur, og drukku menn fyrst konungsminni; síðan var farid ad leika skemmtileg log á hljóðsæri, og dansa eptir heim. Allir bæjarbúar sœfnudust þangad, sumir til ad dansa, sumir til ad horfa á, því sú fregn hafdi fljótt boritz út, ad von væri á konungi þangad. Eptir nokkrar stund vard dálítid hlje á dansinum; en medan á því stóð, kom Bilhjálmur Rappel med nokkrum af mönnum konungs; gekk hann þegar til föetans, og sagdi honum, ad konungur hesdi sent honum þessá menu, til ad leika á hljóðsæri, svo hinir, sem fyrir voru, gætu hvílt sig; þar med fylgdi sú orðsending, ad Bilhjálmur ætti ad hafa adsetur sitt hjá föetanum, medan konungur dveldi á slotinu. Allir urdu mjög gladir vid þessi tíindi, og föetinn sagdi Bilhjálmr velfominn, þó honum nidri í væri lítid um þad gefid, ad hýsa hann. Hver um annan þveran heilsadi nú Bihjálmr vinjamlega; en Anna kom sjer naumað ad því fyrir einurdarleyxi. Bartel hafdi gengid heim ad húsinu, og skipadi hann húskarli sínunum, ad veita hestana fyrir vagninn, því ad hann ætladi ad sara burt. Bilhjálmur gekk til Ónnu og mælti: „Gott kveld, Anna? hvernig lídur þjer? hvers vegna stendur þú svona aßidis? hekkir þú mig ekki? og ætlar

bú ekki ad heilsa njer med kossi, eins og hinar stúlfurnar"? „Vissulega ætlar hún ad gjøra þad“, sagdi Katrín, og tók í handlegginn á Ónnu, sem ekki viðsi, hvad hún átti af sjer ad gjøra. Þegar Vilhjálmur sá, hvad Anna var seimin, hordi hann ekki ad kyssa hana, heldur tók hægt í høndina á henni, og sleppti henni þegar aptur, þegar Bartel kalladi med glympjandi rødd: „Þad verdur ekkert af kossaganginum! skammastu þín, Anna“! Anna rodnadi og társelldi. Þad kom líka fát á Vilhjálm, svo hann leit hissa fyrst á Bartel, og þá á hina, sem vidstaddir voru.

„Já“, sagdi föetinn eins og hálfmneyptur, „fyrst hann Bartel ekki vill bad, verdur þú ad láta þjer bad lynda, Vilhjálmur! því þau eru ad falla trúlosud, og festar eiga ad fara fram núna fyrir jólin“. Þad datt ofan yfir Vilhjálm, þegar hann heyrði detta; þad var eins og hann gæti ekki trúad hví, og hann horsdi ýmist á föetann, ýmist á Ónnu, sem stóð álút og hálfgrátandi. Hinir stódu þegjandi, og kennu í brjósti um þau. Bartel gekk þar ad, og sagdi, eins og ekkert vori um ad vera: „Góðar nætur, föeti minn! ad sönnu er ekki ordid framordid, en jeg á langa leid fyrir høndum snemma í fyrra-málid, og verd því ad flyta njer ad hætta í kveld. Góðar nætur, Anna“. Medan hann og föetinn voru ad tala saman, fóru hinir aptur ad dansa, en Vilhjálmur og Anna stódu hrort hjá

ödru, og gátu engu orði upp komið. Í sama vefsangi kom konungur, og med honum margir yfir-menn vid herinn, og baróninn, sem hann hafdi sett ad hjá. Allsir þutu nú upp til handa og fóta ad sagna konungi, sem gekk rakleidis til föetans og jágdi: „Haldid á fram ad skeminta ydur, børn! jeg kom til ad horsa á dansinn. Er þad ekki ánægjulegt, föeti! ad horsa á öll þessi blómlegu andlit? þad er þó audsíð, ad Austurríkismenn ekki hafa gjort ydur neinn sjerlegan óskunda, þó þeir væru nærgöngulir. Föetinn svaradi: „Gudi sje los, herra konungur! vjer getum ekki kvartad yfir því“. Konungur brosti, sneri sjer vid, sá uppgjafadátann og mælti: „Hvada madur ert þú? þú hefur misst annan fótinn; hvar misstir þú hann“?

„Hjá Kesseldorf, þegar vjer med áhlaupi nádum brekkunum þar“, svaradi uppgjafadátinn, frá sjer numinn af gledi.

Konungur mælti: „Þú verdur ad koma einhvern tíma upp á slotid og segja mjer alla söguna. Jeg skal muna eptir þjer. En hvar er vin þitt föeti? Vinuppskeruveizlur geta ekki verið án vins“.

„Óyrirgesfid, herra konungur! í gledi minni gleymdi jeg ad sökja þad“, falladi föetinn, og ad vorinu spori kom hann med stóra kónnu fulla af vini, hellti í glosin, og ljét Ónnu bjóda þau konungi og fylgdarmönnum hans. Konungi leizt vel á Ónnu, og hann spurdi föetaun, hvort hún væri

ekki dóttir hans. Fóetinn kvad svo vera. Þá mælti konungur vid menn sína: „Þetta er ágætt vin; en hræd gengur ad þjer, Kappel? jeg hugsadi, ad þú mundir ganga af goðlunum af gledi og fátínu; en í þess stöð stendur þú eins og hengilmæna. Þad er ekki óþófkalegt dátalandlit, sem þú hefur núna“. Vilhjálmur viði ekki, hverju hann átti ad svára, og komst í enni meiri bobba. „Kom þú nær“, mælti konungur. Vilhjálmur gekk fáein set á fram, svo hann stadtæmdist vid hlidina á Ónum. Þá sagdi konungur vid fötann: „Þetta eru falleg hjónaefni. Vilhjálmur hefur sagt miðer, ad hann og Anna sjan gamlir kunningjar, og Vilhjálmur er braustur drengur. Hvernig lízt þjer á þad“? Fóetinn komst í standandi vandrædi, og ytti húsumni til og frá á höfdinu á sjer, en Bartel sagdi vid hann í hálfum hljódum, ad hann skyldi gjöra enda á þessu heimskuhjali.

Yoksins sagdi hanu: „Því er midur, ad þessu getur ekki ordid framengt, því ad Anna er þegar losud, og hjer er tengdaþonur minn tilvonandi“, og í því sama ytti hann Bartel á fram, sem tók ofan med semingi. „Þad er svo“, mælti konungur heldur fálega; „þá er ódru máli ad gegna, og þá furda jeg mig ekki á, þó Kappel sje svona hnugginn. Er þá þetta mál ordidstatt og stöðugt“? „Já“, svaradi fötinn; „trúlosunin á ad fara fram fyrir næstu jól, og brúðkaupid í vor, er kemur“.

„Pá verdur þú, Kappel! ad hugga þig, eins og þú heft getur“, sagdi konungur blidlega; „jeg ætladi ad gjöra þér þægd með því, ad koma þér hjer fyrir. En hvort sem var, þurfti jeg ad fá þig til mínum upp á slotid. Hjer eftir skaltu vera hofudvordur minn. Þetta kom flatt upp á Vilhjálmi; hann stamadi út úr sjer fáeinum þakkarordum, og dró sig í hlje inn í mannþróngina. Bartel gekk ad vagni sínum og hvísladi um leid ad fötanum: „Gætid þess, ad ekki komi babb i bátinn. Anna er mínn, og þá er búið“.

„Márgt fer odruvísi en ætlad er“, sagdi konungur á fraknesku vid baróninn og menn sína; jeg ætladi Kappel þessa frídu stúlku; en þá er þegar búið ad hrifsa hana frá honum, og þad hefur einmitt fá madur gjört, sem inger lízt mjög illa á, sem sje þessi fóli sláni med slægdarsvipinn. Þad er audsíð, ad stúlkunni er þvert um ged, ad taka honum“. Mátti sjá þad, ad konungi mislikadi þetta stórum.

„Þessi Bartel er ekki eins flæmur, og þér halldid, herra konungur“! mælti barónin; „þad er sídlegur madur, sem hafa má til margra hluta; hann hefur vit á hagnadi sínum, og er ekki eins þrjózkur og hinna skrillinn, sem verdur ad þrýsta til alls“. Konungur vard hissa, og hreysti augum, og horsdi á baróninn, sem var litill vexti, med flærdaraugum, sem lágu langt inni í höfðinu; síð-

an sagdi hann: „Þetta hef jeg ekki ordid var vid hjá Slesíumönnum; þeir eru vanir ad vera bodnir og búnir til alls, sem rjett er, og þar ad auki þykir mjer betri augljós móþrói, en jú slægd, sem skín út úr augum þessa Bartels. Þegar menn rœfja skyldur sínar, þurfa þeir ekki ad þola neina ágengni“. Baróninn þagnadi. Skómmu síðar kom Anna aptur, og bar konungi og mónum hans vín. „Besalings-stúlka“! mælti konungur; „jeg vildi þjer vel; þú ert vist hlýdid barn; þad fer ekki hjá því“. Anna rodnadi; hún var mjög stúrinn á svipinn, og hrökk vid, þegar baróninn ætladi ad klipa *í kinnina á henni. Þegar hún var gengin burt, sagdi baróninn á fraknesku: „Þetta er sannarlega falleg stúlka, og næstum því of falleg til ad vera bændastúlka; þad er skadi, ad rjettindi þau, sem eigendur riddarborganna höfdu, eru af tekin; jeg vildi gefa mikil til, ad þau væru enn vid lydi“. Konungur leit reidulega til hans og sagdi: „Seg vona, ad þad sje ekki alvara ydar, ad óska þess, ad þessi andstygglegu rjettindi verdi aptur lögleidd, og jeg treysti því, ad þjer ætlid ydur ekkert med þessa stúlku; jeg met hana eins mikils, eins og þó hún væri tigin-borin langt fram í ættir; jeg hef optar en einu sinni hardlega hegnt þess konar afbrotum“.

Baróninn svaradi: „Þjer hafid þó ekki ætid,

herra konungur! hæst svo strangar lífarnisreglur.
Hjá Reinsbergi...

Konungur hvejsti á hann augun, og hleypti brúnum, og ætladi ad snuva sjer frá honum án þeis ad svara, en stillti sig þó, og sagdi heldur fálega: „Þad getur vel verid, barón! en heir tímar eru lidnir; jeg var þá ungar og ógætinn; nú er jeg ordin konungur, og hef annad ad gjöra, en ad hugsa um fallegar bændastúlkur. Nú sem stendur á jeg í hórdu stríði vid Alsturrikismenn, og þarf ad hafa allan hugann á því, og, ef til vill, meir en gagnlegt er fyrir lond min. Jeg hef lagt af øskubrek míni. Síðan jeg vard konungur, hef jeg lært ad sjá, hvad heillir ríkið míns heimita af injer, og hvad því og Þýzkalandi er fyrir beztu. Etlid ekki, ad jeg sje ad berjast, til ad eignast litinn landsskíka; nei! þad vita líka óvinir mírir; því annars hefdu heir ekki fengid svo marga í leidtug med sjer; heir vita, ad jeg ætla ad eyda hinni gømlu deyfd og framtaksleyxi. Ef eptirmenn mírir seta í míni fótspor, munu heir einhvern tíma verda oddvitar Þýzkalands, og þó heir ekki vilji þad, skal jeg þó sjá um, ad þjóðin verdi svo menntud, ad hún geti sýnt heim, hvert heir eiga ad stefna. Af þessu sjáid þjer, ad þegar menn hafa slikt fyrir stasni, hafa heir annad ad gjöra, en ad hugsa um fallegar stúlkur“.

Baróninn þagdi, og þad var eins og þad

dýtti ofan yfir hann, en í augum hans glóadi heipt-areldur.

„Nú skilst jeg vid ydur, børn“! sagdi konungur; „en hættid ekki fyrir bad, hví ad ekki er enn ordid framord-id; góðar nætur, fóeti; góðar nætur, børn“! Síðan fór konungur burt, og tóku menn há aptur til dans-leikanna. Vilhjálmur hreséti nú upp hugann, og dansadi vid Ænnu, og dádust allir ad hví, hve vel og ljettilega þau dönsudu. Uppgjafadáttinn var allt af ad leggja til med Vilhjálmi vid fóetann, en hann sagdist verda ad halda ord sín, og svaraði hví ekki ódru. Þegar komid var fram á nótt, hættu menn loksins ad dansa, og gestirnir fóru hver ad fara heim til sín; kvöddu heir nú allir fóetann, og hókkudu honum fyrir skemmtunina.

Þegar allir voru farnir, og glaumurinn var horfinn og búið ad slökva skridhjósin, fór Vilhjálmi aptur ad verda þungt innan brjóst. Medan gladværðin stóð yfir, hafdi hann snoggvast gleymt heirri sorgarfregn, sem hann hafdi fengið um kveldid. En þegar Anna fór döpur og hnuggin ad bera stóla og bord inn í húsíð, og koma ollu í samt lag aptur, vard hann aptur hryggur og hugssjúkur út af hví, ad hún skyldi vera losud ódrum. Hann lagdi hendur í kross, halladi sjer upp vid linditrjed, sem stóð fyrir framan húsdvernar, og stardi út í myrkrid. Hann taldi sjer harmatolur, og óskadi, ad hann hefði aldrei komið aptur

á þennan stád, eða ad minnsta kosti ekki þurft ad halda til í sama húsi og sú stúlka, sem hann unni svo heitt, en sem hann þó hafdi misst.

Fóetinn vakti hann af þessum döpru hugsunum med þessum ordum: „Ertu ekki breyttur, Vilhjálmur? Látum ofkur fara ad háttu; þad er búid ad búa um þig, og þú sesur vist vært eptir ganginn og dansinn.“ „Pad held jeg naumað“, svaradi Vilhjálmur; „vínid og dansinn hafa sett blódid í mjer í of mikla hreifingu, svo jeg er hræddur um, ad þad haldi fyrir mjer vóku“. „Þú sofnar, þegar þú ert háttadur“, mælti fóetinn. Síðan gengu þeir inn í stofu, og var Anna med stúlkunum ad taka þar allt til, og koma því aptur í samt lag. Anna þordi ekki ad horfa á Vilhjálm, og hann þordi ekki heldur ad líta á hana, heldur settist begjandi nidur. Fóetanum var ekki heldur rótt í skápi, og hann hefði viljad gefa mikil til þess, ad Vilhjálmur hefði ekki setzt þar ad.

Loksins hafði Anna lokid starfi sínu; stúlkurnar buðu góðar nætur; Anna kosssti fodur sinn, rjetti hondina ad Vilhjálmi, og hradadi sjer út.

Fóetinn og Vilhjálmur, sátu lengi begjandi hvor á móti ódrum. Loksins fór fóetinn ad spyrja hann um hitt og þetta úr strídinu, og svaradi Vilhjálmur honum greidlega og greinilega, en þó sliðadi samtalid hvad eptir annad. Seinast stóð Vilhjálmur upp, freykti á ferti, og baud fóetanum

góðar nætur. Þá mælti föetinn: „Stattu dálítid vid, Vilhjálmur! jeg á enn margt ótalad vid þig, og þad er betra ad ljúka því af í kveld, en ad draga þad til morguns“. Vilhjálmur settist aptur.

„Heyr þú“, sagdi föetinn; „jeg ætla ad vera hreinskilinn og skorinordur vid þig, því þú ert skynsamur madur, sem getur tekið því. Jeg veit, ad þjer lízt vel á hana Ónnu, og blindur væri jeg, ef jeg sæi ekki, ad hún einnig ann þjer, meit en mjer, eins og nú er komið, getur verið gedfellt. Væri allt í sínu gamla horfi, mundi jeg ekki amast vid þessu, því mjer hætti eins vænt um, ad eiga þig fyrir tengdason eins og hvern annan, med því þú ert rádvandur, hraustur og otull madur. En kringumstæðurnar hafa breytzt. Þú gekkt i herþjónustu, og þad var rjett gjort af þjer; því ad konungur þarf líðs vid; en síðan er Anna ordin gjafvaxta, og fyrir tæpu missiri kom sadir Bartels og beiddi hennar handa syni sínunum; jeg get ekkert verulegt fundid ad Bartel; foreldrar hans eru rádvandir og vel esnadir. Hann þarf ad svongast, og med þessu móti fæ jeg ad halda Ónnu nálægt mjer. Í stuttu máli: Anna hefur játazt honum; þess er engin von, ad Bartel vilji sleppa henni, og jeg hef enga verulega ástædu til, ad brigda ord min. Mjer yrði líka lagt þad út til minnkunar, og þad væri von, því sjerhver madur á ad halda vel ord sín og eida. Þar ad auki hef jeg adrar ástædur,

sem jeg skal segja þjer einhvern tíma. Ósan á þetta bætiſt nú þad, ad þú ert dáti; enginn veit, hve nær fridur kemst á, og þú fer ekki ad hlaupa undan merkjum konungs í midju fasi. Þad getur líka farid svo, ad þú komir aldrei aptur. Allt er nú á vøltum fæti, eignir og líf manna, og jeg þykist góðu bættur, ad hafa fengid handa Ónnu á-litlegan ráðahag. Þad fór illa, ad þú komst ekki fyr; en nú er komid sem komid er, og þú verdur ad sætta þig vid þad. Þess vegna bid jeg þig, ad láta ekki á neinu bera vid Ónnu, heldur sýna henni, ad þad, sem verdur ad vera, viljugur skal hver bera. Gjørdu þetta, Vilhjálmur! svo hún verdi ekki enn tregari á, ad eiga Bartel, og espi hann, ádur en hún giptiſt honum. Nú hef jeg talad vid þig med hreinskílni, og bid þig ad heita mjer því, ad láta Ónnu vera í fridi, og láta þig ekki merkja med annad, en ad þú sjert funningi hennar. Reyndu heldur til, ad koma vitinu fyrir hana, þegar þid talist vid. Losa þú mjer þessu, Vilhjálmur góður! svo jeg geti soſid vært og rólega". Vilhjálmur hafdi hlytt mjög hnugginn á þessa löngu rædu, sem föetinn hjelt í góðu skyni. Honum var svo þungt innan brjóts, ad honum lá vid ad gráta. Hann já, ad föetinn hafdi rjett fyrir sjer, en honum sagdi þó svo hugur um, ad þad mundi ekki verda láu fyrir Ónnu, ad giptaſt Bartel.

„Á jeg þá ad sleppa allri von“? sagdi hann loksins med gráthljód í hássinum.

„Ber bú þig karlmannilega,“ svaradi föetinn, „og losa þú mjer því, sem jeg hef bedid þig um“. Vilhjálmur þagdi um stund, en sagdi loksins: „Pegar jeg fór heiman ad, og gekk i herbjónustu, var þad ásetningur minn, ad gjöra allt til þess, ad geta bedid yður ad gipta mjer Ónnu, þegar jeg kæmi aptur. Þess regna hjet jeg því, ad sýna hreyfsti og frækleik í strídinu, og etladi ad afla mjer fjár og frama, og verda ellistod yðar. Þetta hesur ad noktru levти heppnaðt mjer; yfirmenn mírir hafa mætur á mjer; konungi þyfir vænt um mig; hann hesur gjort vel til min, og vill hafa mig hjá sjer, og í kveld gjordi hann mig ad höfudverdi sínum, eins og þjer sjálfur heyrduð. Þegar fridur kemst á, eru líkur til, ad jeg fái gott embætti, og í tösku minni á jeg 50 gullpeninga. Þegar jeg kom hingad í dag, var jeg gladur og vongódur. Anna stéd hjá girdinguðinni; jeg sá, ad hún var ekki búin ad glevma mjer, því ad hún rodnadi, þegar jeg heilsadi henni; þad bardist í mjer hjartad af gledi; jeg flætti mjer hingad, og finn hana losada ódrum, sem sje þessum Bartel, sem ekki getur horst upp á nokkurn mann, og hesur ekkert til síns ágætis nema audinn. Óll gøfa míin er farin, óll vidleitni míin er árangurslaus; er þad ekki hørmulegt“? Tárin hrundu ofan

eptir kinnunum á Vilhjálmi; hann tók hondunum fyrir andlitid, og reyndi til ad kæsa nidur ekka sinn.

Fóetinn ruggadi sjer órólega á stónum. Ord Vilhjálmss høfdu mjøg fengid á hann; en þó hann væri góðsamur madur, var hann þó brár í lund og seinn til ad láta af fyrirtækjum sínum. „Jeg trúi því, ad þú takir þjer þetta nærrí, Vilhjálmur“, sagdi hann loksins; „en þú verdur ad láta vitið stjórna þjer; þad eru nógar stúlkur til í veroldinni, og hjer i bænum standa þjer þær allar til boda. En Anna er losud, og þad er ódru málí ad gegna um hana. Þetta er lakast fyrst í stað, en batnar, þegar frá lídur“. Vilhjálmur hrísti hofudid og mælti: „Geti jeg ekki fengid Ónnu, á jeg enga adra; jeg vil heldur vera ókvæntur og dáti alla mína œsi“. Fóetinn reiddist nú og sagdi: „Þú ert mesti bráklafur! En i stuttu málí, sjádu Ónnu í fridi; annars sendi jeg hana á morgun burt til systur minnar, og læt hana vera þar, þangad til hún giptist. En jeg treysti því, ad þú farir skynsamlega ad rádi þínu, svo jeg þurfi ekki ad senda einkabarnid mitt burt“.

Vilhjálmur stod upp og sagdi: „Pad skal ekki þurfa til heiss ad koma; úr því þetta verdur svo ad vera, hlyt jeg ad una því; en þad segi jeg vdur, ad þetta verdur Ónnu til ógæsu; þad fer aldrei vel fyrir Bartel; en hafnð þad, eins og ydur lízt“.

Fóetinn stod líka upp, og mælti: „Pad verdur

ekki hætt vid því; þú losar níjer því þá, ad tala
ekki annad vid Ónnu en þáð, sem allir mega heyrar“? „Já, því lofa jeg ydur“, svaradi Vilhjálmur (en
bætti vid í hálfum hljóðum: „ef jeg get“). „Góð-
ar nætur“. „Gódar nætur, Vilhjálmur“, sagdi só-
etinn gladari en ádur í bragdi, og gekk inn í svefn-
hús sitt.

Vilhjálmur gekk hægt upp stigann til herberg-
is þess, sem honum var ætlad ad sofa í, og var
í þungu skapi, því hann var ad velta því fyrir
þær, hvort hann ætti ad þegja, eins og hann hafdi
losad fötanum, og horsa med koldu blöði á sorg
og dýpurleik Ónnu, þar sem þó hjarta hans var
fullt af ást og alud. Í þessum hugsunum var
hann genginn upp stigann, og stóð litid eitt vid
í ganginum, til ad leita ad svefnhusi sínu. Þád
var til hægri handar vid endann á ganginum.
Hann læddist svo hægt, ad fótataf hans heyrðist
ekki. Allt i einu sá hann ljós í herbergi einu,
sem hann gekk fram hjá. „Þetta er Ónnu
herbergi“, hugsadi hann med sjálsum þær, og
ætladi ad halda á fram. En feturnir biludu,
svo hann komst ekki úr sporanum, og ósjálf-
ratt vard honum litid á risu, sem ljósbirtuna
lagdi út um; bardist þá hjarta hans ákaflaga af
því, sem bar fyrir augu hans í þessu litla herbergi.
Anna var enn í öllum fötum, og fjell hár henn-
ar í lokum ofan á háls og herdar, þar sem hún

sat vid lítid bord, sem ljósid stóð á. Hún studdi annari, hendi undir kinn, en med hinni var hún óvitandi ad rjála vid gullfesti, sem hún var búin ad taka af hálsinum, og sem hún hafdi erft eptir módur sína. Hún sneri andlitinu ad dyrnum, en var mjög stúrin ad sjá, og stardí upp á vid med tár í augunum. Allt sýndi, ad hún var ad hugsa um eitthvad forglegt, og hafdi allan hugann á því, og ad hún hafdi setið svona lengi, því ad ljósid logadi dauflega, án þess hún hefði haft sinnu á, ad taka af skarid. Vilhjálmur vard eins og frá sjer numinn af þessari unadsamilegu, en þó svo forglegu sjón; hann studdi enninu á hurdina, og gat ekki slítid af Ónnu augun. Nú fór hugur hans mjög ad reika, og hann tvískiptist í øtluninni. Hann hafdi heitid fötanum því, ad tala ekki vid Ónnu um ástarkokka sinn til hennar; en nú sá hann gjörla, ad hann gat ekki esnt þetta heit sitt. Hann þóttist ad minnsta kosti einu sinni þursa ad segja henni, hvad sjer væri innan brjóst, einu sinni verda ad játa henni elsku sína, og heyrá semu játning af hennar munni; þegar þetta væri búid, økladi hann ad vera ánægdur og fara burt úr húsinu og þorpinu, og koma þar aldrei framær. Næstum því óaftandi klappadi hann hægt med fingrunum á dýrnar, en horfði allt af á Ónnu. Hún hrókk saman og stókk upp, og viðsi ekki, hvad an hljóðid kom. Vilhjálmur bardi aptur. Anna

blöðrodnadi, og sündist geta sjær til, hver þar væri; hún hljóp fram ad dyrunum, til ad tvíæsa hurdinni, eda banna honum ad koma inn. En hún var svo yfir komin af þreytu og sorglegum hugsunum, ad hún reikadi, og gat einungis spurt, hver þar væri. Vilhjálmur sagdi til sín. Þá tók hún bádum hondum fyrir andlitid, og hnje nídur á stól. Vilhjálmur lauk upp hurdinni, og gekk inn. Hann horfði á hana med hruggu yfirbragdi og sagdi: „Ertu reid vid mig, Anna“? Hún stókk þá upp óttaslegin og sagdi: „Hvad viltu, Vilhjálmur? Í öllum hamingjubænum fardu burt aptur; þú gjorir mig hrædda og enn þá ógæsusamari en jeg er“. Vilhjálmur svaradi: „Vertu óhrædd! jeg ætladi einungis ad tala vid big fáein ord. Á morgun ætla jeg burt hjedan, og þú sjær mig aldrei meir“ (Anna settist nídur). Jeg veit, ad þú ert losud ódrum; en jeg get ekki farid hjedan, nema þú sjálf segir mjer, ad öllu sje lokid milli ofkar“. Anna sór ad gráta og mælti: „En hvad þú ert hardbrjósta, Vilhjálmur! þú veizt, hvad mjer býr níðri fyrir; viltu, ad jeg segi ósatt“? Vilhjálmur svaradi: „Pad var rjett, sem jeg gat til, ad heir ætludu ad steypa hjer i ógæsu og ofkur bádum, med bvi ad adskilja eftur. Petta var þad, sem jeg vildi vita; jeg vildi fullviðsa mig um, ad þú hefdir verid trægg vid mig; nú get jeg verid rólegri“. Anna stókt upp af stólnum og sagdi: „Hvad þá? ætlar

þú ad sleppa miðr vid Bartel, sem jeg hef því líka
 daudans - andstyggd á? Vilhjálmur gladdist mjög
 vid þessi ord, eins og næri má geta. Síðan töl-
 udu þau margt saman, og voru á ýmsan hátt
 ad leggja nidur, hvernig þau hezt gætu náð sam-
 an; treysti Anna því einkum, ad fadir sinn mundi
 láta undan, ef hún beiddi hann innilega, og segdi
 honum, hve þvernaudugt sjer væri, ad giptast Bar-
 tel. Vilhjálmur fyssti hana ad skilnadi, tók síðan
 ljós sitt, og flýtti sjer til svefuherbergis síns. Sváfu
 þau svo þad, sem eftir var næturinnar. Þegar Vil-
 hjálmur um morguninn kom ofan í stofuna, var
 fötinn, dóttir hans og vinnusólkid þar fyrir, til ad
 taka sjer árbita. Allir heilsudu honum hjartanlega.
 Nædan verid var ad borda, var eins og næri má
 geta, hvorki talad um Bartel, nje giptingu Ónnu,
 heldur um konung og menn hans, um dansleikinn
 og hljódséraasláttinn. Þar ad auk vard Vilhjálmur
 ad segja frá ferdum sínum, og því, sem fyrir
 hann hafði borid. Þegar nýstaddir var upp frá
 bordum, kom sendimadur frá konungi og sú ord-
 sending, ad hann tafarlaust ætti ad mæta á slotinu,
 og taka vid embætti sínu sem hofudvördur konungs.
 Vilhjálmur bjó sig sem skjótast til ferdar, kvaddi
 föetann vinsamlega, og losadi Ónnu, ad koma svo
 fljótt aptur, sem hann gæti. Síðan gekk hann upp
 til slotsins. Þad var fallegt og mikil hús, med
 skrautlegum stofnum og skemmtunarþégi umhverfis.

Vilhjálmur hjest, ad þar væri gott ad vera, og honum var undir eins víðad til herbergis. En hann var ekki búinn ad vera þar lengi, ádur en honum virtist annad; því ad þar voru allir fullir af regingi og eintrjáningsskap. Þjónarnir voru svo dramsamir og hrokafullir, ad Vilhjálmur gat ekki fengið sig til ad tala vid þá, eda spyrja þá um nofurn hlut, og þad gekk yfir hann, med hvíliku seinnæfni og hirduleysi þeir unnu öll sín verk, nema þegar baróninn sjálfur heimtadi eitthvad eda skipadi, þá stukku allir upp til handa og föta og hlýddu honum med mestu audmýkt. Vilhjálmur ásetti sjer því, ad hafa ekki misk vid adra en þá fjselaga sína, sem áttu ad þjóna konungi á slotinu, en fara svo opt ofan í þorpid, sem hann kæmist hondunum undir. Hann litla herbergi lá nærrí stofnum konungs, svo hann þegar gæti fundid konung, hve nær sem hann falladi á hann. Þess var ekki heldur langt ad bida, ad bod konu eptir honum frá konungi; brá Vilhjálmur jafnskjótt vid, og er hann kom inn til konungs, mælti konungur: „Þú ert þá þegar kominn, Kappel! þú veizt, ad miðer þykir vænt um, ad allt standi eins og stafur á bók. Hvernig lízt þjer á slotid?“ Vilhjálmur svaradi einardlega: „Slotid er sjerlega fallegt, herra konungur! en miðer lízt ekki vel á íbúa þess“. „Á?“ mælti konungur; „miðer lízt ekki heldur vel á þá; jeg vil ekki hafa neitt saman vid þá ad scelda, og þess vegna hef jeg gjort bod eptir

þjer; jeg vil hafa mína menn hjá mjer. Jeg treysti því, ad þú fumur ad meta þad, ad jeg hef gjort þig ad hofudverdi mínum, og ad þú látur ekki þjóna barónsins spilla þjer". „Jeg vildi láta lífid fyrir ydur, herra", svaradi Vilhjálmur. Konungur leit til hans vingjarnlega, og settist nidur til ad skrifa. Vilhjálmur stóð vid, eins og hann langadi til ad segja eittkvæð; en loksins sneri hann sjer vid med hruggu yfirbragdi, og ætladi ad ganga út. Konungur, sem tók eptir þessum sorgarsvip, lagdi frá sjer pennann, leit til hans og mælti: „Jeg hef viðra orsaka vegna sent bod eptir þjer svona fljótt, og hugsa, ad þjer hafi komið þad vel, Kappel! því þú munt ekki gesa um, ad vera lengur hjá föctanum". Vilhjálmur sneri sjer vid, fjell á knje og sagdi: „Jeg bid ydur audmjúklega, herra konungur! ad fyrirgesa mjer dirfssku mína; en jeg treysti ydur svo vel, og ef þjer ad eins vildud, þá gætum vid Alna enn þá náð saman. Jeg hef talad vid hana; hún hefur mestu andstyggt á Bartel, og henni er þvernaudugt ad giptast honum; hún ann mjer hugaðum, en fadir hennar er því mótfallinn; þó mundi haun lata tilleidast, ef þjer, herra konungur! mildilega vildud fera þad í tal vid hann". Konungur sñóft upp og sagdi byrstur og alvarlegur á svipiunum: „Stattu upp! þad gjöri jeg ekki; jeg blanda mjer ekki í þess konar mál; jeg vil gjarna esla heill þjóna minna, en jeg sletti mjer ekki fram í þau málezni, sem snerta

heimilishag bændanna. Sleptu þessum hugsumum
Kappel! gjør þú dyggilega þad, sem þú átt ad
gjora, og þá skal jeg á annan hátt sja fyrir þjer".
Ad svo mæltu, settist konungur nidur og fór ad skrifa.

Vilhjálmur gekk út hryggur eg sjálfandi; hann
hafdi svo mjög reitt síg á tillogur konungs, ad
hann í huga sínum var búinn ad telja sjer trú um,
ad þetta mál mundi fá hin beztu afdrif fyrir síg;
hann hjelt, ad ef konungur taladi vid föetann, mundi
hann ekki geta staddir á móti tilmælum hans, og
þá væri allt sljett og fellt. Hann hafdi ásett sjer,
ad vera innilega þakklátur vid konung fyrir slika
gódvild, og bedid gud, ad gefa sjer færí á, ad sýna
þad í verki. Nú voru allar þessar vonir horsnar,
og hann söftti sjer oldungis nidur í hugarvíl. Þad
leid langt um, ádur en hann gat stillt síg, og hefði
þó lítid lengra um, hefði ekki aptur verid fallad
á hann inn til konungs. En hann herti síg upp,
og vildi ekki láta á hví bera, hve mjög aßvar kon-
ungs hefði fengid á hann. Um kveldid var inndœlt
vedur, eins og daginn ádur, og sat Vilhjálmur
einn saman og í þungu skapi í herbergi sínu, eptir
ad þjónustu hans hann dag var lokid. Nokkrir
funningjar hans frá æstuárum gengu fram bjá
slotinu, og sáu hann inn um gluggann; heir kolludu
til hans, og beiddu hann ad ganga med sjer; og
med hví hann hugsadi, ad þad kynni ad hafa af
fyrir sjer, slóft hann í for med heim. Þeir gengu

síðan ofan í þorpið, og voru flestir bæjarbúar úti, til ad vídra sig í hinu fagra kveldlopti. Allir heilsudu Vilhjálmri vinjamlega, og sadir Katrinar, sem hafdi verið fjárhaldsmadur hans, og þótti vænt um hann, baði honum ad koma inn til sín, og gat Vilhjálmur ekki skorazt undan því, þó hann væri annars hugar. En er hann kom inn, sá hann þar Anna, sem sat hjá Katrínú, vinstuflku sinni. Æd sónnu þótti Vilhjálmri vænt um þetta, en hann freid þó fyrir, ad segja henni frá afsvari konungs, og hvernig hann því væri ordinu úrkulavonar um, ad geta fengid hana. Vilhjálmur var því ekki, eins og hann átti ad sjer, og sá Anna, ad illa lá á honum, svo hana grunadi, ad eitthvad hefði brugdist honum. Hann sylgdi henni heim um kveldid, því ad hús fóður hennar var ekki í sjálsum bænum, heldur skammt þadan. Þyrst gengu þau bædi þegjandi; en þar kom ad um sídir, ad Vilhjálmur sagdi henni upp alla sorguna, og síðast mælti hann: „Nú er oll von farin, og jeg er já mesti ólánsmadur, sem til er“. Þóttir langar harmatolur sleit hann sig lausan frá henni, og skildist vid hana skammt frá húsi föetans. Anna var líka mjög stúrin. Þegar hún kom heim, mætti hún fóður sínunum, sem spurdi hana byrður, hvar hún hefði verið svo lengi. „Mjær er illt, og jeg vart ad ganga hægt“, svaradi hún í hálfum hljódum. „Það er ekki satt“, sagdi föetinn reidulega. „Vilhjálmur

sylgdi þjer; jeg hugsadi, ad þú hefdir svo mikla sýmatilsfinningu, ad þú værir ekki ad ganga um hánótt med yngismönnum, og sýrt med dátum. Hættu bessu, Anna! hví jeg segi þjer þad eitt skipti fyrir öll, ad þad getur ekkert ordid úr hví". Hún hagdi og gekk inn. Föetinn horsdi á eptir henni, og tautadi fyrir munni sjer: „Petta fer illa"; síðan gekk hann inn.

Þad voru sídnar margar vikur, og komin jóla-fasta; jördin var ber, trjen í skóginum voru lauf-laus, og vedrátta var farin ad kólna. Nú voru menn hættir ad standa fyrir utan húsdýr sínar og tala saman; allir kusu heldur ad halda sjer inni í hljindunum. Þad var eitt kveld, ad loptid var þykkt, og þad dró upp dimm óvedursþý; einstóku stjörnur sáust bлиka, og tunglid var ekki komid upp. Undir glugganum á húsi föetans var litill aldin-gardur, sem med þyrnigardi var adskilinn frá gras-fletinum þar fyrir nedan. Undir gardinum stóð hár madur vexti, í dátahfríhöfn og med hermannahúsu á höfdi. Þad var Vilhjálmur Kappel. Sá, sem nú hefði sjed hann í framan, hefði ordid hrædd-ur af hví, hve mjög hann var ordinn breyttur og torkennilegur. Adur var hann rjódur og seitur í finnum; nú var hann ordinn solur og finnfiska-joginn. Á daginn hjelt hann allt af kyrru fyrir á slotinu, og hafði ekki talad vid Ónnu, síðan hau fildu kveld þad, sem fyr er getid; en á hverju kveldi

stóð hann á sama stád upp vid þyrnigardinn og stárdi á húsid og gluggana. Þetta kveld heyrði hann mannamál í stofunni, en gat ekki adgreint ordin. Það var ordid framordid, og hann ætladi ad fara burt, því hann skalf og nöstradi af kulta; en það var eins og hann væri rígnegldur, þar sem hann stóð, og honum fannst, ad hann hetta kveld vrði enn há einu sinni ad sjá Ónnu, hvad sem það kostadi. Loksns var stofudýrunum lokid upp, og hann hefkti nú Bartel á málróminum, sem var digur og rustalegur. Skómmu síðar var vagni ekid ad dýrunum, og Bartel gekk út; föetinn fylgdi honum ad stórdýrunum, og Anna gekk nokkur spor, en stádnæmdist vid gardinn, þar sem Vilhjálmur stéd fyrir utan, og faldi sig; honum sýndist Anna vera folleit og mögur, og jök það ekki alllitid harma hans. Hann gat ekki stilt sig um, ad ávarpa hana, og sagdi í hálfum hljódum: „Anna! Anna!“ Hún hrekk saman, og var nærrí dottin; síðan litadist hún skjálfandi um. „Það er jeg; það er Vilhjálmur þinn“, sagdi hann; „jeg ætla ad býda þín hjerna vid gardinn“. Anna gekk inn med födur sínum; en litlu síðar kom hún út aptur, og fann Vilhjálm; hún sagdi honum, ad Bartel og födur sínum hefði komið saman um, ad brúðkaup heirra skyldi haldast um jólin, en ad hún gæti ekki til þess hugsad, og vildi heldur deyja. En allt i einu kom föetinn og vard bálreidur, þeg-

ar hann já, ad Vilhjálmur og Anna voru ad tala saman. Hann skammadi Vilhjálm blóðugum skómmum, og skipadi Ónnu med hardri hendi, ad fara inn aptur. Vilhjálmur kalladi upp og mælti: „Vertu sæl, Anna! Jeg sje þig ekki optar í þessu lífi“. Sidan hljóp hann út í myrkrid, og viðsi ekki, hvad hann fór. Honum sýndist einhver svort þústa standa hjá gardinum; en hann skipti sjer ekki af því, heldur hjelt á fram, og vard ekki var vid, ad vedrid hafði rifid af honum húfuna, og yfirhöfnin flak sadist um hann. Opt hrásadi hann og datt, en hann skipti sjer ekkert af því, þó hann meiddi sig og væri allur blódrisa. Án þess ad gesa gætur ad því, var hann kominn langt inn í elriskög nokturn; allt i einu nam hann stadar; hefði hann stigid seti lengra, hefði hann dottid ofan í djúpa og grugguga tjörn, sem þar var. Hann var nú svo frá sjer numinn af orvænting, ad hann ásettji sjer, ad drekkja sjer i tjörninni, og hljóp i einhverju ædi fram á tjarnarbarminn; en í því hann ætladi ad fleygja sjer í vatnið, var gripid í hann, og honum fippt aptur á bak. Heyrdi hann þá, ad einhver sagdi: „Hættu þessu, ungi madur! þad er ætid nógur tími til, ad fyrirsara sjer“. Vilhjálmur hueig málvana nidur, tók hondunum fyrir andlitid, og lá um stund eins og daudur madur. Lokins lhet hann hendurnar síga, og leit upp til himins. Þá sagdi hinn ókuunugi madur aptur:

„Stattu upp, ungi madur! jørdin er bædi vot og kold; stattu upp og fardu heim“. Vilhjálmur hrók saman; hann hóttist þekja málróminn, en gat ekki komið honum fyrir sig. Hann stókk þá á fætur, og sá mann, háan vexti, standa hjá sjer, og sá hann nú, ad þad var yfirumsjónarmadur, eda vinur barónsins, sem var kominn til slotsins, nokkrum dögum eptir ad konungur kom þangad. Þad var eithvad stuggalegt og hryssingslegt í útliti þessa manns; augnatillit hans var flærdarfullt, og hræsnisbros ljek jafnan um varir hans; líkama-hreifingar hans voru stírdar og aßkamtadar. Þid baróninn og konung var hann furðanlega stima-mjúkur, og hneigdi sig djúpt fyrir heim, en tók varla kvedju annara, þegar heir heilsudu honum. Vilhjálmur hafdi ætid staddir stuggur af þessum manni, og hann hafdi fordæzt, ad hafa nokkur næst við hann. Adkomumadur var i síðri og þrøngri yfir-höfn, med bardastóran hatt á höfði; hann hafdi langt og þunnt hár, sem lafði ofan med gagnaugnum. Hann horfði á Vilhjálm með svo hvøssu og ónotalegu augnatilliti, ad þad kom trusl á hann. Til ad slita þøgninni, sagdi Vilhjálmur loksns: „Hvers vegna ljetud þjer mig ekki deyja? „Þinn tími var ekki kominn“, svaradi komumadur; „hagur þinn getur enn þá batnad“. Vilhjálmur hló fuldahlátur og mælti: „Mjer er engin vidreisnar-von. Þjer vitið ekki, hve mikid jeg hef tekið út“.

„Teg veit þad, ungi madur, svaradi hinn; „jeg veit, hve bágðt þú átt; en bágindi þín eru þó ekki svo mikil, ad ekki verdi úr heim bætt. Þú hefur ekki gjört allt, sem þú gæzt, til ad frelsa þig og unnustu þina“. „Hvad á jeg þá ad gjöra“? spurdi Vilhjálmur, og leit upp á ókunnuga manninn, sem sýndist kenna í brjósti um hann. „Hvers vegna hefur þú ekki bedid konung, ad tala þínu máli við föetann“? sagdi hann. Vilhjálmur mælti: „Æ! minnizt ekki á þad; jeg bad hann þess, en fjekk aßvar“. Komumadur: „Badstu konung? er þad mögulegt? þad er þó sagt, ad honum þyki vænt um þig, og þad hefði verið svo hægt fyrir hanu. Æd sennu eru höfdingjarnir ekki vanir ad skipta sjer af þjáningum þegna finna, og þó heimta þeir trú og hollustu af oss“. Vilhjálmur var svo œstur og í svo miklum gedshrceringum, ad hann gat ekki dulid tilfinningar finar, eda gaett ad því, hvad hann sagdi, og þó honum med sjálsum sjer stædi stuggur af þessum manni, gat hann þó ekki stilt sig um ad segja: „Hvad skipti jeg mjer af því, hvad þeir heimta? trú! hollustu! ekki nema þad; en tósum ekki meira um þad. Hugsid um konung þad, sem yrður þóknast, en ætlizt ekki til, ad jeg geti haft mætur á heim manni, sem hefði getad gjört mig farsølan med því, ad tala fæein ord, en vildi ekki gjöra þad“. „Þú hefur rjett ad mæla; tósum ekki meira um þad“, sagdi komumadur, og

gat varla lehnt gleði finni; „unglingarnir rasa fyrir ráð fram; þad sýnir þú med þinni adferð; eda hefur þjer aldrei komið til hugar, ad þad væri neinn vegur til, ad frelsa þig og Ónnu“? Vilhjálmur svaradi: „Auk þú ekki kvalir minar, ef þú veiðit ekkert ráð til þess; jeg hefki ekkert þvíslíkt ráð“. Komumadur mælti: „Þad er ekki hægdarleikur, ad hjálpa þjer, og þú sýnist vera of preklaus og hvíklyndur til allra stórræda“. „Gjøríð ekki gabb ad mjer, herra“! cepti Vilhjálmur utan vid sig; „ef þjer hjálpid mjer og útvegid mjer Ónnu, megin þjer gjøra vid mig, hvad sem þjer viljid; talid, herra minn! en segid sannleikann, hví ad jeg gæti aldrei fyrir gefið ydur, ef þjer værud ad gabba mig“. Jeg skal hugsa betur um þad“, svaradi komumadur eftir litla þøgn; „þad er, ef til vill, mögulegt, ad hjálpa þjer, en jeg óttast fyrir, ad þú hafir ekki árædi til, ad fara ad mínum ráðum“. „Æ! hugsid ydur ekki um“, mælti Vilhjálmur med mikilli óþolinmædi; „talid! jeg skal gjøra allt, sem þjer segid mjer, og vinna allt til, ad fá Ónnu“. Komumadurinn svaradi: „Þad eru sumir hleypidómar svo rótgrónir hjá mönnum, ad heir verda ekki upprættir, og þar ad auki veit jeg ekki, hvort jeg má trúa þjer“. „Farid þá burt, og látid mig vera hjer í næði, fyrst þjer viljid ekki hjálpa mjer“, sagdi Vilhjálmur. Þá hvessti komumadur augun á Vilhjálm, studdi hendi inni á øxl hans, og tók svo til orda: „Þad er

vinnandi vegur, ad hjálpa þjer, Kappel! en ekki nema þú hafir örvoentingarinnar þref og hugrekki; og af því ad jeg held, ad þú hafir þetta, ætla jeg ad trúá þjer fyrir leyndarmáli; en vei þjer, ef þú lætur nokkurn mann heyra eitt ord af því, sem jeg nú ætla ad segja þjer, hvort sem þú fellst á míni ráð eda ekki. Jeg er Austurrikismadur, og dvel hjer á slotinu, til ad selja konung í hendur Austurrikismönnum. Baróninn er í vitordi og heissu samþykkur; en vid þursum þinnar lidveizlu vid; viltu vera med okkur". Vilhjálmur hórfadi felmtsfullur aptur á bak og sagdi: „Jeg ætti þá ad svíkja konung; mig hryllir vid, ad hugsa til þess; jeg, sem er þjónn hans, og á honum allt gott ad þakka, jeg ætti ad selja hann í óvinahendur? nei, nei, aldrei". „Jeg átti von á, ad þú værir geit", svaradi komumadur; „tölum ekki meir um þad; þjer er bezt ad drekkja þjer, eda kveda raunakvædi vid eifurnar í skóginum, medan medbidill þinn liggur í sadmögum vid Ónnu; ræktu skyldur þínar vid þann mann, sem lætur sig engu skipta, hve bágt þú átt; en segdu ekki, ad þú viljir allt til vinna, ad fá Ónnu". Vilhjáldi reis hugur vid, svo hann hjelt bádum hóndunum fyrir andlitid og sagdi í hálfum hljódum: „Nei! jeg get þad ekki". „Láttu þad þá vera", mælti komumadur, „en vei þjer, ef þú kemur upp um mig; þad verda hafdar gætur á sjærhverju fótáli, sjærhverju vidviki þínu, og

sjerhverju ordi, sem bú talar vid konung, og þú
 ert frá, ef bú á nokkurn hátt gjörir þig líklegan
 til, ad ljóstra þessu upp um ofkur. Án þinnar
 hjálpar getum vid nád konungi, en þú hefdir
 getad gjört ofkur hægra fyrir; en fyrst þú vilt
 þad ekki, getum vid sjálfir komið hví til leidar.
 Vertu säll og bles sadur! losadu nú Ónnu ad gipt-
 ast ódrum, og vertu konungi þinum trúr og dygg-
 ur". Þetta sagdi hann hádulega og í fuldagamni,
 og um leid, og hann bjó sig til ad ganga burt,
 leit hann til Vilhjálms, til ad sjá, hvernig honum
 yrði vid þetta spott. Vilhjálmur stóð enn þá fáein
 augnablik þegjandi og óttasleginn, en allt i einu
 breyttist útlit hans, og einhver ofsa gleði og hefnd-
 argirni findradi úr augum hans. Hann falladi
 upp og sagdi: „Hann hefur ekki viljad kenni í
 brjósti um mig, og hví er ekki vert, ad jeg kenni
 í brjósti um hann. Jeg sé þá Ónnu í laun fyr-
 ir þad, ad selja konung í hendur Alsturrikismónum-
 um“? „Þad er sjálfssagt“, svaradi komumadur
 rólega; „vid megum þá ætla upp á big“? „Jeg
 held ord mína“, svaradi Vilhjálmur; „þad er hon-
 um mátulegt; honum var innan handar ad hjálpa
 mjer, en hann vildi ekki, og hví er þad rjettast, ad
 hann verdi medal, til ad hjálpa ofkur Ónnu; hjer
 er hond mína“. Þeir tóku síðan hondum saman;
 fannst Vilhjálmur þá, eins og hann hefði sett sig
 hinum vonda, en hann slo þeirri hugsun frá sjer,

og fór ad hugsa um Ónnu, og ad hann ætti þó ad reyna allt, til ad ná henni.

„Bid skulum nú fara hjedan“, mælti hinn ókunnugi madur; „jeg vona þú munir vel eptir því, hverjum þú átt líf þitt ad þakka; en síðar skal jeg greinilegar segja þjer, hvad gjöra þarf“. Þeir gengu nú heimleidis; og er Vilhjálmur kom upp á slotid, fleygdi hann sjer í rúm sitt, og sofnadi daudþreyttur og móttvana af heimi óttalegu gedshræringum, sem hann hafdi verid í þetta kveld.

Þad var hinn síðasti dagur nóvembermánaðar árið 1761. Þad var heidríkt vedur og sólskin síðari hluta dagsins, og svöл gola ljek um hinum lauslausu eikur í aldingardinum kring um slotid. Vilhjálmur sat í þungum hugsunum í herbergi sínu, og horsdi út um gluggann. Hann var fólur í framán, og augnatillit hans órólegt, og vid og vid stundi hann þungan. Medan hann þannig sat, var barid hægt á dýrnar, og hinn ókunnugi madur kom inn. Vilhjálmur horsdi í gaupnir sjer, og baud honum ad setjast. Hinn ókunnugi madur mælti: „Hvernig lídur þjer? Vilhjálmur! þú ert fólur og torkennilegur. Mjer sýnist þó, ad þad ætti ad geta hressst þig, ad þú bráðum, þad er ad skilja: einhvern þessara daga, getur búið vid, ad mega kalla Ónnu heitmey þina“. Vilhjálmur yppsti øxlum og svaradi: „Þad getur ekki hjá því farid, ad

jeg sje veikur; gedshræringarnar hafa líklega haft osmíkil áhrif á mig, því ad jeg finn enn til mættleysis í ollum fröppnum. Einhvern heßara daga, sögdud þjer? „Enn þá fyr”, svaradi komumadur rólega; „já, Kappel! ef þú ekki gugnar, skalt þú á morgun fá ad sadma Ónnu þina. Allt er undir búid, og í kveld seljum vid konung í hendur Austurríkismönnum”. Vilhjálmur hrókk saman. En komumadur ljet, sem hann ekki sæi þad, heldur sagði: „Bid reidum ofkur á þina lidveizlu. Þegar fer ad kvelda, ætlum vid ad lokka konung inn í litla skógin hinu megin vid slotid. Hann mun skipa þjer, ad koma med sjer, eins og vant er, og þú þarft ekfert annad ad gjøra, en vera rólegur. Þjer, baróninn og jeg og þjónn nokkur, sem af hendingu er þjer staddur, ætlum ad handtaka konung og fara med hann í vagn, sem þar verdur til taks. Bid fáum til fylgdar flokk Austurríkismanna, sem Lauðon hefur leynilega sent ofkur, og náum landamærunum fyrir dag; og þá erum við úr allri hættu. Þú átt von á nafnbótum og metordum, og hvad Ónnu snertir, þá verdur þú í dag ad bidja hana, ad møta í litla skóginum hinu megin vid slotid. Þegar við høfum handtekið konung, farid þid med ofkur, og þú átt hana í Austurríki. Schlesia fellur í ofkar hendur, og þú skalt fá eignir fóður hennar. Ertu ánægdur med þetta”? „Já, jeg er ánægdur”, svaradi Vilhjálmur med þungum svip; „jeg ætla ad

halda ord mín. Þarid þid med konung, eins og ykkur lízt". Komumadur fór burt. Bilhjálmur hneig nidur á stól, og tók hádum hondum sýrir andslitid. „Þad er ordid of seint", tautadi hann; „jeg get ekki hjudan af dregid mig út úr því; fyrst jeg get ekki fengid Unnu eins og rádvandur madur, þá verð jeg ad ná henni med drottinsvikum". Ad svo mæltu stóð hann upp og fjekk leyfi til, ad fara ofan í þorpid. Þegar hann kom ad húsi fóetans, vildi svo heppilega til, ad Anna stóð úti; hann benti henni ad finna sig sýrir aptan þyrnigardinn, og hafdi ekki bedid þar lengi, ádur en hún kom og fjell um háls honum og sagdi: „Hvad ætlar þú ad segja mjer? Bilhjálmur; jeg er vant vid komin, því fadir mínn og Bartel býda mínn". „Teg skal ekki tefja lengi sýrir þjer, Anna"! svaradi hann; „komdu í kveld á midaptani ad litlu dyrnum, sem gengid er um frá slotinu út í skógin; mundu mig um þad, og vertu í lápu, svo ekki komist ful ad þjer. Segdu, ad þú ætlir inn í bæinn. En þú hlýtur ad koma, og þad má ekki bregdaft". Anna vard hrædd og hiðsa, og sagdi: „Æ! hvad á jeg ad gjöra þangad? þú litur svo undarlega út; þú hefur þó ekkert illt sýrir staðni? trúdu mjer til þess: jeg gæti ekki lengur unnt þjer, ef þú ætladir ad ad hafast eitthvað illt". Bilhjálmur reyndi til ad sýnast rólegur og sagdi: „Nei! því fer færri! þad er ekkert ljótt; en jeg verð sýrir hveru mun ad tala

vid þig. Þú kemur há? jeg reidi mig á þad". „Sá! jeg kem", kalladi Anna, og hljóp burt, því hún heyrði, ad fadir hennar kalladi á hana.

Bilhjálmur sneri vid, og gekk aptur hægt og hægt upp ad slotinu; hann gat ekki gleymt þessu, sem Anna sagdi: „Jeg gæti ekki lengur unnt þjer, ef þú ætladir ad ad hafast eithvad illt". Þad var þó illt verf, sem hann hafdi fyrir stasni. Bilhjálmur var fyrir löngu búinn ad telja sjer trú um þad, ad þad væri ekki meira varid í konunga, en hvern annan; þad kom því ekki til af lotningu nje audið mykt, ad hann hryllti vid heim glæp, sem hann ætladi ad fremja. En þad voru drottinsvik; og þann mann, sem hafdi gjort honum svo mikil gott, ætladi hann nú ad selja vopnlausan í fjandmannahendur, svo hann, ef til vill, yrði dreppinn. Þessu var hann ad velta fyrir sjer á leidinni upp ad slotinu. Hann sá nú í fyrsta finni, hvílikan glæp hann ætladi ad fremja; hann ætladi ad verda svívari; og átti hann nú vist, ad fá Ónnu í laun fyrir svík sín? þekkti hann ekki sakleysi og frómlýndi hennar? hlaut hann ekki ad vera sanusærður um, ad hversu heitt sem hún unni honum, þá mundi hún þó fá andstyggd á honum, þegar hún kæmist ad því, med hverjum glæp hann hefði nád henni? Í fyrsta finni taladi samvíska hans med berum ordum, og þessar hugsanir gjördu hann óþreyjufullan. Undir eins og haun kom inn í

herbergi sitt, var hann kalladur til konungs. Hann sör ad skjálsa af ad hugsa til þess, ad koma í augsýn þess manns, sem hann ætladi ad svíkja í óvinahendur. Þad var komið myrkur, en búid ad kveykja ljós í stofum konungs. „Búdu þig út, Kappel“! sagdi konungur; „innan stundar læt jeg kalla á þig, því þú átt ad fara med níjer; jeg ætla ad ríða spottakorn med baróninum. En hvad gengur ad þjer? þú skelfur og titrar. Ertu veikur“? „Teg held þad, herra konungur“, svaradi Vilhjálmur; „níjer hefur verið illt nokra daga“. Petta var satt, því ad þad stríð, sem hann átti i vid sjálstan sig, hafði veiklad heilsu hans. Konungur horfði á hann med medaumkun og sagdi: „Teg held, ad þú hafir ekki enn þá gleymt stúlkunni; á morgun skal jeg þó tala um þad vid fötann. „Vilhjálmur skreiddist út úr stofunni, og þegar hann var komið fram, vard hann ad stýrja sig, svo hann hnigi ekki nidur, því hann gat naumast risid undir átöllum samvísku fínar. Hefndargirni hans var allt í einu horfin, og hin fyrri hollusta hans vid konung komin í hennar stad. Nú fannst honum sjer vera ómögulegt, ad fremja þennan glæp; hann ásettji sjer ad snúa aptur, falla konungi til sóta, og segja honum upp alla söguna; en í því sá hann, hvar hinn ókunnugi madur gekk yfir göngin inn í stofu barónsins, og ad hann skildi hurdina óvart eptir í hálfa gátt. Þad kom ad Vilhjálmi óvid-

rádanleg forvitni eftir ad heyra þad, sem talad væri hjá baróninum, og hugsadi hann med sjer, ad þad væri þó gagnlegt, ad heyra, hvad þessir menn ætludu fyrir sjer. Hann læddist því ad dýrunum, og heyrdi þad, sem nú skal greina.

Baróninn: „Er allt undir búid“?

Hinn ókunnugi madur: „Já, allt“.

Baróninn: „Hvad lídur honum Kappel“?

Hinn ókunnugi madur: „Bid megum óhult reida ofkur á hann. Þessi vesalings-heimstingi gjörir allt, sem vid viljum, í heirri von, ad fá unustu sína. Þetta eru brjóstumkennanlegir einfeldningar. Hann heldur statt og stödugt, ad vid ætlum ad lata hann fá stúlkuna svona rakleidis“.

Baróninn hló og mælti: „Pad væri fallegt, ad kasta svo fríðri stúku fyrir þennan villumann. En eftir á ad hyggja: hvad lídur bón danum, þessum Bartel frá Strehlen? ætlar hann ad útvega vagninn“?

Hinn ókunnugi madur: „Hann var fyrst tregur og viljalitill; en jeg lagdi fimm hundrud gullpeninga á bordid sem festarsjé, og losadi honum fimmfalt meiru, þegar vid nædum landamærunum; í móti þessu gat hann ekki stád; en skømmu síðar sagdist hann þó ekki vilja yfirgefa Ónnu, sem er heitmey hans. Hann sagdi, ad vid yrðum ad bída; hann ætladi ad reyna til, ad fá stúlkuna med sjer. En med því jeg ádur hafdi sagt Kappel, ad lokka stúlkuna hingad, var þad hægt fyrir mig, ad losa

þessum heimiska bónda, ad vid skyldum sjá svo um, ad hún yrði hjer, svo ad hann gæti tekid hana med hjer í vagninn”.

„Teg hef þá two medbidla”, sagdi baróninn hlæjandi; „had verdur ekki langur bardagi um brúðurina. En hvernig verdum vid lausir vid báða þessa menn”?

Hinn ókunnugi madur: „Teg hef hugsad um þetta alst saman. Þegar vid erum búinir ad kefla konung, dreip jeg Kappel; síðan forum vid burt med Bartel og stíulkuna, og þegar vid erum komnir yfir landamærin, refum vid bónann heim aptur med svipuhøggum, eda losum ofkur vid hann á einhvern annan hátt. Annad kveld skal þessi fríða Unna verda yðar, herra barón”.

Vilhjálmur ráfadi burt frá dýrunum, og vildi ekki heyrja meira. Bidbjóður, hræðsla og hefndargirni gagntóku huga hans. Hann átti sem sjé ekki ad vera annad en verkseiri í hondum þessara nídinga; hann átti ad svikja konung sinn, einungis til ad koma þessum svívirdilegu áformum heirra fram; hann átti sjálfur ad felsja Ónnu baróninum í hendur. „Gud minn góður”! hugsadi hann med sjálfum sjér, „er þad þá mögulegt, ad þad sjéu til þvílikir illrædismenn? En þetta hesdu verid míin makleg málagjöld. Þeir vilja þá drepa mig, og svívirda Ónnu! ó! þad er hrædilegt! En jeg er þó ekki eins slæmur og Bartel; jeg øtlaði ad

svíkja konung, einungis til ad hefna mín; en hann gjørir þad af svívirdilegri ágirnd. Þøkk sje þjer, drottinn minn! fyrir þad, ad þú frelsadir mig frá þessum glæp, og opnadir á mjer augun”.

Hann sneri sem skjótaðst vid, fór aptur inn til konungs, kastadi sjer flotum nidur fyrir fætur hans og sagdi: „Herra konungur! þad er verid ad brugga samsæri gegn þdur; þad á ad selja þdur í hendur Austurríkismönnum; flixtid þdur; þad á ad framkvæma þetta djøfuslega áform í kveld”. Hann gat ekki sagt meira, heldur lá eins og daudur madur á gólfini. Konungur vard hissa, og ætladi ad reisa Vilhjálm á fætur; en hann hreifdi sig ekki, heldur sagdi: „Drepid mig, herra konungur; jeg ætladi líka ad svíkja þdur; drepid mig! jeg á ekki betra skilid”. Konungur horsdi á hann og hugsadi med sjer: „Ætli hann sje ordinn vitlaus? og þó hesur mig órad fyrir þessu”. Síðan baud hann Kappel ad standa upp. Vilhjálmur gat þad med naumindum, og sagdi nú konungi med hvildum upp alla sœguna. Þad sindradi úr augum konungs, og hann tautadi fyrir munni sjer: „Nid-ingarnir heir arna! heir skulu fá ad kenna á því; hesdi þessi madur ekki sagt mjer frá því, há hesdi jeg ad stundu lidinni verid í hondum Austurríkismauna; jeg hesdi verid handtekinn, og, ef til vill, leynilega rádinn af dögum, og ríki mitt hesdi þá ordid ránsjé óvina minna”. Vilhjálmur beiddi

sjer vægdar og mælti: „Jeg syndgadi af ofuráft, en ekki af ágirnd nje vonzku, eins og Bartel. Ó, herra konungur! þjer þekkis ekki ástaroßann nje hjartakvöslina, og jeg þekkti ekki heldur vonzku þeirra, sem leiddu mig afvega. Þad var óttaleg stund, þegar jeg hvarf ad hví rádi, ad svikja ydur“. Síðan sagdi hann konungi grátandi frá hví, sem vid hafdi borid hjá tjörninni í skóginum. Konungur hlýddi á hann med medaumkun og svaradi: „Jeg fyrirgef þjer, Kappel! hví þú hefur í tíma idrazt yfirssjónar þinnar og bætt úr henni. Jeg vissi, ad þjer var vel vid mig; og þú hefur hvort sem var gengizt vid öllu, hví ad þú ert trúur og hollur“. „Já, sannarlega“, mælti Vilhjálmur; „jeg ætladi ad falla ydur til sóta; jeg er ekki illa innrættur; en Anna, vesalings-Anna min“. „Vertu rólegur, barnid mitt! jeg fyrirgef þjer þad allt“, sagdi konungur í mildilegri róm, en hann var vanur ad hafa. Síðan falladi hann á einn hershöfdingja sinn, tjádi honum frá samsærinu, og sagdi honum fyrir, hvernig hann ætti ad haga sjer. Þessu næst sagdi hann alvarlega, en þó mildilega, vid Kappel: „Fardu nú inn til þín, og láttu ekki á neinu bera. Þjer hefur ad vísu ordid á, en þú hefur aptur gjört mjer mikinn greida, og jeg skal ekki gleyma, ad launa þjer hann“. Vilhjálmur komst med naumindum inn í herbergi sitt, og slaut þar allur í tárum. Af hví lietti honum fyrir hjartanu, og

honum þótti nú óvenjulega vænt um, ad vera laus vid fjerhverja glæpasfulla hugsun. Nokkru síðar var kallad á hann til konungs, sem var ad tala vid baróninn og hinn ókunnugamann, eins og ekfert væri um ad vera. „Fylgdu mjer, Kappel!“ sagdi konungur mjög rólega; „þessir herrar ætla ad sýna mjer villigølt, sem á hverju kveldi leikur fjer i litla skóginum. Taktu byssu þína med þjer; hver veit, nema þú getir skotid dýrid, og sýnt ofkur, ad þú sjert gódur skotmadur“. Baróninn kalladi líka á einn húskarl sinn, og heir gengu nú simmi saman gegnum aldingardinn til skógarins. Þegar heir gengu yfir gardinn, mættu heir heim hershöfdingja konungs, sem ádur er getid, og kvaddi konungur hann fjer til fylgdar; en Vilhjálmur sá, ad baróninum og hinum ókunnuga manni kom þad mjög illa. Heir gengu nú um litlar dyr, sem voru á gardveggnum, yfir litinn grasvöll til skógarins. Vedur var fagurt og gott, og tunglskin svo mikil, ad sjá mátti langt frá þjer. Vilhjálmur vard var vid, ad Anna stóð hjá litlu dyrunum, en ad hún dró sig í hlje, þegar hún sá fleiri koma. Þegar heir komu ad litlum hrísrunni, sem stóð mitt á grasvellinum, nam konungur stadar og sagdi: „Þetta er fagurt tunglskin, herrar mírir! sjáid þid þá hina litlu og skæru stjörnu, sem blikar rjett hjá tunglinu? þad er hamingjustjarna míin; hún hefur aldrei brugdizt mjer hingad til, og gjörir þad ekki heldur núna“. Í

því sama hørfadi hann lítid eitt á bak aptur, og
 brá sverdi sínu. Hershøfdinginn gjørði slikt hid
 sama, og Vilhjálmur dró upp böginn á byssu sinni,
 og var búinn til ad skjóta. Þeir, baróninn og
 sylgdarmadur hans, hrukku saman, og brugdu einnig
 sverdum sínum; en í sama vefsangi hlupu nokkrir
 hermenn út úr fjarrskóginum ned uppregnunum byss-
 um, og slógu hring um þessu illrædismenn. Kon-
 ungur leit til heirra fyrirlitlega, en sagdi ekert.
 Baróninn skalf eins og hrísla; hinn ókunnugi mad-
 ur nýsti tónum, og horsdi mjög reidulega á Vil-
 hjálm; en Vilhjálmur sagdi stillilega: „Baróninn
 fer ekki Ónnu annad kveld“. Konungur baud, ad
 fara med þá upp á slotid og gæta heirra. Þ
 þessu bili var vagni ekid þangad, sem heir stóðu.
 „Parna kemur Bartel“, mælti konungur. Bartel
 hjelt, ad búid væri þegar ad handtaka konung, og
 þegar hann ekki já þar Ónnu, sagdi hann: „Hvar
 er unnusta míni; jeg fer ekki eitt fótmað, nema hún
 komi med“. Vilhjálmur gekk fram og mælti:
 „Ertu ad tala um hana Ónnu? hún kemur brádum,
 en á medan verdur þú ad láta hjer vel líka, ad
 eiga vid mig“. Bartel stardi á alla, sem bar voru,
 og vard oldungis forvida. „Þjer hefur skjátlazt“,
 mælti konungur; „þú ekur ekki til brúðkaups í
 dag; gjørðu svo vel, ad fara ofan úr vagninum“.
 Bartel gizkadi á, hvernig alst var komið; hann
 ramhvolsdi augunum og leit í kring um sig, eins og

óður madur, og ádur en nokkur gat komid í veg fyrir þad, dró hann smáþyssu upp úr vasa sínum og skaut sig. Óllum vard mjög illt vid þetta; en þegar litid var frá síðid, mælti konungur: „Þad var flæmur madur; þad er ekki eptirssjón í honum. Óg nú, Kappel! nú skal jeg sýna þjer, ad jeg er ekki hardbrjósta. Hvar er Anna“? Vilhjálmur hljóp burt, og kom ad vörmu spori aptur med Ónnu, sem skalf og var násol af hræðslu, því ad hún hafdi sjed allt, sem gjörzt hafdi. Konungur sagdi blíðlega vid hana: „Teg ætla nú ad sækja födur þinn heim, barnid mitt“. Síðan ljet konungur Ónnu setjast í vagn sinn, og ók þangad í skyndi.

Í stofu fóetans logadi ljós. Vilhjálmur studdi Ónnu, og leiddi hana inn í stofuna, því ad hún vissi naumast af þjer. Þegar fóetinn sá hann, vard honum svo bilt vid, ad hann stókk upp, og ætladi ad reka hann út; en þá vard honum litid á konung, sem kom inn, svo hann med lotningu tók ofan húsu sína. „Þú verdur ad láta undan, fóeti“, mælti konungur; „þad er ekki anars kostur; þessar ungu persónur vilja út af lísinu eigast. Þar er Kappel hesur nýlega frelsad líf mitt, og Bartel, sem ætladi ad selja mig í hendur Austurríkiðsmönnum, hesur skotid sig, þá bid jeg þig, ad gefa þessum unga manni dóttur þina“. Hann benti á Vilhjálm. Fóetinn stod agudosa, og vissi hvorki upp nje nidur. Þau Vilhjálmur og Anna vorðu

höndunum um háls honum. „Þad getur nú ekki verid ódruvísi“, sagdi konungur hlæjandi; „viltu gesa Kappel dóttur þina“? Þóetinn svatadi hálfstamandi: „Fyrst þjer bjóðid þad, herra konungur“! Konungur mælti, brosand: „Pá er erindinu lokid, og þetta mál komid í bezta horf; láttu nú Kappel segja þjer frá, hvernig allt hefur atvikast. Góðar nætur“! Æd svo mæltu fór konungur burt; hau Vilhjálmur og Anna födmudu föetann, sem enn var hissa, og gátu engu ordid upp komid sýrir fagnadar sakir.

111. Snarrædi.

Í spítala nokkrum sýrir vitskerta menn í þorpi einu á Frakklandi var loptsvali, og þadan mikil og sagurt vidsjóni. Sá, sem átti ad sjána ferdamannum spítalann, hafdi ádur verid vitskertur, en med því hann lengi ekki hafdi látid sjá á sjer nein vitleysumerki, hjeldu menn, ad honum væri albatnad. Madur þessi var hár vexti og rammur ad afli. Svo bar vid einhvern dag, ad hann fór upp á loptsvalann med ferdamanni nokkrum, sem var veikþyggdur og hniginn á efri aldur; vard hann þá allt í einu svo ódur, ad hann preif i hálsklút ferdamannsins, og mælti: „Teg ætla ad fleygja ydur ofan af loptsvalanum; níjer þykir gaman ad sjá, hversu lengi þjer erud á leidinni“. „Sleppid

mjer", svaradi hinn gamli madur; „jeg skal sjána þdur nokkud, sem er langtum skítnara; bídid hjerna vid, þangad til jeg er komin ofan, þá skal jeg stökkva upp á loptsvalann“. Um leid og hann sagdi þetta, sleit hann sig lausan, og hradaði sjer ofan stigann, en hinn vitlausi madur reiddi sig á losord hans, og leyfði honum því ad fara.

112.

Á vitlausra spítalanum í Glasgow var yfirlæknirinn mæta-vel ad sjer, og gaf sig allan vid læknisfrædinni. Sjer í lagi lagdi hann stund á, ad lækna vitsírrta menn, og ljet sjer ekki lynda, ad vitja þeirra vid og vid, heldur var hann tímumum saman hjá heim, þegar heim fór ad batna, án þess ad vid hafa nokkrar varúdarreglur. En vid sjálft lá, ad þessi óvarkárn hans yrði honum ad tjóni. Einhvern dag komu nokkrir þeirra, sem voru á batavegi, til hans og kvortudu yfir því, ad súpan, sem heir fengju, væri mjög slœm, og til ad fullvissa sig um, hvort þessi umkvörtun heirra væri á rökum byggð, fór hann med heim fram í eldhús, og var þar upp yfir geysimikill pottur, sem vall og saud í. Allt í einu hleypur einn af þessum vitfiringum ad honum, hvessir á hann augun og segir: „Læknir! þjer róid í spíki; jeg er við um, ad vid fengjum beztu súpu med því, ad

sjóða ydur; vid skulum reyna". Fjelagar hans fjellust á þetta, og þyrptust utan um lækninn; en hann ljæt sjer ekki bilt vid verda, heldur sagdi: „Bídid þid vid! þetta er mjög vel til fallid; en sjáid þid ekki, ad fætin míن mundu skemma súpuna og gjöra hana bragdslæma; jeg verd hví fyrst og fremst ad fara og afklæda mig". Þetta þótti hinum brjáludu mönnum gild og góð ástæða, svo heir lofudu lækninum ad fara burt úr eldhúsini; en hann kom ekki aptur, eins og næri má geta.

113. Jósef keisari annar á ferdum sínum.

Pegar Jósef keisari 2. í fyrsta sinn ferdadist um Frakkland, kalladi hann sig greifa Falkenstein. Hann kom þar ad pósthúsi einu, og hitti svo á, ad þar vantadi fararskjóta. Póstmeistarinn, sem ekki hefkti keisarann, beiddi hann, ad hafa dálitla þolinmœdi, og sagdi honum frómlega frá hví, ad hann hefði sent hesta sína burt, til ad láta sækja nökkrar frændur og vini, sem hann hefði bedid ad halda syni sínum undir skírn. Af viderendum sínum vid þennan mann komst keisarinn ad því, ad hann var skynsamur madur og föðurlandsvinur, og baðst hann til ad vera skírnarvottur. Póstmeistarinn vard hissa á þessu tilbodi hins ókunnuga manns, en þádi þad þó.


Síðan var farid til kirkjunnar, og presturinn sör ad skíra sveinbarnid; spurdi hann þá skírnarbottinn ad nafni; en hann kvadst heita Jósef. „En ættarnafn yðar“? sagdi prestur. „Hvad þá“? svaradi keisarinn; „jeg hugsadi, að Jósef væri nóg“. „Nei! herra minn!“ anzadi presturinn. „Jæja“, mælti keisarinn, „setjid þjer þá Jósef annar“. Það datt ofan yfir prestinn, og þá, sem vidstaddir voru. Póstmeistarinn fjell honum til fóta; en keisarinn reisti hann blíðlega á sætur, gaf honum góðar gjafir, og losadi að munna eptir syni hans.


Pegar Jósef keisari var á ferd í Ítalíu, þá biladi einu finni hjól á vagni hans, svo hann gat med naumindum komið til næsta bœjar. Pegar hann þangad kom, beiddi hann járnsmíð nokkurn ad gjöra vid vagninn sem skjótaf, svo hann gæti haldid á fram ferdinni. „Teg skyldi gjarna gjöra þad“, mælti járnsmídurinn, „en þad er hátidardagur í dag, og allir eru farnir til messu, svo jeg hef engan til að blásá í smidjunni“. „Elli skal standa á því“, mælti keisarinn; „jeg skal sjálfur blásá; miðer hitnar á því“. Keisarinn bljes, og smidurinn gjørði vid vagnhjólið. „Hvad kostar þad“? mælti keisarinn. „Sex skildinga“, svaradi smidurinn. Jósef fækkt smidnum sex gullpeninga og sör af stað; en smidurinn hljóp á eptir honum og sagdi: „Herra minn! þjer hafid


tekid skakkt til, og fengud mjer sex gullpeninga, en jeg gæti ekki fengid heim víxlad, þó jeg leitadi fyrir mjer í öllum bœnum". „Víxladu heim, þar sem þú getur bezt", mælti keisarinn; „þád, sem afgangs verdur, er fyrir þá skemmtun, sem jeg hafdi af ad bláða".



Kosta óinnheptar 56 sk.









100360165 - 7

